

20

SAMFÉLAGSSKÝRSLA

23



BLUE LAGOON

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	4	06 Mannauður	76
Ávarp forstjóra	6	Fólkið okkar	78
01 Fyrirtækið	8	Lykiltölur 2023	79
Jarðhræringar á Reykjanessakag	10	Fjölbreytileiki og jafnrétti	81
Helstu áherslur 2024	18	Talsmenn jafnra tækifæra	81
Vottanir	19	Þjálfun og fræðsla	82
Viðurkenningar	20	Öryggi og heilsa	84
Eignarhald	22	07 Sjálfbærni í fyrirtækjarekstri	86
Stjórnarhættir	25	B Corp™ vottun	88
Gildi Bláa Lónsins	28	Í átt að aukinni sjálfbærni	90
Leiðarljós og stefnur	29	Samfélagsábyrgð	92
Umfang á markaði	30	Heimsmarkmiðin	95
Samstarfsaðilar	31	Helstu hagaðilar	98
Fjölmíðlar	32	Sjálfbærnivegferð Bláa Lónsins	100
02 Bláa Lónið	34	08 Efnahagsleg áhrif	102
Bláa Lóns fjölskyldan	36	Efnahagsleg áhrif	104
Blue Lagoon Spa	38	Sjálfbærni í innkaupum	107
Silica Hotel	40	09 Umhverfisleg áhrif	108
Lækningalind	42	Umhverfisleg áhrif	110
Matarupplifun	44	Sjálfbærni í grunninn	112
Blue Café	45	Aðgerðir í loftslagsmálum	116
Lava Restaurant	46	Í átt að hringrásarhagkerfi	118
03 The Retreat	48	10 Samfélagsleg áhrif	120
Retreat Hotel	50	Lækningamáttur Lónsins	122
Retreat Spa	52	Samstarf og samstaða	123
Moss Restaurant	54	Tengslamyndunarfundur	124
Spa Restaurant	56	Stuðningur við nærsamfélagið	126
04 Kerlingarfjöll	58	11 Aðferðafræði	128
Fjölskyldan stækkar	60	Um þessa skýrslu	130
05 Blue Lagoon Skincare	62	Nálgun Bláa Lónsins	134
Fyrirtækið	64	Viðmið GRI	137
Húðvörur Blue Lagoon Skincare	65	12 Viðaukar	150
Markaðir	67	Samanburður lykil-	
Verslanir	68	mælikvarða milli ára	152
Sjálfbær fjölnýting		Umhverfistengdir þættir	154
jarðvarmastrauma	70	Félagstengdir þættir	158
Kolefnisjöfnun	70	Efnahagstengdir þættir	174
Vottanir	71	Áherslur í heimsmarkmiðum	176
Verðlaun og viðurkenningar	72	Stefnur Bláa Lónsins	177
Rannsóknir og þróun	74		

20 Samfélags- 23 skýrsla

Ávarp stjórnarformanns



Úlfar Steindórsson
Formaður stjórnar
Bláa Lónsins

Það má með sanni segja að árið 2023 hafi verið viðburðaríkt. Framan af ári gekk mjög vel og leit þetta fyrsta ár eftir hremmingar COVID-19 afar vel út. Reksturinn var yfir áætlun og stefndi í metár.

Þann 25. október hófust jarðhræringar á Reykjanesskaga með kraftmiklum jarðskjálftum. Síðan þá hefur gosið fjórum sinnum í Sundhnúkagígaröðinni, sem er í u.þ.b. 3 km fjarlægð frá Bláa Lóninu, auk þess sem tvö kvikuinnskot hafa átt sér stað. Í þessu samhengi er við hæfi að benda á að í ársskýrslum stjórn Bláa Lónsins undanfarna áratugi hefur ætíð verið bent á náttúruhamfarir sem mögulega ógn við starfsemi félagsins.

Eldsumbrotin hafa haft mikil og truflandi áhrif á rekstur Bláa Lónsins og bera þar hæst ítrekaðar lokanir, skemmdir á nærliggjandi vegum og nú síðast gasmengun á athafnasvæði félagsins í Svartsengi. Mannvirki félagsins hafa engu að síður staðið af sér þessar hamfarir enda byggð í samræmi við íturstu kröfur til að þola jarðhræringar sem þessar.

Þá má ekki gleyma þeirri miklu upplýsingaóreiðu sem hefur fylgt í kjölfar þessara náttúruhamfara, bæði á innlendum og

erlendum mörkuðum. Það er óheppilegt að stjórnvöldum hafi ekki tekist að tryggja yfirvegaða og faglega umræðu, t.a.m. með reglulegum upplýsingafundum þar sem fjölmiðlar gætu aflað upplýsinga sérfræðinga m.t.t. aðstæðna hverju sinni. Þess í stað hefur ítrekað orðið vart við mikla óreiðu, upphrópanir og villandi yfirlýsingar og umfjallanir. Við vitum öll að slíkt elur á óöryggi, hræðslu og tortryggni sem er ekki gott veganesti, hvort heldur sem er gagnvart áfangastaðnum Íslandi eða Bláa Lóninu.

Vegna jarðhræringanna var Bláa Lónið lokað í alls 53 daga á árinu 2023 og hefur verið lokað í samtals 94 daga sé dagurinn í dag meðtalinn. Afleiðingar þessara náttúruhamfara hafa verið umtalsverðar fyrir fyrirtækið en beinn kostnaður Bláa Lónsins vegna jarðhræringa og eldsumbrota nam 2,4 milljörðum króna á síðasta ári og stendur í dag í 5 milljörðum króna. Munar þar mestu um tapaðar tekjur og laun starfsfólks á þeim tíma sem starfsstöðvar í Svartsengi hafa verið lokaðar.

Frá upphafi hefur markmið stjórnenda verið að verja störf en hjá félaginu starfa um 800 manns. Þar af er ríflega helmingur starfsmanna búsettur á Reykjanesi.

Mannauðurinn er ein af mikilvægustu auðlindum félagsins og hefur tekist að viðhalda ráðningarsambandi við allt starfsfólk á þessu eldsumbrotatímabili.

Þrátt fyrir að við hjá Bláa Lóninu höfum glímt við fyrrnefndar áskoranir eru þær léttvægar í samanburði við þær ótrúlegu aðstæður sem hafa blasað við íbúum Grindavíkur vegna þessara hamfara. Hugur okkar er og hefur verið hjá öllu þessu fólk, þar með talið þeim 150 starfsmönnum okkar sem búsettir voru í Grindavík.

Þá ber að nefna sérstaklega það verkfræðilega og framkvæmdalega afrek sem unnið hefur verið á undanföllum mánuðum með byggingu varnargarða auk endurbyggingar vega og endurnýjun lagnakerfa yfir nýrunnið hraun.

Þrátt fyrir lokanir og tekjutap síðustu tvo mánuði ársins námu tekjur félagsins um 140 milljónum evra. EBITDA félagsins nam 38,8 milljónum evra. Hagnaður ársins, eftir skatta, nam 18,3 milljónum evra og jókst hann um 7,7 milljónir evra frá árinu á undan. Eiginfjárhlutfall félagsins í árslok var 57%.

Líkt og fyrri ár skilar Bláa Lónið umtalsverðum tekjum í ríkissjóð en skattspor félagsins nam 4,9 milljörðum króna árið 2023. Það er því óumdeilt að framlag félagsins til þjóðarbúsins er mikið. Þá verstaði Bláa Lónið vörur og þjónustu af birgjum og verktökum fyrir um 6,2 milljarða króna á árinu. 90% viðskiptanna voru við innlenda birgja og verktaka, þar af um 20% innan Suðurnesja. Fyrir vikið skiluðu um 5,6 milljarðar króna sér aftur inn í íslenskt hagkerfi.

Nokkrar breytingar og tilfærslur voru gerðar á skipulagi félagsins á árinu. Sérstakt eignarhaldsfélag var stofnað utan um samstæðuna og hlaut það nafnið Bláa Lónið hf. en starfsemi félagsins í Svartsengi var gefið nafnið Bláa Lónið Ísland ehf. Breytingarnar endurspeglar enn betur rekstur samstæðunnar sem verður sífellt fjölbreyttari. Því til marks má nefna nýafstaðna uppbyggingu hálendismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum og fyrirhugaðar framkvæmdir í Þjórsárdal auk áframhaldandi áherslu á markaðssetningu húðvara félagsins erlendis. Helstu markmið þessara breytinga eru að dreifa áhættu í rekstri, einfalda skipulag og skerpa bæði sýn og áherslur einstakra rekstrareininga.

Í febrúar 2023 keypti Bláa Lónið 20% hlut í Íslenskum heilsulindum ehf. sem félagið

á nú að fullu. Á vormánuðum festi félagið svo kaup á jörðinni Hoffelli í Öræfum sem grunn til uppbyggingar vegna starfsemi á Suðausturlandi, en ónýtt vaxtartækifæri í ferðaþjónustu eru mikil í þeim landshluta. Þá voru fest kaup á Hrauneyjum við Fjallabak sem tilheyra uppbyggingaráformum félagsins í Þjórsárdal og nágrenni.

Eins og hluthöfum er kunnugt um var stefnt að skráningu félagsins á aðalmarkað Nasdaq nú á vormánuðum. Þessum áformum hefur af eðlilegum ástæðum verið frestað og er nú horft til vorsins 2025. Endanleg tímasetning mun þó ráðast af markaðsaðstæðum og framvindu þeirra jarðhræringa sem enn standa yfir.

Mikið hefur borið á fréttum um að jarðhræringarnar á Reykjanesi og lokun Bláa Lónsins hafi haft neikvæð áhrif fyrir ferðaþjónustu á Íslandi. Við teljum að sú staðreynd sé rétt, til skamms tíma lítið, enda hefur það sýnt sig hve mikið aðdráttarafl Bláa Lónið hefur. Lokanir starfseminnar hafa því sett stórt strik í reikninginn hjá íslenskri ferðaþjónustu. Við trúum því þó staðfastlega að þessir atburðir muni til lengri tíma lítið auka áhuga ferðamanna á Íslandi, Reykjanesi og sérstaklega Bláa Lóninu.

Fyrir hönd stjórnarinnar vil ég nota þetta tækifæri til að þakka forstjóra og framkvæmdastjórn fyrir magnaða frammistöðu við þær fordæmalaus áskoranir sem félagið hefur staðið frammi fyrir á undanföllum mánuðum sem og öllu starfsfólki fyrir óeigingjarnt og framsækið starf við krefjandi aðstæður. Jafnframt þakka ég samstjórnarfélagi mínum í stjórn Bláa Lónsins ánægjulegt samstarf og góða samstöðu. Sérstaklega vil ég þakka Steinari Helgasyni og Önnu G. Sverrisdóttur fyrir gott samstarf en þau láta nú af störfum í stjórn félagsins.

Við trúum því að framtíðin sé björt og að viðsýrnan hefjist „enn og aftur“ fyrr en síðar.

Ávarp forstjóra



Grímur Sæmundsen
Forstjóri

Orðatiltækið „skjótt skipast veður í lofti“ var afar einkennandi fyrir rekstrarárið 2023. Segja má að árið hafi skipst í tvö afar ólík tímabil. Annars vegar er það meginhluti ársins, þegar stefndi í metár í rekstri og starfsfólk lagðist á eitt um að ná metnaðarfullum áætlunum. Hins vegar er það síðasti hluti ársins, nóvember og desember, þegar þörf var á að verja rekstur og störf og bregðast við síbreytilegum áskorunum vegna jarð- og eldhræringa.

Þessar náttúruhamfarir settu heldur betur sitt strik í reikninginn. Starfsstöðvar félagsins í Svartsengi voru lokaðar í 53 daga í lok síðasta árs og nú þegar þetta er skrifað, í byrjun apríl 2024, hefur verið lokað í 41 dag það sem af er þessu ári. Eðli málsins samkvæmt hefur mikilli orku verið varið í að aðlagast breyttu landslagi og skilja eðli jarðhræringanna. Sem dæmi má nefna byggingu varnargarða, breytt vegakerfi og aðlögun frekari uppbyggingar að starfsemi innan varnargarða.

Frá því að jarðhræringar hófust hefur fyrirtækið þurft að loka starfsstöðvum sínum í Svartsengi fjórum sinnum. Við hverja

opnun hefur starfsemi verið aðlöguð að nýjum veruleika. Takmarkanir tengdar akstursleiðum og lokunarpóstum voru yfirstignar. Metnaðarfullar rýmingaráætlanir, þjálfun starfsmanna og upplýsingagjöf til gesta skiluðu góðum árangri. Sama máli gegnir um undirbúning vegna næturgesta hvað varðar skilvirkan flutning á aðra gisti-staði. Fagleg vinnubrögð starfsfólks okkar voru einstök og einkenndust af þrautseigju og skilningi gagnvart gestum. Mjög góðar og jákvæðar niðurstöður kannanna, sem gestir í rýmingu tóku þátt í, sýna og sanna hversu mikilvægt það er að sýna yfirvegum og hafa stjórn á mjög ögrandi aðstæðum, líkt og raunin var í fyrrgreindum rýmingarferlum.

Sem fyrr leggur Bláa Lónið ríka áherslu á sjálfbærni og umhverfismál í rekstri og starfsháttum og er þar í fararbroddi. Sérstaklega er unnið eftir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, einkum þeim sem snúa að heilsu og líðan, hreinni orku, nýsköpun, ábyrgri neyslu og framleiðslu og loftslagsaðgerðum. Það var því einkar ánægjulegt þegar Bláa Lónið Ísland ehf., þ.m.t. dótturfélagið Blue Lagoon Skincare

ehf. (sem áður hét Bláa Lónið heilsuvörur ehf.), hlaut alþjóðlega sjálfbærnivottun B Corp™ á árinu, annað íslenskra fyrirtækja. Vottunin staðfestir að fyrirtæki uppfylli ríkar félagslegar og umhverfislegar kröfur og geti sýnt fram á raunverulegan árangur, ábyrgð og gagnsæi á þeim sviðum. Þessi viðurkenning, auk fleiri sem félagið hlaut á árinu, kallast vel á við leiðarljós Bláa Lónsins, „Wellbeing for People and Planet“, en það hefur einkennt öll störf fyrirtækisins frá fyrstu tíð. Á sama tíma eru slíkar viðurkenningar afar mikilvæg hvatning til áframhaldandi góðra verka.

Félagið er afar stolt af Michelin stjörnunni sem veitingastaðurinn Moss á Retreat Hotel hlaut á árinu. Þá var Bláa Lónið kosið besta íslenska vörumerkið af vörumerkjastofunni brandr og vefur fyrirtækisins besti söluvefur ársins samkvæmt Samtökum vefiðnaðarins.

Nýtt stjórnskipurit félagsins var kynnt á árinu. Það skerpir enn frekar á sérstöðu hverrar rekstrareiningar og þjónustugæðum. Á sama tíma styður það vel við vöxt rekstrareininga sem ekki eru staðsettar í Svartsengi. Breytingar voru gerðar á tveimur stoðsviðum. Nýtt svið, Sala, rekstur og þjónusta, var stofnað og sviðinu Brand, hönnun og nýsköpun var breytt í Brand, markaðsmál og viðskiptaþróun sem annast m.a. hönnun og nýframkvæmdir. Þá er Blue Lagoon Skincare nú rekið sem sjálfstætt dótturfélag og hefur verslanarekstur samstæðunnar verið færður undir félagið.

Frá upphafi hefur fyrirtækið stutt við nærumhverfi sitt með markvissum hætti. Árið 2023 var þar engin undantekning en Bláa Lónið veitti samfélagsstyrki fyrir 220 milljónir króna á árinu. Þar var íþrótta- og ungmennastarf í öndvegi ásamt margvíslegum heilsu-, menningar- og umhverfisverkefnum.

Metnaðarfullri þróun á rekstri og starfsemi Blue Lagoon Skincare var haldið áfram á árinu, m.a. með áherslubreytingum sem hafa stuðlað að aukinni sölu erlendis,

einkum á Ameríkumarkaði, auk þess sem húðvörurnar halda áfram að sanka að sér verðlaunum og viðurkenningum fyrir einstaka virkni og umhverfisvitund. Þetta er mikið ánægjuefni.

Viðskiptaþróun félagsins heldur stöðugt áfram. Í þeim efnum má nefna uppbyggingaráform heilsutengdrar ferðaþjónustu annars staðar á landinu þar sem sérþekking og reynsla innan fjölskyldu Bláa Lónsins hefur nýst sérstaklega vel. Á árinu stendur opnun nýrrar og endurbættrar aðstöðu í Kerlingarfjöllum hæst. Sú framkvæmd hefur vakið verðskuldaða athygli jafnt innanlands sem erlendis. Þá heldur uppbygging í Þjórsárdal áfram af krafti.

Grunnstöð og hjarta starfseminnar mun þó ávallt vera Bláa Lónið í Svartsengi, enda er jarðsjórinn einstakur á heimsvísu. Uppruninn, virku innihaldsefnin, vistkerfið og lækningamátturinn eiga sér einfaldlega enga hliðstæðu.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka öllu starfsfólki fyrir frábæra frammistöðu á krefjandi rekstrarári. Félagið býr að einstökum mannaúði sem hefur ítrekað sýnt óbilandi þrautseigju og frumkvæði til að sigla farsællega í gegnum þá öldudali sem við höfum þurft að takast á við á undanförunum árum.

Það er trú mín að þessum náttúruhamförum, sem hófust í nóvember sl. og eru kenndar við Sundhnúkagígargöðina, muni ljúka á næstu vikum. Nú sem endranær horfum við fram á veginn með drifkraft og bjartsýni að leiðarljósi.



Fyrirtækið

01

Jarðhræringar á Reykjanesskaga

Rekstrarskilyrði þegar óvissan er fasti.

Í desember 2019 hófst umbrotatímabil á Reykjanesskaga með jarðskjálftavirkni, kvikuhreyfingum og eldgosum. Fyrstu skýru merkin um kvikuhreyfingar í yfirstandandi umbrotahrinu komu fram þann 21. janúar árið 2020. Þá jókst skjálftavirkni umtalsvert og mælingar sýndu fram á aflögun jarðskorpunnar. Þessir atburðir mörkuðu fyrsta tímabil landriss við Svartsengi. Fyrsta myndun kvikugangs (svokallað gangainnskot) og svo eldgos áttu sér aftur á móti stað við Fagradagsfjall, en frá febrúar 2021 til ágúst 2023 urðu þar fjögur gangainnskot og þrjú eldgos. Helsti munurinn á eldgosunum við Fagradagsfjall og þeim sem hafa brotist út í Sundhnúkagígaröð til þessa felst í eðli kvikusöfnunar og ferðalagi hennar undir jarðskorpunni.

Í lok október 2023 dró aftur til tíðinda þegar skjálftavirkni jókst til muna og varð loks til þess að Grindavík var rýmd. Bláa Lónið hafði lokað starfsstöðvum sínum deginum áður í varúðarskyni. Starfsstöðvar fyrirtækisins í Svartsengi voru þá lokaðar í 38 daga eða fram til 17. desember. Aðeins degi síðar hófst fyrsta eldgos í þeirri umbrotahrinu sem hefur staðið yfir síðan, en nú hafa alls orðið fjögur eldgos við Sundhnúkagígaröð. Vegna þessara atburða var Bláa Lónið lokað í alls 53 daga á árinu 2023 og hefur verið lokað í samtals 94 daga þegar þessi skýrsla er skrifuð.

Afleiðingar þessara atburða hafa verið umtalsverðar fyrir Bláa Lónið en beinn kostnaður félagsins vegna jarðhræringa og eldsumbrota til þessa nemur um 5 milljörðum króna. Munar þar mestu um tapaðar tekjur og laun starfsfólks á þeim tíma sem starfsstöðvar í Svartsengi voru lokaðar.

Félagið hefur kappkostað að vinna með óvissunni þrátt fyrir óhefðbundinn rekstur,

óstöðugleika og óvissuástand síðustu mánuði. Starfsemin í Svartsengi er samfélaginu afar dýrmæt enda telur starfsfólk félagsins um 800 manns. Því er afar mikilvægt að tryggja gott rekstrarflæði og að hægt sé að opna starfsstöðvar hratt og örugglega eftir lokun vegna jarðhræringa og eldsumbrota.

Á þessu tímabili var farið í kjölinn á upplýsingaflæði til gesta og viðskiptavina vegna ástandsins. Upplýsingafundir voru haldnir reglulega með starfsfólki, stuðningur veittur þeim sem á þurftu að halda og þess gætt að sérstaklega vel væri haldið utan Grindvíkinga sem misstu heimili sín og nærsamfélag.

Þá voru upplýsingar til gesta rýndar til hlítar og þeir upplýstir um stöðu mála, bæði fyrir komu og við komu í starfsstöðvar. Sérstök lendingarsíða var sett upp á vefsvæði Bláa Lónsins í þeim tilgangi að miðla upplýsingum um ástandið, jafnt þegar rekstur var opinn og lokaður. Auk þess voru samfélagsmiðlar, tölvupóstar og stafrænir miðlar innanhúss nýttir til hins ítrasta til að miðla upplýsingum á sem bestan og skýrastan hátt. Framlínustarfsfólk sá einnig til þess að ítreka stöðuna við gesti þegar í hús var komið og fara yfir rýmingarferla.

Sérstakir varnargarðar hafa verið byggðir á svæðinu, meðal annars umhverfis starfsstöðvar Bláa Lónsins í Svartsengi. Þeir eru hannaðir til að varna mögulegu hraunflæði leið að mikilvægum innviðum. Aðgerðin tekur tillit til mögulegra sviðsmynda ef til eldgoss kæmi að mati sérfræðinga. Líklegast þykir að eldgos brjótist út á sömu slóðum og áður, utan varnargarðanna. Samkvæmt mælingum sérfræðinga þykir líklegast að kvika leiti frá Svartsengi, þar sem jarðskorpan er þykk og þétt og því



erfitt fyrir hana að brjótast upp á yfirborðið. Þess í stað muni kvikan leita í sömu áttir og áður, að þekktum sprungum þar sem eldgos hafa þegar brotist út og jarðskorpan er veikari.

Vegna þessara umbrota hefur nú þurft að rýma allar starfsstöðvar Bláa Lónsins í Svartsengi fjórum sinnum; tvisvar að næturlagi, einu sinni að degi til og nú síðast að kvöldi til. Frá því að landris hófst í lok október 2023 hefur fyrirtækið lagt ómældu vinnu í að endurskoða og bæta alla verkferla er varða öryggi og rýmingu til að tryggja bestu mögulegu viðbrögð í neyðartilvikum. Með reglulegri og ítarlegri þjálfun, einkum á rýmingarferlum, hefur starfsfólk öðlast dýrmæta reynslu og færni í að bregðast skjótt og örugglega við, hvort sem um er að ræða jarðhræringar eða eldgos.

Könnun til gesta sem upplifðu rýmingu
Rýmingar hafa tekist afar vel og sendi félagið út kannanir til þeirra gesta sem

Umsögn frá Retreat Hotel gesti sem upplifði rýmingu þann 16. mars 2024

The hotel was so professional! Very calm and helpful. We are just so sad our trip was cut short but very pleased no injuries or damage occurred. We will come back when seismic activity has calmed down.

Umsögn frá gesti Bláa Lónsins sem upplifði rýmingu þann 16. mars 2024

It was an incredible experience! The organisation perfect, also the way you organise the moment. I never felt panic. Great job!

upplifðu rýmingu til að læra af ferlinu, afla upplýsinga um það sem gekk vel og greina þörf á úrbótum. Viðurkenning og endurgjöf frá gestum eru ómetanlegar í þessu samhengi og gefa tækifæri til að meta árangur og læra af reynslunni. Gestir hafa verið hvattir til að deila upplifun sinni og ábendingum, sem fyrirtækið nýtir í stöðugri umbótavinnu við að fínstilla verkferla og tryggja framúrskarandi öryggi og þjónustu.

Tilgangur: Könnunin miðar að því að safna mikilvægum upplýsingum og umsögnum frá gestum til að bæta rýmingarferlið.

Þátttakendur: Gestir í Bláa Lóninu, The Retreat og Silica sem þurftu að yfirgefa svæðið vegna jarðhræringa. Könnun var send í tölvupósti tveimur dögum eftir rýmingu.

Hönnun: Stafræn spurningakönnun með bæði lokuðum og opnum spurningum.


Umsögn frá Silica Hotel gesti sem upplifði rýmingu þann 8. febrúar 2024

Waking up to the alarm was terrifying but the hotel staff were wonderful. The joke "good morning, checking out today?" made by one of the staff when we got to the reception meeting point made me laugh which I appreciated! When the police came in seemingly very panicked telling us we needed to go right away (but we were still waiting for the bus to arrive) was a little nerve racking. But it all worked out. Thanks for taking such good care of us!


Umsögn frá gesti Bláa Lónsins sem upplifði rýmingu þann 2. mars 2024

I think the staff dealt with it very well under the circumstances. We were a little disappointed as we had just ordered food and had to leave.

How satisfied are you with the overall evacuation process?




NPS einkunn vegna rýminga



Tímalína

Áhrif jarðhræringa og eldgosa á starfsemi Bláa Lónsins



Lykiltölur 2023

794

starfsmenn
í árslok

174.700

tré gróðursett
síðan 2019

57%

endurvinnslu-
hlutfall

220

m.kr. til
samfélagsins

223

námskeið haldin
fyrir starfsfólk

20%

verslað innan
nærnsamfélags

6,2

milljarðar kr. til
íslenskra birgja

98,6

stig í B Corp™
vottun

VOTTAD
STJÓRN-
KERFI

95%

umhverfisvænni
umbúðir húðvara

JÖFN STAÐA
KYNJANNA

40

þjóðerni
starfsfólks

Helstu áherslur 2024

Áhersla verður lögð á frekari umbætur samkvæmt viðmiðum B Corp™ að aukinni sjálfbærni og aðlögun stjórnkerfis félagsins að nýjum rekstrareiningum og kröfum ESB.



Helstu áherslur í rekstri félagsins snúa að fjórum lykilþáttum; upplifun gestsins, fyrirtækjamenningu, skilvirkni í rekstri og vexti félagsins. Innri gildi félagsins, We care, We respect, We bring joy, We create memories og We inspire hafa einnig verið innri áttaviti Bláa Lónsins í daglegum störfum. Matstól B Lab™ aðstoðar félagið við að finna bestu leiðir til að auka sjálfbærni með innbyggðu umbótatóli til að auka stigafjölda. Þar að auki hefur félagið metið

frammistöðu sína m.t.t. heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, sem eru einnig innbyggð í umbótatól B Lab.

Áhersla verður lögð á að nýjar rekstrareiningar félagsins falli að vottuðu stjórnkerfi þess. Stjórnkerfi félagsins verður einnig aðlagð að nýjum kröfum ESB um upplýsingagjöf, ESRS kröfum CSRD og Taxonomy, þannig að viðeigandi gögn liggi fyrir og að langtíamarkmið félagsins samræmist þeim áherslum.

Lykilþættir	Skilgreining	Langtíamarkmið til næstu þriggja ára
Upplifun gestsins	Að bóða viðskiptavinum upp á einstakar vörur og þjónustu-upplifanir.	Að auka stöðugt ánægju viðskiptavina og styrkja vörumerki félagsins innanlands sem og erlendis.
Vöxtur félagsins	Að vöxtur einkennist af sjálfbærri verðmætasköpun.	Að velta ársins verði umfram veltu síðasta árs.
Fyrirtækjamenning	Sameiginleg sýn og ábyrgð allra að skapa eftirsóttan vinnustað og að vera ógleymanlegir gestgjafar.	Teymismiðuð fyrirtækjamenning. Markmið um 90% NPS skor starfsmanna fyrir árið 2024.
Skilvirkni í rekstri	Framúrskarandi rekstrar-árangur, sjálfbær þróun og stöðugar umbætur.	Skilvirk og hröð aðlögun í samræmi við leiðarljós félagsins.

Ávallt er tekið mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna en sérstök áhersla er lögð á eftirfarandi markmið:



Vottanir

Með gæði og gagnsæi að leiðarljósi er Bláa Lónið leiðandi afl innan ferðapjónustunnar á Íslandi.

B Corp™: Alþjóðleg sjálfbærnivottun

Bláa Lónið í Svartsengi og Blue Lagoon Skincare hlutu B Corp vottun sumarið 2023. Vottunin er framkvæmd af B Lab™ sem er sjálfseignarstofnun með áherslu á að umbreyta hagkerfi heimsins til að gagnast öllu fólki, samfélögum og náttúrunni. Vottunin fer fram með rafrænu stöðumati, gagnaskilum og fundum, sem mæla áhrif þvert á fyrirtæki og mynda ramma fyrir stöðugar umbætur í átt að enn frekari sjálfbærni.

Vottað stjórnkerfi

Stjórnkerfi Bláa Lónsins hlaut endurvottun árið 2023 samkvæmt þekktustu og virtustu alþjóðlegu stjórnunarstöðlum heims; ISO9001 hvað varðar gæðastjórnun, ISO14001 hvað varðar umhverfisstjórnun og ISO45001 hvað varðar heilsu- og öryggisstjórnun fyrirtækisins.

ÍST85: Jafnlaunakerfi



Árið 2018 hlaut Bláa Lónið vottun á jafnlaunakerfi fyrirtækisins í samræmi við ÍST85:2012 frá hendi BSI á Íslandi. Með því að uppfylla kröfur þessa staðals tryggir fyrirtækið að starfsfólk þess njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni, kynþætti eða öðrum örökstuddum viðmiðum.

Vakinn: Íslensk vottun fyrirtækja í ferðapjónustu

Bláa Lónið hefur verið með vottun frá Vakanum síðan 2014. Undir hana falla Bláa Lónið, Lava Restaurant og Blue Café. Ferðamálastofa sá um þessar vottanir í upphafi en árið 2019 var fyrirtækið vottað af BSI á Íslandi og vottunin var útvíkkuð með gullmerki í umhverfismálum; fimm stjörnu Superior vottun á Retreat Hotel og fjögurra stjörnu Superior vottun á Silica Hotel. Þessar vottanir staðfesta þá framúrskarandi þjónustu og aðstöðu sem Bláa Lónið býður upp á.

Bláfáninn: Alþjóðleg vottun á öryggi og hreinlæti baðstranda

Bláa Lónið hefur viðhaldið Bláfánanum frá upphafi þegar Landvernd tók hann upp hér á landi árið 2002. Úttektirnar eru nú framkvæmdar af óháðri vottunarstofu, Túni ehf. Bláa Lónið hlaut vottun árið 2023, rétt eins og fyrri ár. Hinn táknræni Blái fáni er ein þekktasta viðurkenning í heimi fyrir strendur, smábátahafnir og sjálfbæra ferðamennsku. Til að geta fengið Bláfánann þarf að uppfylla og viðhalda fjölda strangra umhverfis-, mennta-, öryggis- og aðgengisviðmiða. Þessi vottun tryggir enn frekar öryggi og vellíðan gesta. Árið 2023 fagnaði félagið 20 ára samstarfi og vottun Bláfánans.



Viðurkenningar

Verðlaun og viðurkenningar — hvatning til áframhaldandi góðra verka.

Bláa Lónið leggur mikinn metnað í að vera til fyrirmyndar í allri sinni starfsemi. Þau verðlaun og viðurkenningar sem félaginu hafa hlotnast á síðastliðnum árum eru mikil hvatning til áframhaldandi góðra verka. Þannig leggur Bláa Lónið sitt af mörkum sem leiðandi afl innan ferðaþjónustunnar á Íslandi.

Brandr: Besta íslenska vörumerkið

Bláa Lónið hlaut viðurkenningu brandr sem besta íslenska vörumerkið árið 2023. Félagið var tilnefnt í flokki fyrirtækja með 50 starfsmenn eða fleiri og var valið úr hópi frábærra vörumerkja sem hafa unnið góð störf við stefnumiðaða vörumerkjastýringu.

Gullmerki Jafnvægisvogarinnar 2023

Jafnvægisvogin er hreyfiaflsverkfni á vegum FKA – Félags kvenna í atvinnulífinu, en þetta er annað árið í röð sem Bláa Lónið hlýtur þessa viðurkenningu. Viðurkenning Jafnvægisvogarinnar staðfestir góðan árangur á sama tíma og hún er hvatning til áframhaldandi góðra verka á þessari mikilvægu vegferð.

Hvatningarverðlaun Ábyrgar ferðaþjónustu

Bláa Lónið hlaut einnig viðurkenningu á árinu sem er sérstaklega veitt þeim fyrirtækjum sem hafa grunnildi sjálfbærni, hringrásarhagkerfis og nærandi ferðaþjónustu að leiðarljósi í allri sinni starfsemi. Frá upphafi höfum við lagt ríka áherslu á umhverfismál og ábyrgð í viðskiptaháttum með það markmið að skapa verðmæti fyrir bæði náttúru og nærsamfélag.

Michelin stjarna

Á árinu 2023 hlaut veitingastaðurinn Moss, við The Retreat í Bláa Lóninu, Michelin stjörnu í fyrsta sinn við hátíðlega athöfn í Turku í Finnlandi. Þetta er í fyrsta skipti sem veitingastaður sem er hluti af hóteli hlýtur slíka viðurkenningu hér á landi.

Unnið hefur verið að uppbyggingu Moss Restaurant síðan The Retreat opnaði árið 2018. Aggi Sverrisson yfirkokkur og stórkostlegt teymi hans hafa nú loks fengið stjórnuna eftirsóttu eftir að hafa fengið Michelin Recommended viðurkenningu síðastliðin tvö ár.



Brand, menning og gildi



Ferða- og gistiþjónusta



Hönnun og arkitektúr



Eignarhald

Fjölpættari rekstur Bláa Lónsins hf.

Nokkrar breytingar og tilfærslur voru gerðar á eignarhaldsskipulagi félagsins á árinu. Stofnað var sérstakt eignarhaldsfélag utan um samstæðu félagsins. Nýja eignarhaldsfélagið hlaut nafnið Bláa Lónið hf. en starfsemi félagsins í Svartsengi var gefið nafnið Bláa Lónið Ísland ehf.

Þessar breytingar eru liður í áætlun félagsins að dreifa áhættu með auknum rekstri utan Svartsengis. Í því samhengi má nefna uppbyggingu hálandismiðstöðvar í Kerlingarfjöllum, fyrirhugaðar framkvæmdir í Þjórsárdal og aukna áherslu á markaðssetningu húðvara félagsins erlendis.

Breytingarnar munu einfalda skipulag, skerpa sýn og leggja áherslu á fjölpættari rekstrareiningar félagsins með það í huga að auka hagkvæmni í rekstri.

Í febrúar 2023 keypti Bláa Lónið Hrauneyjar við Fjallabak auk 20% hlutar í Íslenskum heilsulindum ehf. og á félagið það nú að fullu. Í júlí festi Bláa Lónið síðan kaup á jörðinni Hoffelli í Hornafirði. Þessar fjárfestingar tilheyra vegferð fyrirtækisins til framtíðar.

Eignarhlutar Bláa Lónsins hf. í dótturfélögum þann 1. september 2023

Eftirfarandi félög eru innan samstæðu Bláa Lónsins hf. og munu þau öll verða að fullu í eigu hins nýja eignarhaldsfélags:

Bláa Lónið Ísland ehf.

Félagið annast allan rekstur í Svartsengi. Undir hann fellur baðstaðurinn Bláa Lónið, Blue Café, veitingastaðurinn Lava og Sílica Hotel, auk The Retreat þar sem er að finna lúxushótel með 60 svítum, Retreat Spa, Spa Restaurant og Michelin veitingastaðinn Moss. Þá fellur einnig undir reksturinn Lækningalind félagsins og Rannsókn- og þróunarsetur.

Eldvörp ehf.


Félagið rekur allar fasteignir félagsins.

Blue Lagoon Skincare ehf.

Félagið annast þróun, framleiðslu og sölu húðvara innanlands og erlendis.


Íslenskar heilsulindir ehf.

Eignarhaldsfélag um hluti í öðrum baðstöðum og ýmis þróunarverkefni, þ.m.t. uppbyggingu félagsins í Kerlingarfjöllum, Þjórsárdal, Hrauneyjum og Hoffelli.



Stjórnskipurit Bláa Lónsins

Nýtt skipurit félagsins var kynnt á árinu. Það skerpir enn frekar á sérstöðu hvefrrar rekstrareiningar og þjónustugæðum. Á sama tíma styður það vel við vöxt rekstrareininga sem ekki eru staðsettar í Svartsengi. Þá voru breytingar gerðar á tveimur stoðsviðum. Nýtt svið, Sala, rekstur og þjónusta, var stofnað og sviðinu Brand, hönnun og nýsköpun var breytt í Brand, markaðsmál og viðskiptaþróun sem annast m.a. hönnun og framkvæmdir. Þannig hafa þróunarverkefnið fengið sérstakt svið. Þá er Blue Lagoon Skincare nú rekið sem sjálfstætt félag.



Stjórnarhættir

Stjórn Bláa Lónsins hf. leggur ríka áherslu á að innleiða og viðhalda góðum stjórnarháttum.

Með því að skýra sem best hlutverk og ábyrgð stjórnenda er þeim auðveldað að rækja störf sín. Þannig er hagur hluthafa og annarra hagaðila treystur, innviðir fyrirtækjanna styrktir og samkeppnishæfni aukin. Stjórnarhættir félagsins eru markaðir af

lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar.

Tvær undirnefndir stjórnar eru starfræktar innan Bláa Lónsins; endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd.



Nýja skrifstofubygging Bláa Lónsins í Urriðaholti, Garðabæ.



Stjórn Bláa Lónsins árið 2023


Úlfar Steindórsson
Stjórnarformaður



Ágústa Johnson
Stjórnarmaður



Erla Ósk Ásgeirsdóttir
Stjórnarmaður



Jón Sigurðsson
Stjórnarmaður



Ragnar Guðmundsson
Stjórnarmaður



Steinar Helgason
Stjórnarmaður



Anna G. Sverrisdóttir
Varamaður í stjórn




Framkvæmdastjórn Bláa Lónsins árið 2023

Grímur Sæmundsen
Forstjóri




Ása Brynjólfsdóttir
R&D, Lækningalind,
gæði og sjálfbærni



Helga Árnadóttir
Sala, rekstur
og þjónusta



Helgi Júlíusson
Fjármál, viðhald og
innkaup



Sigrún Halldórsdóttir
Mannauður, öryggi og
heilsa



Sigurður Long
IT og stafræn þróun



Sigurður Þorsteinsson
Brand, markaðsmál
og viðskiptaþróun



Garðar Gíslason
Lögmaður, situr fram-
kvæmdastjórnarfundi

Gildi Bláa Lónsins

Bláa Lónið starfar eftir fimm gildum sem saman miða að því að skapa einstaka upplifun fyrir gesti og hvetjandi fyrirtækjamenningu fyrir starfsfólk.



Einstakar minningar

Hvern einasta dag sköpum við ógleymanlegar minningar sem gestir okkar frá öllum heimshornum taka með sér heim.



Gleði

Við gleðjumst saman og gleðjum gesti okkar. Við skemmtum okkur saman í vinnunni og utan hennar.



Innblástur

Með hugmyndaauðgi, teymisvinnu og nýsköpun að leiðarljósi göngum við ávallt skrefinu lengra í því að hvetja hvert annað áfram og að þjónusta gesti okkar sem best.



Virðing

Við berum virðingu fyrir umhverfi og einstakri náttúru. Við berum virðingu fyrir hvert öðru og mismunandi menningarheimum gesta og starfsfólks.



Umhyggja

Vellíðan og öryggi gesta og starfsfólks skiptir okkur öllu máli. Okkur er annt um hvert annað og við kappkostum að skapa öruggan og heilbrigðan vinnustað.

Leiðarljós og stefnur

Leiðarljós Bláa Lónsins kjarnar stefnu fyrirtækisins að sjálfbærri framtíð fyrir alla.

Skýr áhersla er lögð á sjálfbærni í stefnu-mótun Bláa Lónsins. Hún stuðlar að aukinni skilvirkni, bættu skipulagi, markmiðasetningu og þar með velgengni félagsins – hvort sem á hana er litið frá fjárhags-, samfélags- eða umhverfissjónarmiði. Með stöðugri þróun stefnir fyrirtækið að sjálfbærri framtíð fyrir alla, land og lýð, samkvæmt leiðarljósinu Wellbeing for People and Planet.

Leiðarljós Bláa Lónsins

*Wellbeing for
People and Planet*

Stefnur Bláa Lónsins ná yfir fjölbreytta málaflokka sem tengjast rekstri og framtíðarsýn félagsins. Þeim er fylgt eftir með árlegri markmiðasetningu til að tryggja að félagið fylgi markvisst tilgangi sínum og framtíðarsýn.

Í viðauka má finna eftirfarandi stefnur félagsins:

- Meginstefna Bláa Lónsins
- Gæðastefna
- Heilsu- og öryggisstefna
- Umhverfisstefna
- Samfélagsstefna
- Mannauðsstefna
- Jafnlaunastefna
- Launastefna
- Stefna gegn áreitni, einelti og ofbeldi á vinnustaðnum



Umfang á markaði

Á árinu hélt Bláa Lónið áfram vegferð sinni í uppbyggingu heilsutengdrar ferðaþjónustu víða um land.

Á árinu hélt Bláa Lónið áfram vegferð sinni í uppbyggingu heilsutengdrar ferðaþjónustu víða um land, sér í lagi þar sem hvers konar baðupplifun er í forgrunni. Sérþekking og reynsla innan félagsins nýtist þar vel. Þannig er Bláa Lónið þátttakandi í uppbyggingu baðstaða á Norður- og Austurlandi í gegnum Íslenskar heilsulindir svo dæmi sé tekið.

Í júlí á síðasta ári voru dyrnar að nýrri og endurbættri aðstöðu í Kerlingarfjölum opnaðar. Einstök hönnun, þjónustugæði, sjálfbærni í rekstri og umhverfisvitund eru leiðarstefin við uppbyggingu á þessu viðkvæma svæði. Með uppbyggingunni er gott aðgengi gesta að svæðinu tryggt á sama tíma og virðing fyrir einstakri náttúru og sögu er varðveitt. Við þróunarverkefni sem þessi er gott samstarf við nærsamfélög, stjórnvöld og viðeigandi stofnanir afar mikilvægt og ber að þakka. Í mars 2024 opnuðu svo böðin í Kerlingarfjölum, sem er síðasti áfanginn í uppbyggingunni.

Áfram var unnið að undirbúningi vegna uppbyggingar ferðaþjónustu í Þjórsárdal

á árinu. Jarðvegsframkvæmdir hófust við Fjallaböðin síðasta sumar og stefnt er að því að hefja uppsteypu sumarið 2024. Þar verður um að ræða baðstað og 42 herbergja hótél sem svipa mun til The Retreat hvað varðar þjónustu og framboð. Áætlað er að opna Fjallaböðin snemma árs 2027.

Samhliða þessu hefur verið unnið að undirbúningi Gestastofu Þjórsárdals sem verður staðsett í mynni dalsins. Í Gestastofunni verður móttaka fyrir Fjallaböðin, upplýsingamiðstöð, sýningarhald um Þjórsárdal og veitingaþjónusta. Í skóginum umhverfis Gestastofuna verður byggt nýtt tjaldsvæði og allt að 40 smáhýsi. Jarðvegsframkvæmdir hefjast árið 2024 en áætlað er að opna Gestastofuna og tengd mannvirki vorið 2026. Á árinu 2023 keypti félagið Hrauneyjar á Sprengisandi en þar er í boði fjölbreytt gisting og veitingaþjónusta allt árið um kring. Verkefnið tengist náið uppbyggingu í Þjórsárdal og afþreyingarmöguleikum fyrir ferðamenn á svæðinu. Til að þjónusta öll þessi verkefni og einnig rekstur í Kerlingarfjölum hyggst félagið reisa 1.000 fermetra þjónustuhús í Árnesi síðar í upphafi ársins 2025. Þar verður rekið þvottahús, geymslur og miðlægur lager fyrir rekstur á svæðinu.

Einnig gengu kaup á Hoffelli í Hornafirði í gegn á árinu 2023 en áætlað er að uppbygging þar verði ein sú umhverfisvænasta sem framkvæmd hefur verið á Íslandi.

Hver baðstaður fyrir sig hefur sína sérstöðu. Grunnstöð og hjarta starfseminnar mun þó ávallt vera Bláa Lónið í Svartsengi, enda er jarðsjórinn einstakur á heimsvísu. Hið virta tímarit National Geographic útnefndi jarðsjó Bláa Lónsins sem eitt af 25 undrum veraldar árið 2012 en virk innihaldsefni, uppruni og lækningamáttur vatnsins í lóninu á sér enga hliðstæðu.

- ☆ Í rekstri
- ◇ Í uppbyggingu
- Rekstraraðili
- Hluteigandi




Samstarfsaðilar

Áfram styður Bláa Lónið við þróun ferðaþjónustunnar á Íslandi og markaðssetningu á Íslandi sem áfangastað.

Bláa Lónið er félagi í eftirfarandi samtökum: Festa (miðstöð um samfélagsábyrgð), SAF, SA, Ferðaklasinn, Luxury by Visit Iceland, Meet in Reykjavík, Íslandsstofa, Visit Reykjanes og Reykjanes UNESCO Global Geopark.

Markmið Bláa Lónsins með þátttöku í þessum samtökum er að styðja við þróun ferðaþjónustunnar á Íslandi almennt, rekstrarumhverfi hennar sem og markaðssetningu á Íslandi, sérstaklega sem heilsárs- og heilsutengdum áfangastað.



Fjölmiðlar

Bláa Lónið hlaut viðamikla umfjöllun í alþjóðlegum vef- og prentmiðlum.

Árið 2023 birtust um 530 erlendar umfjallanir, að undanskildum þeim greinum sem birtust um Bláa Lónið hvað varðar jarðhræringar sem settu töluvert strík í reikninginn á síðasta ársfjórðungi. PR stefna fyrirtækisins var endurskoðuð og áhersla lögð á gæðatengdar umfjallanir á viðurkenndum miðlum í samvinnu við sérvalið blaða- og fjölmiðlafólk.

Í umfjöllunum bar Bláa Lónið oftast á góma eða 524 sinnum; sjálfbærni fyrirtækisins og málefni henni tengd vekja sífellt meiri athygli og voru efni 24 mismunandi greina á árinu sem leið; húðvörur BLUE LAGOON SKINCARE rötuðu í 143 umfjallanir; hótelfélagsins fengu alls 260 umfjallanir; fjallað var um veitingastaði Bláa Lónsins alls 178 sinnum; loks má nefna Retreat Spa sem fékk 123 umfjallanir og meðferðir í vatni 76.

Í kjölfar opunar í Kerlingarfjöllum var tekið á móti 11 erlendum blaðamönnum

og bar nýju aðstöðuna á góma í 67 umfjöllunum. Einnig var tekið á móti innlendum blaðamönnum sem og innlendum og erlendum áhrifavöldum sem deildu upplifun sinni af heimsókninni. Ekki var búið að opna Hálendisböðin árið 2023 og því var móttaka blaðamanna takmörkuð við sérvalda aðila sem höfðu áhuga á að upplifa svæðið, afþreyinguna og þá einstöku náttúru sem Kerlingarfjöll hafa upp á að bjóða.

Sem fyrr miðar samfélagsmiðlastefna Bláa Lónsins og dótturfyrirtækja þess að styðja við ímynd fyrirtækjanna með því að vekja athygli á starfseminni með fallegu myndefni og grípandi texta. Tónn í textanum er með sínum blæbrigðum eftir því hvaða miðill á í hlut hverju sinni en þess er þó ávallt gætt að orðfæri og framsetning sé í línu við hverja starfseiningu fyrir sig.

Finna má Bláa Lónið og félag þess á eftirfarandi samfélagsmiðlum:



LIFESTYLE
Lugar
ISLANDIA
TIERRA DE
HIELO Y FUEGO



El primer gran hotel de lujo en Islandia...
El primer gran hotel de lujo en Islandia...
El primer gran hotel de lujo en Islandia...

DO NOT DISTURB



COLD COMFORTS
A luxury hotel in the heart of the Icelandic wilderness...



The New York Times
The T list

1 Star 2023
A New Lodge in the Mountains of Iceland



The first cabin constructed in Kerlingarfjöll, a mountain range in central Iceland...

The first cabin constructed in Kerlingarfjöll, a mountain range in central Iceland, was completed in 1971 and gave hikers a breathtaking view of the surrounding landscape. This, in the '70s, a summer ski school and hotel operated on its slopes. The school is long gone, but the adventurous spirit remains, and now intrepid travelers have a sophisticated new place to stay. The hospitality company Blue Lagoon Family — responsible for the first luxury hotel in Iceland's famed Blue Lagoon — recently debuted Highland Base, a collection of accommodations that include that original cabin, seven salvaged rustic A-frames, six stand-alone lodges and a hotel with 40 rooms and two saunas with their own hot tubs on private terraces. Picture windows in all of the rooms and lodges offer views of the surrounding terrain, which can be explored on foot in the summer and by snowmobile in winter. The hotel, about a three-hour drive from Reykjavík, will be open year-round, though in the colder months visitors must hire a professional driver in a four-wheel-drive super jeep to reach the property, thanks to the rugged highland roads. Once there, guests will find underground passageways connecting the hotel with the restaurant and thermal baths (scheduled to open this winter) to help them stay warm in between expeditions. Rooms from \$450 a night. blue-lagoon.is



SPATHERETREAT AT BLUE LAGOON ISLAND

Spa Retreat at Blue Lagoon Island...
Spa Retreat at Blue Lagoon Island...
Spa Retreat at Blue Lagoon Island...



New hotels
A unique place to stay, in a destination of choice



Spa Retreat at Blue Lagoon Island...
Spa Retreat at Blue Lagoon Island...
Spa Retreat at Blue Lagoon Island...



Island: Gastronomi på vulkaner

Stóðhefni over de friske råvarer, matchet med et solidt kikk i tilberedningsmetoderne, har resulteret i et ualmindelig attraktivt køkken på vulkanen Island. Det er mest lyst set på østerp Polarcikken.



EIN mystischer ORT
Island

Die beiden Eigenheiten der Wässon der Blue Lagoon sind Natur und Nachhaltigkeit, die Landschaft erregt ein magisches Gefühl, das Landeshotel erregt ein Ort des stetigen Wäddelns.

Island: Wellness på vand og vulkaner

I det rolige Island skaber det nordiske genoplivende vand fra undergrunden til badebassener og badstuer på The Retreat. Et luksuriøst ophold, hvor det er både det at bade med det varme vand, for det er varmt, hvor det kommer fra. Ikke desto mindre er det også en fantastisk oplevelse at bade i det varme vand.



Spa Retreat at Blue Lagoon Island...
Spa Retreat at Blue Lagoon Island...
Spa Retreat at Blue Lagoon Island...



Spa Retreat at Blue Lagoon Island...
Spa Retreat at Blue Lagoon Island...
Spa Retreat at Blue Lagoon Island...

Bláa Lónið

02



Bláa Lóns fjölskyldan

BLUE LAGOON
ICELAND

BLUE LAGOON
SKINCARE

The Retreat
BLUE LAGOON ICELAND

KERLINGARFJÖLL
HIGHLAND BASE



Blue Lagoon Spa

Áframhaldandi stafræn þróun og nýbreytni í þjónustu bæta upplifun gesta.

Stafræn þróun

Forinnritun (e. pre-check-in) var innleidd í bókunarvél Bláa Lónsins til þess að einfalda flæði gesta og flýta fyrir innritunarferlinu. Gestir tóku þessari nýjung vel til og tókst að fá stóran hluta gesta til að nýta sér nýju innritunaraðferðina. Öll gestaarmbönd voru auk þess uppfærð til að auðvelda aðgengi og notkun.

Möguleikum var einnig bætt við bókunarvélina svo gestir gætu sjálfir bætt við húðvöru, bókað borð á Lava eða bætt við öðrum þjónustuliðum. Þá hafa sjálfsafgreiðslumöguleikar við útritun mælst vel fyrir og reynst hraðari kostur en að fá aðstoð hjá starfsmanni.

Kyrrðarsvæði

Á kyrrðarsvæðinu (e. Quiet Zone) var símanotkun tekin fastari tókum eftir ábendingar frá gestum í NPS könnunum. Starfsfólk fylgdist betur með svæðinu og benti gestum á að símanotkun væri takmörkuð. Aukið eftirlit mældist vel fyrir hjá gestum og ánægja jókst.

Miðnæturopnun

Miðnæturopnun var haldin 21. júní og vakti mikla ánægju á meðal gesta. Slökunartónlist var spiluð í lóninu og gestum boðið upp á te.

Júní 2023


Magical moments. Worth it 100%. This place is heaven. A dream comes true there.

Júní 2023

This couldn't exist anywhere else. The setting in a lava field is otherworldly and the water is a vivid blue.

Umsagnir á Tripadvisor

NPS* einkunn Blue Lagoon SPA



*Net Promoter Score er meðmælavísitala sem byggir á álitni viðskiptavina og inniheldur eina spurningu: „Hversu líkleg/ur ertu til þess að mæla með X við vini, samstarfsfélaga og fjölskyldu?“



Silica Hotel

Mikil ánægja ríkir á meðal gesta með dvöl á hótelinu sem er nær fullbókað allan ársins hring.

Hátt þjónustustig og hlýleg umgjörð

Gestir hótelsins hafa m.a. aðgang að einkalóni sem er umvafið mosagrónu hrauni. Þjónustustig er hátt og yfirbragðið hlýlegt. Hótelið var upphaflega stofnað sem lækningalind þar sem eingöngu var boðið upp á meðferðir gegn psoriasis. Árið 2016 opnaði Silica Hotel fyrir öllum gestum. Afar mikil ánægja ríkir á meðal gesta með dvöl á hótelinu líkt og NPS einkunnir gefa til kynna.

Framkvæmdir

Í apríl var farið í framkvæmdir þar sem fyllt var upp í innra lónið. Þess í stað var útbúið notalegt svæði þar sem gestir geta slakað á með gott útsýni yfir lónið. Líkamsræktin var stækkuð og líkamsræktartæki uppfærð. Þá var rými fyrir gæslu við lón endurbætt þar sem starfsmenn hafa betri yfirsýn og geta aukið öryggi gesta. Loks fengu herbergin yfirhalningu þar sem þau voru máluð og parket slípað.

Apríl 2023


Sublime and relaxing. We had a wonderful experience. The hotel was beautiful, and we loved our room, with a gorgeous view out over the lava fields.

Júlí 2023

Be a bit extravagant and do this! Whether on your 1st day or last! Definitely put Silica on your „must stay“ list.

Umsagnir á Tripadvisor

NPS einkunn Silica Hotel



Lækningalind

Einstaklingsmiðuð psoriasismeðferð sem er viðurkennd af íslenskum heilbrigðisyfirvöldum.

Bláa Lónið hefur boðið upp á meðferð við psoriasis síðan 1994. Fer hún fram í Lækningalind Bláa Lónsins í Svartsengi og byggir á einstakri virkni jarðsjávarins.

Meðferðin er náttúruleg og er jarðsjórinn nýttur með sjálfbærum hætti í því markmiði að bæta lífsgæði psoriasisjúklinga.

Með klínískum rannsóknum hefur verið sýnt fram á að böðun í steinefnaríkum jarðsjónum sem myndar Bláa Lónið dregur úr einkennum psoriasis, meðal annars með því að draga úr bólgum og bæta áferð húðarinnar.

Meðferðaráætlun er sniðin að þörfum hvers og eins og felur í sér böðun í jarðsjó Bláa Lónsins, UVB ljósmeðferð og notkun Blue Lagoon Iceland húðvara sem eru sérstaklega þróaðar fyrir þurra og viðkvæma húð.

Í Lækningalind Bláa Lónsins er lögð áhersla á að bjóða upp á framúrskarandi lækniþjónustu og er meðferðin veitt undir eftirliti húðlæknis og hjúkrunarfræðings. Psoriasismeðferð Bláa Lónsins er viðurkennd af íslenskum heilbrigðisyfirvöldum og veitir Bláa Lónið hana íslenskum psoriasisjúklingum að kostnaðarlausu og án opinberrar greiðsluþátttöku.



Matarupplifun

Ferskt íslenskt hágæðahráefni sem unnið er á staðnum hefur verið aðalmerki veitingastaðanna um langa hríð.

Bláa Lónið rekur þrjú veitingastaði á upplifunarsvæðum sínum við Svartsengi auk kaffihúss. Áhersla á ferskt íslenskt hágæðahráefni sem unnið er á staðnum hefur verið aðalmerki staðanna um langa hríð auk faglegrar þjónustu í einstöku umhverfi. Í sameiginlegu eldhúsi er auk þess matreiddur morgunmatur fyrir hótelin tvö,

Silica og The Retreat, sem og morgun-, hádegis- og kvöldmatur fyrir mötuneyti starfsmanna. Aðrar veitingar eins og þær sem tengjast útleigu á fundarsölum heyra einnig undir sama eldhús. Áhersla á sveigjanleika og samlegð í rekstri hefur skilað árangri án þess að það hafi komið niður á gæðum.




Blue Café

Áhersla er lögð á gæði og gott hráefni og alla daga eru réttir útbúnir frá grunni.

Blue Café býður gestum Bláa Lónsins upp á léttu og fjölbreytta rétti frá morgni til kvölds. Áhersla er lögð á gæði og gott hráefni og alla daga eru allir réttir útbúnir frá

grunni í köldu eldhúsi Bláa Lónsins. Blue Café heldur einnig utan um hinn sívinsæla Blue Lagoon Bar sem býður gestum upp á hressingu úti í lóninu sjálfu.



Lava Restaurant

Nýbreytni í vöruframboði nýtur vinsælda og eykur heildarsölu samanborið við fyrri ár.

Til viðbótar við à la carte matseðil var svokallaður „insert menu“ innleiddur á árinu. Þannig hefur verið hægt að bjóða upp á aukarétti, t.a.m. 300 g ribeye steik og þorskrókettur, auk sérvalinna vína með þeim réttum. Þetta fyrirkomulag hefur notið mikilla vinsælda og aukið heildarsölu samanborið við fyrri ár.

Jarðhræringum sem hófust á síðasta ársfjórðungi hafa fylgt áskoranir en rýmingar á svæðinu hafa gengið vel. Í þeim aðstæðum hafa bæði starfsfólk og gestir sýnt mikla yfirvegum og hefur félagið hlotið hrós fyrir fumlauis og fagmannleg vinnubrögð.

Júní 2023


One of the Top Restaurants. I find this restaurant as the best place me and my partner had dinner.

September 2023

Great Food, Amazing Views, and Excellent Service.

Umsagnir á Tripadvisor

NPS einkunn Lava Restaurant



A woman in a white bathrobe is relaxing in a large, spherical, dark-colored wicker chair. The chair is positioned on a concrete deck next to a swimming pool. The pool's water is a clear, light blue color. In the background, there are dark, rocky hills under a cloudy sky. The scene is framed by a large glass window with wooden frames. The overall atmosphere is serene and luxurious.

The Retreat

03

Retreat Hotel

Framúrskarandi þjónusta og aðbúnaður eins og allra best verður á kosið.

Sem fyrr leggur Retreat Hotel áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu og upplifun í einstöku umhverfi þar sem aðbúnaður allur er eins og allra best verður á kosið. Hótelið státar af alls 60 svítum og tveimur veitingastöðum. Þá hafa gestir hótelsins aðgang að heilsulindinni Retreat Spa auk þess sem nokkrar svítur hafa aðgang að einkalóni. Rekstur hótelsins var góður árið 2023 en aðsókn jókst frá júlí til október, án þess að koma niður á gæði þjónustu (NPS einkunn), þökk sé fagmennsku starfsfólks.

Retreat Hotel leitar stöðugt eftir nýjum og áhugaverðum leiðum til að flétta séríslenskum einkennum og upplifunum inn í heimsókn gesta. Nýr bar var settur upp í gestamóttöku hótelsins og var hafður opin fimm eftirmiðdaga í viku frá febrúar og alla daga frá júní. Á þessum tíma var einnig boðið upp á lifandi tónlist á milli kl. 18:30 og 20:30. Þessi breyting myndaði huggulegt og afslappandi andrúmsloft í móttökunni. Vín, bjór og óáfengir drykkir voru í boði en

sérstök áhersla þó lögð á íslenska afurð. Þann 9. nóvember var hótelið rýmt vegna aukinna jarðhræringa og var rýming bæði yfirveguð og örugg. Hótelið var lokað út árið á meðan þetta óvissuástand ríkti.

Febrúar 2023



Worth every penny! Amazing is the only word to describe this place and the staff are just so lovely and attentive.

Október 2023

There are no words – just amazing, the best 24 hours of my life!

Umsagnir á Tripadvisor

NPS einkunn Retreat Hotel



Retreat Spa

Upplifun sem miðar að því að tengja saman óviðjafnanlegt umhverfi og eiginleika jarðsjávarins með ógleymanlegum hætti.

Retreat Spa býður upp á einstaka upplifun á heimsmælikvarða. Svæðið í heild miðar að því að tengja saman óviðjafnanlegt umhverfi og eiginleika jarðsjávarins með ógleymanlegum hætti. Gestir geta notið dvalarinnar á margvíslegan máta í mismunandi hvíldarsvæðum, sánaböðum og sérstökum gufuböðum sem eingöngu eru opin dagsgestum Retreat Spa og Retreat Hotel.

Til að koma til móts við fjölgun hótélbókana á Retreat Hotel var framboði til dagsgesta sérstaklega stýrt frá og með júlí til að viðhalda einstakri upplifun. Boðið var upp á sérstakan morgunverðarseðil á Spa Restaurant kl. 08:00-11:00 alla daga til að þjóna bæði dagsgestum og hótélgestum sem mættu snemma í heilsulindina.



Til að mæta mikilli eftirspurn hefur meðferðarkostum í Retreat Spa verið fjölgað jafnt og þétt. Þá er boðið upp á einstakt nudd í lóninu og líkamsskrúbb með húðvörum Blue Lagoon Skincare. Gestum bjóðast einnig flotmeðferðir fyrir einstaklinga, pör og hópa ásamt hinum sívinsælu andlitsböðum og snyrtimeðferðum.

September 2023

Second time there. Wonderful experience. Wife had an in-water massage. She loved it.

Umsögn á Tripadvisor

NPS einkunn Retreat Spa



Moss Restaurant

Í júní 2023 hlaut Moss Restaurant sína fyrstu Michelin stjörnu í virtasta leiðarvísi heims, fyrstur hótelveitingastaða á landinu.



Ákvörðunin um að hafa lokað á mánuðögum og þriðjudögum hefur reynst vel og hjálpað við að tryggja þjónustugæði og stöðugleika.

Moss heldur áfram að standa fyrir viðburðum á heimsmeðalvarða og hefur undirbúningur vegna þessa staðið yfir á árinu. Í apríl 2024 verður t.a.m. tekið á móti vínframleiðandanum Screaming Eagle sem er einn virtasti vínframleiðandi heims. Þá hefur þróun nýrrar upplifunar, sem ber nafnið „Kitchen’s Table“, farið fram og er áætlað að bjóða hana gestum frá og með 2. maí 2024. Upplifunin fer þannig fram að gestum er boðið til sætis við sérstakt borð þar sem matreiðslumaður útbýr og framreiðir rétti fyrir framan gesti. Líkt og í öllum öðrum upplifunum Moss verður áhersla lögð á fersk hágæðahræfni, bæði hvað varðar mat og drykki. Boðið verður upp á Kitchen’s Table tvo daga vikunnar og verða aðeins sex sæti í boði hvort kvöld.


Á árinu voru sérstakar vínsmakkanir haldnar í hinum einstaka vínkjallara Moss. Vínkjallarinn er staðsettur í hraunhelli undir yfirborði jarðar. Litbrigði gosbergsins – sem rann í eldsumbrotum árið 1226 – njóta sín á veggjum sem nú hýsa meira en 5.000 flöskur af öndvegisvínnum hvaðanæva að úr heiminum. Þessar vínsmakkanir nutu mikilla vinsælda enda er umhverfið einstakt, rétt eins og vínin.

Ágúst 2023

Beautiful, stunning! It was the best dining experience we had in Iceland and probably for a long time! The service and attention to detail was incredible.

Umsögn á Tripadvisor

NPS einkunn Moss



Spa Restaurant

Einstök matarupplifun með ferskum og heilsusamlegum réttum.

Spa Restaurant býður gestum Retreat Spa heilsulindarinnar upp á ferska og heilsusamlega rétti auk þess sem gestir geta notið létttra veiga í sérstöku veitingalóni. Eldhús veitingastaðarins framreiðir einnig morgunmat gesta Retreat Hotel sem og

veitingar í Retreat Lounge. Úrval rétta á matseðli var aukið á árinu með áherslu á einstaka matarupplifun hótलगesta, sér í lagi á þeim dögum sem Moss veitingastaðurinn er lokaður, þ.e. á mánudögum og þriðjudögum.





Kerlingarfjöll

Fjölskyldan stækkar

Ný og stórbætt aðstaða í Kerlingarfjöllum þar sem boðið er upp á fjölbreytta möguleika í gistingu og náttúruupplifunum.

Fjölskylda Bláa Lónsins stækkaði sumarið 2023 þegar ný og stórbætt aðstaða opnaði í Ásgarði í Kerlingarfjöllum undir heitinu Kerlingarfjöll – Highland Base. Þar er boðið upp á margs konar möguleika á gistingu og náttúruupplifunum. Í Kerlingarfjöllum er nú hótél sem skiptist í herbergi, svítur og einkaskála; svefnpokapláss í svefnskálum fyrir bæði einstaklinga og hópa; endurbætt tjaldsvæði; veitingastaður sem tekur 80 manns í sæti; margs konar möguleikar til útivistar og afþreyingar; einstakur baðstaður sem opnaði á vormánuðum 2024. Opnun í Kerlingarfjöllum markaði ákveðin tímamót í íslenskri ferðaþjónustu enda er um að ræða fyrsta heilsársáfangastaðinn á hálendi Íslands sem mætir óskum fjölbreyttra hópa ferðalanga.

Kerlingarfjöll hafa verið ástsæll áfangastaður á meðal Íslendinga í áratugi en með framkvæmdum undir stjórn Bláa Lónsins tók aðstaðan algerum stakkaskiptum. Við

Júlí 2023

A modern pearl in the untouched Icelandic nature. Highly recommended.

Umsögn á Tripadvisor

uppbygginguna var mikil virðing borin fyrir eldri byggingum, þær endurgerðar og mikið lagt í landmótun og alla ytri umgjörð.

Öll mannvirki voru reist í sátt við náttúrulegt umhverfið um leið og rík saga útivistar í Kerlingarfjöllum var höfð í heiðri. Hönnunar- og byggingarferlið fór allt fram í samræmi við BREEAM staðalinn sem er leiðandi matsaðferð fyrir sjálfbærni nýbygginga á heimsvísu.

Kerlingarfjöll hafa hlotið frábærar viðtökur meðal innlendra og erlendra gesta. Fjölbreyttir hópar ferðalanga hafa heimsótt staðinn jafnt síðasta sumar sem og í vetur og notið fjölbreyttrar afþreyingar. Nýjar heitar laugar sem teknar voru í notkun vorið 2024 hafa svo enn aukið við og bætt upplifun gesta.

Nánar á kerlingarfjoll.is



Blue Lagoon Skincare

05



Fyrirtækið

Húðvörur Blue Lagoon Skincare endurspeglar þá einstöku virkni sem jarðsjór Bláa Lónsins hefur á húðina.

7
verslanir

Dótturfélag Bláa Lónsins hf., BLUE LAGOON SKINCARE ehf., þróar og markaðssetur húðvörur undir vörumerkinu Blue Lagoon Iceland, sem er í eigu móðurfélagsins. Blue Lagoon Skincare ehf. annast sölu og dreifingu húðvaranna bæði á innanlandsmarkaði og til erlendra dótturfélaga; Blue Lagoon USA Ltd. og Blue Lagoon NL B.V.

Húðvörurnar byggja á jarðsjó Bláa Lónsins og þeim lífvirku efnum sem í honum er að finna. Við þróun og framleiðslu eru virkni, vísindi og sjálfbærni höfð að leiðarljósi.

Þau einstöku áhrif sem Bláa Lónið hefur á húðina urðu fyrst ljós þegar forvitnir heimamenn hófu að baða sig í heillandi lóninu. Bóðun í heitum jarðsjónum veitti vellíðan og reyndist góð fyrir húðina. Bláa Lónið varð fljótlega rannsóknarefni fjölmargra vísindamanna. Rannsóknir leiddu í ljós að það hefur einstaka virkni á húðina og vistkerfi þess er einstakt á heimsvísu. Vatn Bláa Lónsins er viðurkennt sem eitt af undrum veraldar af National Geographic vegna einstakra eiginleika jarðsjávarins. Jarðsjórinn er ríkur af eftirsóknarverðum lífvirkum efnum; steinefnum, kísil og örþörungum, sem styrkja og vernda húðina. Jarðsjórinn og þau lífvirku efni sem eru að finna í honum eru lykilinnihaldsefni í Blue Lagoon Iceland húðvörum.

3
vefverslanir

28
vörutegundir

Húðvörur Blue Lagoon Skincare

Sjálfbærni, vísindi og virkni leggja grunninn að þróun og framleiðslu húðvaranna.

Húðvörur Blue Lagoon Skincare eiga það sameiginlegt að byggja á þeirri einstöku uppsprettu sem kísilríkt vatn Bláa Lónsins er og þeim lífvirku efnum sem í vatninu er að finna; steinefnum og örþörungum. Vörurnar hafa sérstöðu á markaði vegna þeirra lífvirku innihaldsefna sem þær byggja á og hafa þær unnið til fjölmargra verðlauna.

Upphafið að þróun húðvaranna má rekja til þess þegar Bláa Lónið hóf að bjóða upp á psoriasis meðferðir árið 1994. Sjúklingar voru svo ánægðir með árangurinn að þeir vildu geta tekið virkni lónsins með sér heim.

Silica Mud Mask

Það var hvíti kísillinn sem var innblásturinn að fyrstu húðvörunni, Silica Mud Mask, sem kom á markað 1995 og hefur verið vinsælasta varan frá upphafi. Bláa Lónið hefur löngum verið þekkt fyrir hvíta kísilinn sem myndast í lóninu og baðgestir njóta þess að bera á húðina til að endurnýja hana og styrkja.

Meðferðarvörur

Í kjölfarið komu á markað meðferðarkrem fyrir viðkvæma húð og þá sem þjást af húðkvillum á borð við þurrk og ertingu. Meðferðarvörurnar eru verndandi og fyrirbyggjandi og án ilmefna. Þær hafa verið notaðar með góðum árangri og eru mikilvægur þáttur í psoriasismeðferð Bláa Lónsins sem veitt er í Lækningalindinni í Svartsengi. Psoriasismeðferð Bláa Lónsins er viðurkenndur meðferðarvalkostur hjá íslenskum heilbrigðisyfirvöldum og er veitt undir eftirliti húðsjúkdómalæknis og hjúkrunarfræðings.

Maskar og baðvörur

Síðar komu á markað fleiri maskar og baðvörur sem hluti af upplifun baðgesta Bláa Lónsins.

Til viðbótar við Silica Mud Mask komu á markað þrjár nýir andlitsmaskar sem hver fyrir sig hefur sérstaka virkni sem byggir á lífvirkum efnum lónsins. Þessar vörur hafa verið gríðarlega vinsælar á meðal gesta.



BL+ vinnur gegn öldrunareinkennum húðar

Árið 2021 kom BL+ vörulínan á markað. Hún byggir á BL+ COMPLEX, sem er byltingarkennt innihaldsefni sem nýtir einkaleyfi Bláa Lónsins á örþörungum og kísil. Vörulínan er þróuð með það að markmiði að vinna gegn öldrunareinkennum húðar og bæta heilbrigði hennar. Hún inniheldur öflugar formúlur sem byggja á líftækni og brautryðjandi tækni í sjálfbærri framleiðslu. BL+ er afrakstur 30 ára rannsóknarvinnu á lífvirkni Bláa Lónsins.

Í dag telur vörulínan fimm vörur; BL+ The Serum, BL+ Eye Serum, BL+ The Cream, BL+ Retinol Cream og BL+ Eye Cream. BL+ Eye Cream er nýjasta varan í vörulínunni og kom á markað haustið 2023.

BL+ vörurnar hafa fengið góðar viðtökur og hlotið fjölda verðlauna.

Lífvirk innihaldsefni

Í Rannsókn- og þróunarsetri Bláa Lónsins, sem staðsett er í Svartsengi, hefur verið byggð upp einstök hráefnavinnsla þar sem framleiðsla á Blue Lagoon innihaldsefnum fer fram. Blue Lagoon innihaldsefni eru unnin úr jarðsjó Bláa Lónsins og lífvirkum efnum hans, en þeirra á meðal eru sölt, kísill og örþörungar. Lögð er áhersla á umhverfisvænar og sjálfbærar vinnsluáferðir. Örþörungar eru meðal annars ræktaðir með umhverfisvænni tækni þar sem þeir eru fóðraðir á jarðvarmagasi sem er ríkt af koltvísýringi og kemur upp með

jarðsjónum. Örþörungarnir binda þannig koltvísýring sem annars færi út í andrúmsloftið. Með þessum hætti er dregið úr kolefnisspori, en það er ávallt markmið fyrirtækisins að leita leiða til að draga úr umhverfisspori þess. Við framleiðsluna er gæðastaðlinum ISO 22716 (GMP) fylgt.


Virk innihaldsefni Bláa Lónsins eru COSMOS Approved vottuð. Úttektaraðilinn er ECOCERT Greenlife. COSMOS Approved vottunin er mikilvæg viðurkenning fyrir einstök hráefni og vinnsluáferðir fyrirtækisins.

Innihaldsefni hafa verið skrásett undir eftirfarandi vörumerkjum: BLUE LAGOON SEAWATER, BLUE LAGOON SILICA, BLUE LAGOON MINERAL SALTS, BLUE LAGOON MICROALGAE og BL+ COMPLEX.

Umhverfisvænar umbúðir

Í samræmi við umhverfisstefnu félagsins eru umbúðir húðvaranna hannaðar til að vera 100% endurvinnanlegar og innihalda sem minnst af plasti. Allur pappír er FSC vottaður og glerið er Miron gler sem verndar gæði og virkni vörunnar til lengri tíma og kemur þar með í veg fyrir sóun. Álið í umbúðunum er hægt að endurvinna áfram út í hið óendanlega. Við hönnun umbúða eru efni valin af kostgæfni til að hámarka gæði og lágmarka umhverfisáhrif. Árið 2022 var ár umbreytinga hvað umbúðirnar varðar en þá voru innleiddar nýjar og umhverfisvænni umbúðir fyrir húðvörur fyrirtækisins.

NPS einkunn frá erlendri vefsölu húðvara



Markaðir


Með aukinni dreifingu, meiri sýnileika og samstarfi við sérfræðinga hefur staða húðvaranna styrkst verulega.

Ísland er enn stærsti markaður húðvara Blue Lagoon Skincare með um 78% sölunnar. Hlutdeild Bandaríkjamarkaðar fer vaxandi með auknum umsvifum og er nú 16% af sölunni en var 14% árið áður. Áframhaldandi velgengni BL+ vörulínunnar er sérstakt ánægjuefni.

Húðvörurnar eru seldar um allan heim. Blue Lagoon USA Ltd. í Bandaríkjunum annast sölu og dreifingu í Ameríku og Blue Lagoon NL B.V. í Hollandi annast sölu og dreifingu í Evrópu og til annarra heims hluta.

Áhersla hefur verið lögð á að styrkja stöðu húðvaranna á Bandaríkjamarkaði. Með aukinni dreifingu, meiri sýnileika og samstarfi við teymi sérfræðinga hefur staða húðvaranna styrkst verulega á þeim markaði. BL+ húðvörulínan sem byggir á BL+ COMPLEX og vinnur gegn öldrun húðar hefur fengið verðskuldaða athygli og hefur salan tvöfaldast á milli ára. Haustið 2023 var einnig kynnt til sögunnar nýtt augnkrem, BL+ Eye Cream, sem hefur hlotið mikið lof. Á árinu 2024 verður góðum árangri í sölu á Bandaríkjamarkaði fylgt enn frekar eftir ásamt því að efla áfram sterkan heimamarkað.

Skipting sölu 2023



Verslanir

Verlanirnar eru hannaðar og innréttaðar með það fyrir augum að tengja húðvörurnar við uppruna sinn í vatn Bláa Lónsins.



Laugavegur 15



Svartsengi



Flugstöð Leifs Eiríkssonar



Kringlan

Sjö verslanir eru reknar á Íslandi undir vörumerkinu Blue Lagoon Skincare. Verslanir í Svartsengi eru fjórar; í Bláa Lóninu, á Retreat Hotel, í Retreat Spa og á Silica Hotel. Tvær verslanir eru í Reykjavík; í Kringlunni og að Laugavegi 15. Þá er ein verslun í brottfararsal Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Í verslunum fyrirtækisins er áhersla lögð á sölu húðvara Blue Lagoon Skincare. Verslanirnar eru hannaðar og innréttaðar með það fyrir augum að skapa tengingu við uppruna húðvaranna í vatn Bláa Lónsins, einstakt umhverfi þess og vísindin sem húðvörurnar byggja á.

Fyrirtækið rekur einnig netverslanir á Íslandi, í Evrópu og í Bandaríkjunum. Netverslanir Bláa Lónsins eru aðgengilegar á skincare.bluelagoon.com

Sjálfbær fjölnýting jarðvarmastrauma

Visthringur jarðsjávar í Bláa Lóninu.

BLUE LAGOON SKINCARE gegnir lykilhlutverki í fjölnýtingu auðlindastrauma frá nærliggjandi jarðvarmaveri HS Orku. Fyrirtækið nýtir fyrst jarðsjó í að framleiða kísil í húðvörur og svo er umframvökvi nýttur í að framleiða salt og örþörungna. Saltið er myndað með því að sjóða vökvann með umframgufu frá jarðvarmaverinu. Framleitt er bæði baðsalt og einnig flögu-

salt sem nýtt er í matargerð. Örþörungarnir eru ræktaðir í vökvannum með LED lýsingu sem knúin er grænni orku jarðvarmavarsins og eru nærðir á náttúrulegum koltvísýringi sem losnar úr borholum jarðsjávar. Allur annar umframvökvi nýstist í baðlónin og þaðan er hann leiddur í gjótu og aftur niður í jarðlöggin og fullkomnar þar með hringrás jarðsjávarins.

Kolefnisjöfnun

Flutningar á vörum Bláa Lónsins frá vöruhúsum til viðskiptavina eru kolefnisjafnaðir.

Ræktun og verndun skóga eru lykilatriði í að varðveita náttúrulegt jafnvægi milli jarðar og vistkerfis mannsins. Skógarnir binda CO₂ úr andrúmsloftinu og mynda þannig hreinna loft og stuðla að líffræðilegri fjölbreytni. Þess vegna hvetur Bláa Lónið til skógræktar og miðar að því að veita upp á móti kolefnisfótspori félagsins. Árið 2021 gekk BLUE LAGOON SKINCARE til samstarfs við Pachama, fyrirtæki sem

sérhæfir sig í skógræktun og sérstökum kolefnisjöfnunarverkefnum. Markmiðið er skýrt: fleiri tré, minni mengun. Vöruflutningar eru kolefnisjafnaðir með því að reikna út kolefnislosun í vörusendingum frá vöruhúsi og heim að dyrum viðskiptavina. Reiknuð losun er síðan kolefnisjöfnuð í gegnum Pachama þar sem kostnaður fer í ræktun og verndun skóga.



Vottanir



B Corp™: Alþjóðleg sjálfbærnivottun

Bláa Lónið í Svartsengi og Blue Lagoon Skincare hlutu B Corp vottun sumarið 2023. Vottunin er framkvæmd af B Lab™ sem er sjálfseignarstofnun með áherslu á að umbreyta hagkerfi heimsins til að gagnast öllu fólki, samfélögum og náttúrunni. Vottunin fer fram með rafrænu stöðumati, gagnaskilum og fundum, sem mæla áhrif þvert á fyrirtæki og mynda ramma fyrir stöðugar umbætur í átt að enn frekari sjálfbærni.



COSMOS APPROVED hráefni

Árið 2020 voru Blue Lagoon innihaldsefni, sem eiga uppruna sinn í jarðsjó Bláa Lónsins og gegna lykilhlutverki í Blue Lagoon Iceland húðvörum, vottuð sem COSMOS Approved hráefni. Úttektaraðilinn er ECOCERT Greenlife. BLUE LAGOON SKINCARE ehf. leggur ríka áherslu á að bjóða húðvörur í hæsta gæðaflokki sem samræmast kröfum neytenda um umhverfisvænar vörur. COSMOS Approved vottunin er mikilvæg viðurkenning fyrir einstök hráefni og vinnsluáferðir fyrirtækisins.



Vottað stjórnkerfi

Bláa Lónið og BLUE LAGOON SKINCARE fylgja sama stjórnkerfinu sem er vottað samkvæmt stjórnunarstöðlunum ISO9001 hvað varðar gæðastjórnun, ISO14001 hvað varðar umhverfisstjórnun og ISO45001 hvað varðar heilsu- og öryggisstjórnun fyrirtækisins. Einnig deila þau sama launakerfinu í gegnum þjónustusamning félaganna og er það vottað samkvæmt jafnlaunastaðlinum IST 85:2012. Með stjórnkerfinu tryggir starfsfólk gæði í framleiðslu og vörum, eykur öryggi starfsfólks og verndar umhverfið. Stjórnkerfið nýtist starfsfólki, eykur gagnsæi og hvetur til þátttöku allra til að gera stöðugt betur og bjóða umhverfisvænar húðvörur.



COSMOS NATURAL vottaðar húðvörur

COSMOS (COSMetic Organic and natural Standard) er snyrtivörustaðall með ríka áherslu á umhverfisvernd í framleiðsluháttum. Hann nær allt frá ábyrgri nýtingu auðlinda til notkunar umhverfisvænna umbúða og hreinsiefna, ásamt því að tryggja bestu gæði innihaldsefna í snyrtivörum með velferð neytenda og náttúrunnar í huga. Staðallinn gerir einnig ríkar kröfur um val á umhverfisvænum umbúðum og mikilvægi þess að draga úr soun þeirra.

Húðvörurnar BL+ The Serum, BL+ Eye Serum og Hand Cream eru vottaðar COSMOS NATURAL af ECOCERT Greenlife.

Verðlaun og viðurkenningar

BL+ húðvörulínan hefur fengið frábærar viðtökur allt frá því hún var kynnt til sögunnar vorið 2021.

2021

BL+ The Serum hlaut Elle Green Beauty Star og einnig Sustainable Innovation Awards frá Good Housekeeping.



2022

BL+ Eye Serum var valin besta augnvaran gegn þreytu og þrota af NewBeauty Magazine og Best of Beauty frá Allure.

BL+ The Cream hlaut verðlaun sem besta húðvara ársins af Refinery29.



2023

BL+ The Serum var valið sem „Best Firming Serum“ af NewBeauty Magazine.

Silica Mud Mask var valinn besti andlitsmaski ársins af tímaritinu Esquire.

Mineral Mask var valinn besti andlitsmaskinn af tímaritinu Men's Health.



Rannsóknir og þróun

Áhersla á öflugt rannsóknastarf hefur einkennt starfsemi Bláa Lónsins allt frá stofnun fyrirtækisins.

Rekstur Bláa Lónsins er einstakt dæmi um margþætta nýtingu jarðhitaauðlinda til aukinna lífsgæða, hvort sem horft er til læknismeðferða, vellíðanartengdrar ferðaþjónustu eða þróunar einstakra húðvara. Það starf sem á sér stað í Rannsókn- og þróunarsetri Bláa Lónsins er grunnur allrar þessarar starfsemi þar sem sjálfbærni er leiðarstefið.

Áhersla á öflugt rannsóknastarf hefur einkennt starfsemi Bláa Lónsins allt frá stofnun fyrirtækisins. Fjöldi vísindagreina sem birtar hafa verið í ritrýndum vísindatímaritum og einkaleyfi fyrirtækisins eru þessu góður vitnisburður. Bláa Lónið vinnur að rannsóknum í samstarfi við vísindamenn, jafnt innanlands sem erlendis, og hefur fyrirtækið ætíð átt farsælt samstarf við háskólasamfélagið á sviði rannsókna og þróunar. Frá upphafi hefur Bláa Lónið stundað rannsóknir á auðlindinni og safnað þekkingu í þágu samfélagsins. Sem dæmi um rannsóknir má nefna rannsóknir á vistkerfi lónsins, jákvæðum áhrifum böðunar í lóninu á húð einstaklinga með psoriasis og lífvirkni innihaldsefna jarðsjávarins.

Einkaleyfi Bláa Lónsins eru þrjú; Einkaleyfi á notkun örþörungna (Bandaríkin og Evrópa) og kísils (Evrópa) í snyrtivörur og lyf.

Í einkaleyfunum felst viðurkenning á þróunarstarfi Bláa Lónsins og nýnæmi og uppfinningagildi varanna. Í einkaleyfunum er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsókna sem sýna fram á lífvirkni örþörungna og kísils úr lóninu. Rannsóknirnar voru unnar af vísindamönnum Bláa Lónsins í samstarfi við erlenda rannsóknastofu.

Yfir 20 ritrýndar vísindagreinar og á annan tug fræðilegra rannsókna (meistara- og doktorsverkefni) hafa verið birtar þar sem jarðsjór Bláa Lónsins er viðfangsefnið á einn eða annan hátt.

Vísindalegar rannsóknir hafa frá upphafi gegnt lykilhlutverki í velgengni Bláa Lónsins og eru forsenda allrar framþróunar húðvara fyrirtækisins. Þær eru ástæða þess að fyrirtækið er í samstarfi við fjölbreytt teymi vísindamanna.



Birtar vísindagreinar

Frá 2011

Grether-Beck o.fl. (2021). **Blue Lagoon Algae improve uneven skin pigmentation: Results from in vitro studies and from a monocenter, randomized, double blind, vehicle controlled, split-face study.** Skin Pharmacology and Physiology.

Finger o.fl. (2021). **Improved Value Generation from Residual Resources in Iceland: the First Step Towards a Circular Economy.** Circular Economy and Sustainability.

Svavarsson o.fl. (2020). **Use of Non-Condensable Geothermal Gas and Geothermal Seawater to Grow Biomass.** Proceedings World Geothermal Congress 2020.

Gudmundsdottir o.fl. (2019). **Exopolysaccharides from Cyanobacterium aponinum induce a regulatory dendritic cell phenotype and inhibit SYK and CLEC7A expression in dendritic cells, T cells and keratinocytes.** International immunopharmacology.

Eysteinsdottir o.fl. (2019). **Effective treatment with balneophototherapy and narrowband UVB monotherapy reduces skin homing Th17/Tc17 and Th22/Tc22 effector cells in peripheral blood in patients with psoriasis.** Journal of Dermatological Science.

Svavarsson o.fl. (2017). **Carbon dioxide from geothermal gas converted to biomass by cultivating coccooid cyanobacteria.** Environmental Technology.

Gudmundsdottir et al., (2014). **Exopolysaccharides from Cyanobacterium aponinum from the Blue Lagoon in Iceland increase IL-10 secretion by human dendritic cells and their ability to reduce the IL-17+RORγt+/IL-10+FoxP3+ ratio in CD4+ T cells.** Immunology letters.

Svavarsson o.fl. (2014). **Adsorption applications of unmodified geothermal silica.** Geothermics.

Eysteinsdottir o.fl. (2013). **Psoriasis treatment: faster and long-standing results after bathing in geothermal seawater. A randomized trial of three UVB phototherapy regimens.** Photodermatology, Photoimmunology & Photomedicine.

Eysteinsdottir o.fl. (2013). **The Role of Th17/Tc17 Peripheral Blood T cells in Psoriasis and Their Positive Therapeutic Response.** Human Immunology.

1987–2010

Suryata o.fl. (2010). **Geothermal CO2 bio-mitigation techniques by utilizing microalgae at the Blue Lagoon, Iceland.** Proceedings.

Petursdottir o.fl. (2009). **Analysis of the unique geothermal microbial ecosystem of the Blue Lagoon.** FEMS Microbiology Ecology.

Grether-Beck o.fl. (2008). **Bioactive molecules from the Blue Lagoon: In vitro and in vivo assessment of silica mud and microalgae extracts for their effects on skin barrier function and prevention of skin ageing.** Experimental dermatology.

Johnston o.fl. (2008). **Obesity in psoriasis: leptin and resistin as mediators of cutaneous inflammation.** British Journal of Dermatology.

Petursdottir & Kristjansson. (1997). **Silicibacter lacuscaerulensis gen. nov., sp. nov., a mesophilic moderately halophilic bacterium characteristic of the Blue Lagoon geothermal lake in Iceland.** Extremophiles.

Petursdottir & Kristjansson. (1996). **The relationship between physical and chemical conditions and low microbial diversity in the Blue Lagoon geothermal lake in Iceland.** FEMS Microbiology Ecology.

Olafsson. (1996). **The Blue Lagoon in Iceland and Psoriasis.** Clinics in Dermatology.

Olafsson o.fl. (1996). **Psoriasis Treatment: Bathing in a Thermal Lagoon Combined with UVB, versus UVB Treatment Only.** Acta Dermato-Venereologica.

Olafsson o.fl. (1994). **The effect of bathing in a thermal lagoon in Iceland has on psoriasis. A preliminary study.** Journal of the European Academy of Dermatology and Venereology.

Magnusson o.fl. (1987). **Hafa böð í Bláa Lóninu áhrif á psoriasis.** Læknablaðið.

Mannauður

06



Fólkið okkar

Bláa Lónið er stolt af starfsfólki sínu, metnaðinum sem það býr yfir og þeim magnaða starfsanda sem ríkir á vinnustaðnum.

Hjá Bláa Lóninu starfa framsæknir og skapandi einstaklingar af 40 mismunandi þjóðernum sem standa saman og vinna að því sameiginlega markmiði að skapa ógleymanlegar minningar, jafnt fyrir gesti og hvert annað. Fólkið okkar nýtir framsýni í nýsköpun á sviði þjónustu, hönnunar, upplifunar og vörupróunar. Þá er sjálfbærni leiðarstef þegar kemur að því að nýta krafta náttúrunnar til að hanna og veita gestum okkar upplifun og vörur sem næra bæði sál og líkama. Ávallt er leitast við að þróa og rækta veröld Bláa Lónsins í sátt við umhverfi og samfélag svo dvöl gestanna sé sem eftirminnilegust.

Allt starfsfólk tekur virkan þátt í að viðhalda og móta þá sterku menningu og samheldni

sem einkennir Bláa Lónið. Þannig tökumst við á við áskoranir og fögnum árangri saman. Bláa Lónið er ákaflega stolt af starfsfólkinu, metnaðinum sem það býr yfir og þeim magnaða starfsanda sem ríkir á vinnustaðnum.

Okkur þykir mikilvægt að sýna gestum og öðrum hvers fólkið okkar er megnugt og því var herferðinni „Fólkið okkar“, sem hóf göngu sína haustið 2022, haldið áfram inn í árið. Í herferðinni er áhersla lögð á að veita innsýn inn í líf og störf þeirra ólíku einstaklinga sem starfa hjá fyrirtækinu og byggja í sameiningu einstakan mannauð Bláa Lónsins.



Lykiltölur 2023

Fjölbreyttur mannauður sem starfar eftir sameiginlegum gildum fyrirtækisins er grunnur framúrskarandi upplifunar.

Í upphafi árs var ákveðið að skerpa á skipuriti félagsins, annars vegar með það að leiðarljósi að tryggja stöðugleika í þjónustu við gesti og hins vegar til að styðja við vöxt utan Svartengis.

Fjölbreyttur mannauður sem samsvarar sér í og deilir gildum fyrirtækisins er grunnur þess að upplifun gesta og starfsfólks verði framúrskarandi. Horft er til fjölbreytileika þegar ráðið er inn í öll störf með það að leiðarljósi að styrkja enn frekar þann þetta hóp sem starfar hjá félaginu.

Undirbúningur fyrir sumarráðningar hófst í lok árs 2022 en þá fóru í loftið auglýsingar um sumarstörf. Auglýst var á fjölbreyttum miðlum en jafnframt var starfsfólki boðið að „velja sér vinnufélaga“ með því að bjóða vinum og vandamönnum í starfskynningu hjá Bláa Lóninu í upphafi árs. Bláa Lónið var helsti styrktaraðili Framadaga í Háskólanum í Reykjavík en þar var vinnustaðurinn og þau fjölbreyttu tækifæri sem þar bjóðast kynnt fyrir háskólasamfélaginu. Um 2.050 umsóknir bárust um 90 sumarstörf.

Sumarráðningum var að mestu lokið í mars en í apríl og maí fór fram umfangsmikil þjálfun nýs starfsfólks sem var haldin bæði í Grósku og Bláa Lóninu. Markmið þjálfunarinnar var að undirbúa sumarstarfsfólk vel áður en þau hófu störf og gefa þeim innsýn í heim Bláa Lónsins.

Undirbúningur fyrir opnun Kerlingarfjalla fór á fullt í upphafi ársins 2023. Opnað hafði verið á starfsumsóknir á milli jóla og nýárs og bárust fjölmargar umsóknir um ævintýrleg störf á hálendinu. Í kjölfar ráðninga var nýju starfsfólki svæðisins boðið í fjölbreytta og ítarlega þjálfun sem tók mið af staðsetningu vinnustaðarins og þjónustustigi í anda Bláa

794

Fjöldi starfsfólks
31.12.23

40

Þjóðerni

35

Meðalaldur
starfsfólks

Lónsins. Lögð var sérstök áhersla á þjálfun í skyndihjálp í óbyggðum ásamt gestrisni. Fræðsla og þjálfun fóru fram í Grósku, Bláa Lóninu og Kerlingarfjöllum.

Á árinu vann Bláa Lónið sem fyrr markvisst að því að hvetja starfsfólk til meðvitundar um heilbrigðan lífsstíl. Meðal annars var boðið upp á heilsu- og hreyfiviku auk þess sem hugað var að geðheilbrigði með fræðslu, hugleiðslu og jóga svo fátt eitt sé nefnt. Sett var upp hvíldarherbergi fyrir starfsfólk þar sem því var gefinn kostur á að slaka á, nýta nuddtæki, hugleiða og fleira.

Líkt og fyrri ár var starfsfólki og fjölskyldum þeirra boðið að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoni. Að hlaupi loknu var svo haldin samverustund og fjölskylduskemmtun.

Á haustmánuðum bauðst starfsfólki að fara í göngu um Kerlingarfjöll, kynna svæðinu og njóta þeirrar stórbrotu náttúru sem það hefur upp á að bjóða.

Fyrirtækinu er einnig afar umhugað um að viðhalda og auka þekkingu starfsfólks hvað varðar forvarnir og meðvitund um eigin heilsu

með því að bjóða upp á sérstaka fyrirlestra, fræðslu og aðrar upptakomur, til dæmis í tengslum við Mottumars og Bleikan október.

Stafræn vegferð mannauðsferla hélt áfram á árinu. Starfsmannaapp Bláa Lónsins var sett í loftið en það auðveldar starfsfólki að sækja og halda utan um líkamsræktaráskriftir, styrki og önnur fríðindi ásamt atvikaskráningu. Appið einfaldar einnig yfirsýn og úrvinnslu umsókna og skráninga, dregur úr pappírnotkun og lágmarkar villuhættu. Áfram var unnið að þróun og innleiðingu Power BI skýrslna og sjálfvirknivæðingu mannauðskerfa. Þá var nýtt og notendavænna fræðslukerfi innleitt á árinu en með nýju fræðsluappi, sem er hluti af nýja fræðslukerfinu, getur starfsfólk nálgast rafræna fræðslu með enn einfaldari hætti.

Í lok árs mögnuðust jarðhræingar í nágrenni Bláa Lónsins til muna. Þann 11. nóvember voru Bláa Lónið og Grindavík rýmd í kjölfar jarðskjálfta. Í framhaldi hófust aðgerðir við að aðstoða starfsfólk sem búsett var í Grindavík við að finna öruggt húskajól. Tímabundið voru húsakostir leigðir, bæði í Reykjanesbæ og á höfuðborgarsvæðinu, fyrir starfsfólk og fjölskyldur þeirra sem þurftu á húsnæði að halda. Settur var upp nytjamarcaður í höfuðstöðvum Bláa Lónsins í Urriðaholti fyrir þau sem þurftu að yfirgefa heimili sín. Þar var fólkinu okkar frjálst að taka allar þær nauðsynjar sem það þurfti. Boðið var upp á samverustundir í Urriðaholti þar sem hægt var að koma saman, njóta veitinga, fá upplýsingar og finna stuðning. Þetta var gert reglulega meðan á lokunum stóð.

Öllu starfsfólki var boðið upp á sálfræðiaðstoð frá Vinnuvernd til að takast á við þá óvissu sem jarðhræingarnar ollu, bæði áður en Bláa Lónið var fyrst rýmt og eftir að rýming fór fram. Sálfræðingar komu í starfsstöðvar í Bláa Lóninu og í Urriðaholti auk þess sem starfsfólki var boðið að hafa beint samband við Vinnuvernd og ræða við sálfræðinga. Til að gæta þess að allt starfsfólk hefði góðan aðgang að upplýsingum hófust vikulegir upplýsingafundir framkvæmdastjórnar 24. nóvember en á fundunum var farið yfir stöðuna hverju sinni.



Fjölbreytileiki og jafnrétti

Félagið leggur sig fram um að fagna fjölbreytileika og stuðla að jafnrétti.



JAFNLAUNAVOTTUN

Við vitum að framúrskarandi þjónusta og frumkvæði nást þegar hæfileikar hvers og eins geta notið sín. Við sköpum rými til þess að öll geti nýtt styrkleika sína og hæfni. Við vinnum sífellt að því að koma í veg fyrir hvers konar mismunun með því að fagna fjölbreytileikanum og stuðla að jafnrétti.

Í ráðningum hjá félaginu er leitast við að jafna kynjahlutföll á sama tíma og leitast er við að ráða hæfustu einstaklingana hverju sinni.

Bláa Lónið var eitt af fyrstu stórfyrirtækjum á Íslandi til þess að hljóta jafnlaunavottun samkvæmt jafnlaunastaðli ÍST 85, en það fékk fyrst jafnlaunavottun árið 2018. Rík áhersla er lögð á að samræmis sé gætt þvert á fyrirtækið og að greidd séu sömu

laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni, kynþætti eða öðrum órökstuddum viðmiðum.

Fyrirtækið fór í gegnum sína sjöttu úttekt á jafnlaunakerfinu á árinu og stóðst hana með glæsibrag og án frávik. Niðurstaða launagreiningarinnar var sú að kynbundinn launamunur hjá Bláa Lóninu er 0,7% karlmönnum í vil. Skýringarhlutfallið var 95,2% sem gefur sterklega til kynna að þær breytur sem lagðar eru til grundvallar við launaákvæðanir skýra raunverulega launamyndun í fyrirtækinu. Upplýsingar um jafnlaunavottun sem og jafnlaunakerfi Bláa Lónsins eru kynntar starfsfólki í nýliðafræðslu. Stjórnendur hafa aðgang að handbók um jafnlaunavottun og jafnlaunakerfi félagsins í rafrænu akademíu Bláa Lónsins.

Talsmenn jafnra tækifæra

Viðurkenning Jafnvægisvogarinnar 2023.



Á árinu hlotnaðist Bláa Lóninu sá heiður að taka á móti viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar, í annað skipti. Jafnvægisvogin er hreyfiaflsverkefni sem Félag kvenna í atvinnulífinu á frumkvæði að. Eliza Reid forsetafrú veitti viðurkenninguna á stafrænni ráðstefnu samtakanna sem bar yfirskriftina „Við töpum öll á einsleitninni – jafnrétti er ákvörðun!“ Í ávarpi sínu undirstrikaði hún mikilvægi jafnra tækifæra og lagði áherslu á að þrátt fyrir umtalsverðan árangur sé enn töluvert langt í land á þessu sviði. Þetta varpar ljósi á þá brýnu þörf að halda áfram

að efla jafnrétti á vinnustöðun og setja það markmið í forgang.

Í Bláa Lóninu hefur rík áhersla verið lögð á að búa til umhverfi sem markast af jafnrétti og fjölbreytileika. Félagið er yfirmáta stolt af þessari viðurkenningu sem það hlýtur nú annað árið í röð. Jafnvægisvogin er ekki eingöngu staðfesting góðra verka heldur er hún einnig kraftmikil áminning um mikilvægi jafnra tækifæra. Hún hvetur fyrirtækið allt áfram til að halda fast í skuldbindingu sína um að stuðla að vinnustað þar sem öll hafa jöfn tækifæri til að blómstra.

Þjálfun og fræðsla

Bláa Lónið er leiðandi fyrirtæki á Íslandi hvað varðar þjálfun, fræðslu og starfsþróun starfsfólks.

Þjálfun og þróun er ávallt í takt við markmið, gildi og tilgang fyrirtækisins. Mikilvægur þáttur á þessari vegferð er að byggja upp viðeigandi þjálfun og viðhalda þekkingu í síbreytilegu rekstrarumhverfi þar sem byggt er á grunngildum félagsins, þar sem það mannlega er tengt við náttúruna um leið og gestir eignast ógleymanlegar minningar. Lögð er áhersla á að allt starfsfólk sækji sér símenntun til að efla sig í starfi.

Mikil tækifæri og áskoranir felast í starfsmannahóp af 40 þjóðernum. Brýnt er að tryggja að þekking og fræðsla taki mið af þessum forsendum en um leið nýtist fjöl-

breytni til þess að ná markmiðum um að skapa gestum af öllum þjóðernum einstaka upplifun.

Til að þjálfun og fræðsla skili tilætluðum árangri var þjálfunarþörf greind með reglulegum hætti yfir árið. Unnið var með kannanir, vinnustofur, rýnihópa og fundi á milli fulltrúa í þverfaglegu fræðsluráði félagsins en niðurstaða þeirrar þarfagreiningar mótandi dagskrá og áherslur í fræðsluefni. Þá var einnig settur á fót sérstakur fræðslusjóður þar sem starfsfólki gefst tækifæri til að sækja styrk fyrir nám sem stundað er utan skipulagðrar fræðsludagskrár Bláa Lónsins.

Áfram var unnið með blandaðar aðferðir við miðlun fræðsluefnis, ýmist staðbundna fræðslu eða stafræna. Meirihluti fræðslunnar fór fram í staðkennslu en boðið var upp á upptöku flestra einstakra erinda fyrir þau sem ekki höfðu tök á að mæta. Fjöldi tíma í fræðslu var alls 600, námskeið voru 223 og alls voru 2.452 þátttökur skráðar í staðkennslu og rafrænni fræðslu.

Á árinu voru erlendir fyrirlesarar og sérfræðingar fengnir til að halda námskeið og veita ráðgjöf vegna sérhæfingar á borð við sölu, þjónustu hótela og leiðtogaþæfni.

Sá stuðningur sem starfsfólk upplifir við starfsþróun og aðgengi að fræðslu var mældur í mánaðarlegum púlskönnunum. Niðurstöður hafa staðfest ánægju starfsfólks með aðgengi að þjálfun og hvatningu til símenntunar. Aðgengi að fræðslu var sérstaklega skoðað með spurningunum „Vinnuveitandi minn veitir mér stuðning til



þess að bæta mig og þróast áfram í starfi“ (meðaltalið var 7,4 á 10 punkta kvarða fyrir árið 2023) og „Ég get sótt mér þá þjálfun og fræðslu sem ég þarf til að standa mig vel í starfi“ (meðaltalið var 7,8 á 10 punkta kvarða fyrir árið 2023).

Starfsfólki af erlendu þjóðerni er boðið að sækja íslenskunámskeið sér að kostnaðarlausu á þeim tíma sem þeim hentar. Fyrirtækið vill gera starfsfólki sem ekki er með íslensku sem móðurmál kleift að aðlagast samfélaginu sem best og þar með stuðla að auknu sjálfstrausti og öryggi. Á árinu 2023 sótti 51 einstaklingur fjölda námskeiða í íslensku.

Stafræn fræðsluvegferð félagsins hélt áfram en á árinu innleiddi fyrirtækið nýjan og endurbættan Eloomi fræðsluvettvang. Slíkur vettvangur gerir starfsfólki kleift að nálgast rafræna fræðslu með einföldum hætti þegar þeim hentar best.

Bláa Lónið leggur áherslu á að byggja upp öflugan leiðtoga sem njóta trausts. Stuðningur mannauðssviðs og leiðtogaþjálfun skipta sköpum þegar kemur að því að efla hæfni stjórnenda við að byggja upp gott vinnuumhverfi. Leiðtogaþjálfun fór fram í samvinnu við Opna Háskólann en öll þrjú stjórnenda tóku þátt í þjálfuninni. Einnig var boðið upp á markþjálfun til að efla stjórnendur og starfsfólk enn frekar.

223

Námskeið

Öryggi og heilsa

Öryggi og vellíðan í þágu gesta og starfsfólks eru órjúfanlegir þættir allra verka og ákvarðana.

Nálgun Bláa Lónsins á öryggismál miðar að því að festa í sessi menningu þar sem öryggi er órjúfanlegur þáttur allra verka og ákvarðana. Það næst fram með því að byggja á þeirri öryggismenningu sem er til staðar, draga lærdóm og stefna lengra með framsækinni nálgun og hugrekki.

Í þessu samhengi er mikilvægt að skilja einstakt umhverfi Bláa Lónsins. Til að fyrirbyggja atvik byggir Bláa Lónið aðgerðir sínar á áhættumati. Þessar aðgerðir endurspeglast m.a. í upplifun starfsfólks og gesta, hönnun upplifunarsvæða, framkvæmdum, þjálfun starfsmanna og upplýsingum til gesta.

Árið 2023 var nýtt atvikaskráningaapp innleitt hjá fyrirtækinu. Appið er einfalt í notkun og gerir atvikaskráningu skilvirkari en áður, sem leiddi af sér fjölgun skráninga. Með fleiri skráningum fæst betri yfirsýn og tækifæri til að ráðast í fyrirbyggjandi aðgerðir. Öll atvik eru rýnd, grunnorsök þeirra greind og umbótum fylgt eftir þar sem þörf er á.

Til að tryggja skilvirk viðbrögð í neyð eru neyðaráætlanir reglulega uppfærðar og aðgengilegar starfsfólki. Miðlægt viðbragð er tryggt með kerfisbundnu eftirliti og sólarhringsvöktun öryggisvarða. Á opnunartíma baðstaða Bláa Lónsins sér teymi vel þjálfaðra gæslumanna um eftirlit með öryggi baðgesta.

Heilsa og öryggi í starfi

Andleg og líkamleg heilsa er grundvöllur lífsgæða og vellíðanar. Í samræmi við leiðarljós Bláa Lónsins, Wellbeing for People and Planet, hefur fyrirtækið fjölgað valkostum sem standa starfsfólki til boða

til að byggja upp og viðhalda góðri heilsu. Meðal þessara valkosta eru viðtöl hjá sálfræðingi og trúnaðarlækni, aðgangur að líkamsræktarstöðvum án endurgjalds, heilsufarsskoðanir og bólusetningar gegn influensu. Allt vinnusvæði er hannað með öryggi og heilsu starfsfólks í huga og með virku samtali við starfsfólkið er stöðugt leit að leiða til að bæta starfsumhverfi þeirra. Þá er mótuneytið hannað með það fyrir augum að skapa þægilegt og afslappað andrúmsloft um leið og ávallt er boðið upp á fjölbreyttan og næringarríkan mat.

Atvik

Meginorsök atvika hjá Bláa Lóninu á árinu, bæði hvað varðar gesti og starfsfólk, eru hálfyrirborð, t.a.m. vegna bleytu eða ísingar. Með tilliti til sýnbreytilegs umhverfis, ekki síst hvað varðar veðurfar á Íslandi, er fyrirtækið stöðugt á verði vegna þessarar tilteknu áhættu og gripið er til ráðstafana hvenær sem þörf er á til að koma í veg fyrir atvik og til að draga úr líkum á að atvik endurtaki sig.

Eldsumbrot og rýmingar

Jarðhræringar og eldsumbrot, sem hafa verið viðvarandi frá árinu 2020, tóku breytingum á seinni hluta ársins þar sem virknin færdist nær Svartsengi. Mikil óvissa fylgdi upphafi þessa kafla og kallaði á auknið samráð við vísindamenn og viðbragðsaðila til að ná utan um stöðuna og nauðsynlegar aðgerðir. Útfærsla rýmingaráætlunar var í stöðugu endurmati til að tryggja skilvirka rýmingu. Haldið var þétt utan um fræðslu til starfsfólks og reglubundnar æfingar á rýmingaráætlun. Mikill lærdómur hefur skapast á þessum tíma sem hefur styrkt allar aðgerðir og áætlanir félagsins til framtíðar.





Sjálfbærni í fyrirtækjarekstri

07

B Corp™ vottun

Drifkraftur til góðra verka.

Markmið B Corp vottunar er að umbylta viðskiptaháttum með því að fá fyrirtæki til að meta þau áhrif sem starfsemi þeirra hefur – til dæmis á umhverfi, einstaklinga og samfélög – til jafns við fjárhagslegan gróða. Þannig staðfestir alþjóðleg gæðavottun B Corp að fyrirtæki nýti krafta sína raunverulega til góðs og taki meðal annars tillit til sjálfbærni, jafnréttis og umhverfis þegar viðskiptaákvæðanir eru teknar.

B Corp stendur fyrir „B Corporation“ og á við um fyrirtæki sem hefur uppfyllt tiltekna samfélags- og umhverfisstaðla og hlotið þar til gerða vottun frá B Lab™. B Lab er sjálfseignarfélag sem ekki er rekið í hagnaðarskyni heldur hefur það að markmiði að breyta viðskiptaháttum á heimsvísu. Félagið er byggt á þeirri sýn að öll fyrirtæki ættu að mæla og meta þau áhrif sem þau hafa til jafns við fjárhagslegan gróða. B Lab telur að annars konar efnahagur, þar sem fyrirtæki nýta krafta sína til góðs, sé ekki aðeins mögulegur heldur nauðsynlegur.

B Corp vottun er ætluð fyrirtækjum sem eru rekin í ágóðaskyni og vilja ná jafnvægi á milli ásetnings og ágóða. Til að hljóta B

Corp vottun verður fyrirtæki að uppfylla tiltekna staðla og ganga í gegnum stranga úttekt á öllum þáttum starfseminnar, þ.e. starfsfólki, viðskiptavinum, samfélagi, umhverfi og stjórnarháttum. Úttektin metur ýmsa þætti á borð við laun og ávinning starfsfólks, samfélagsþátttöku, umhverfisaðgerðir og gagnsæi aðfangakeðju. Fyrirtæki þurfa að fá a.m.k. 80 stig til að vera gjaldgeng til vottunar. B Corp vottuð fyrirtæki taka tillit til þeirra viðtæku áhrifa sem þau hafa og styrkja skuldbindingu sína gagnvart samfélags- og umhverfislegri ábyrgð.


Árið 2023 hlaut félagið B Corp vottun með 98,6 stig, sem þýðir að Bláa Lónið tilheyrir hópi fyrirtækja sem uppfylla strangar kröfur um samfélags- og umhverfislegan árangur og ábyrgð.

Nánari upplýsingar um veitingu vottunarinnar má finna á bluelagoon.com/b-corp.

Finna má staðfestingu fyrir vottun á vef B Corp: bcorporation.net/en-us/find-a-b-corp/company/blue-lagoon/.

Stigafjöldi skv. B Impact kvarðanum

- Meðalstigafjöldi hefðbundinna fyrirtækja
- Lágmarksstigafjöldi til að hljóta vottun
- Heildarstigafjöldi Bláa Lónsins



Áhrifasvið	Stig
Stjórnarhættir	7,6
Starfsfólk	24,1
Samfélag	24,1
Umhverfi	38,7
Viðskiptavinir	4,0
Samtals	98,6



Í átt að aukinni sjálfbærni

Frá upphafi hafa sjálfbærnisjónarmið einkennt vegferð félagsins.

Alveg frá því að fyrsta lónið myndaðist í Svartsengi var ljóst að huga þurfti sérstaklega að umhverfismálum og verndun einstakrar náttúru svæðisins. Á þeim tíma var sérstaklega leitað í gamla íslenska hugsjón sem felst í hagnýtni og viðleitni til að fullnýta og endurnýta auðlindir til hagsbóta fyrir samfélagið. Í samræmi við þessa hugsjón var rýnt í þau tækifæri sem fólust í myndun lónsins í stað þess að líta á það sem vandamál sem þyrfti að leysa. Alla tíð síðan hefur þessi hugsjón einkennt störf Bláa Lónsins og stýrt þróun upplifunar-svæða, þjónustu og vöruframboðs.


Bláa Lónið tilheyrir einnig Auðlindagarðinum sem er samfélag fyrirtækja á Reykjanesi sem fjölnýta auðlindastrauma frá

jarðvarmaveri HS Orku í sínum rekstri. Sameiginleg áhersla þeirra felst í að stuðla að samfélagi án sóunar.

Yfir árin hefur Bláa Lónið sífellt aðlagð sig að stefnum og straumum sem snúa að sjálfbærni. Félagið einsetur sér að hámarka sjálfbærni eins og hægt er með því að lágmarka umhverfisleg áhrif og skapa bæði félagslegan og efnahagslegan ávinning fyrir nærsamfélagið. Sjálfbærni vegferð lýkur aldrei enda er stöðugt leitað nýrra leiða við að bæta jafnvægi á milli efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra þátta, um leið og komið er til móts við þarfir hagaðila fyrirtækisins með samvinnu og samstöðu.



Wellbeing for People and Planet
Leiðarljósí Bláa Lónsins má lýsa með neðangreindum hætti:



Samfélagsábyrgð

Félagið hefur innleitt fjölda verkefna til að samþætta samfélags- og umhverfissjónarmið starfseminnar til framtíðar.



Bláa Lónið leggur ríka áherslu á samfélagslega ábyrgð (e. Corporate Social Responsibility) og hefur innleitt fjölda verkefna til að samþætta samfélags- og umhverfissjónarmið inn í starfsemi sína. Þar má nefna verkefni eins og frekari fjölnýtingu jarðsjávar, verndun náttúrunnar og uppbyggingu áfangastaða, fræðslu og þjálfun, jafnrétti kynjanna, stuðning og þátttöku í mikilvægum samfélagslegum verkefnum sem stuðla öll að því að styrkja samfélagslegar stoðir og tryggja jákvæðan vöxt samfélagsins samhliða vexti Bláa Lónsins.

Samfélagsábyrgð Bláa Lónsins endurspeglar skuldbindingu félagsins um umhverfisvernd, félagslegan stuðning og siðferðilega viðskiptahætti; skuldbinding sem gagnast ekki einungis hagaðilum félagsins heldur stuðlar einnig að sjálfbærni starfseminnar og umhverfisins til framtíðar.

Viðmiðunarstaðall ISO 26000

Leiðbeiningar ISO 26000 staðalsins eru mikilvægt viðmið og voru nýttar sem tæki til að innleiða ferla sem miða að samfélagsábyrgð í stjórnkerfi og stefnumótun Bláa Lónsins. Staðallinn leiðbeinir fyrirtækjum, allt frá hugmynd til aðgerða, hvernig best er að meta núverandi aðstæður og vinna í framhaldinu að umbótum og aukinni samfélagslegri ábyrgð.

Þverfagleg nefnd vegna samfélagsábyrgðar

Frá árinu 2019 hefur þverfagleg nefnd starfað innan Bláa Lónsins sem heldur utan um málefni er lúta að samfélagslegri ábyrgð. Markmið nefndarinnar er að innleiða samfélagsábyrgð í öllum starfseiningum



Markmið í sjálfbærni

Markmið 2023	Árangur 2023	Markmið 2024	Langtíamarkmið
Yfirfara ferli og hefja innleiðingu	Nýtt verkefni fyrir samfélagsstuðning er komið á laggirnar	Klára að innleiða samfélagsstuðning fyrir allar rekstrareiningar félagsins	Samfélagsstyrkir í fullu samræmi við áherslur fyrirtækisins
Innleiða fleiri sjálfbærni-verkefni meðal starfsfólks	B Corp vottun og fræðsla til starfsfólks.	Tengja sjálfbærni betur inn í viðburði starfsfólks	Samfélagsábyrgð er órjúfalegur hluti af menningu Bláa Lónsins
Skoða niðurstöður og upplýsa hagaðila	Niðurstöður voru rýndar og höfðu mótandi áhrif á sjálfbærnisráðgjafur félagsins	Endurmeta hagaðila með tilkomu nýrra rekstrareininga	Virk samskipti við alla helstu hagaðila fyrirtækisins
Fara yfir skilmála og vinna að innleiðingu	Ný tæki skoðuð til að meta birgja betur	Prófa nýjar leiðir til að meta birgja	Stjórnkerfi Bláa Lónsins starfar eftir ISO 26000 leiðbeiningum
Hafa skýrslu í samræmi við nýjar skorður	Kröfur ESRS voru innleiddar inn í viðmið GRI og gagnaoftun aðlöguð að nýjum kröfum	Næsta sjálfbærnisráðgjafur í fullu samræmi við kröfur ESRS	Aðgengileg skýrsla sem útskýrir ítarlega samfélagsábyrgð og sjálfbærni Bláa Lónsins
Nota stjórnendatæki heimsmarkmiða til að meta áhrif	Búið að meta félagið með stjórnendatæki B Lab og meta áhrif þess á heimsmarkmiðin	Setja markmið í stjórnendatæki B Lab til að bæta frammistöðu félagsins til heimsmarkmiðanna	Full innleiðing heimsmarkmiða í allri starfsemi og markmiðasetningu fyrirtækisins
Ljúka ferli og tryggja B Corp vottun	Bláa Lónið og Blue Lagoon Skincare varð B Corp vottað árið 2023	Setja markmið í stjórnendatæki B Lab til að safna fleiri stigum og þar með bæta sjálfbærninálgun félagsins	Viðhalda vottun B Corp

um fyrirtækisins auk þess sem hópurinn leitast við að bæta frammistöðu fyrirtækisins á vettvangi málefna sem snúa að samfélags- og umhverfistengdum þáttum.

Alþjóðleg gæðavottun B Corp

Í kjölfar mikillar greiningarvinnu lauk úttektarferli B Lab og sumarið 2023 hlutu Bláa Lónið í Svartsengi og Blue Lagoon Skincare alþjóðlega gæðavottun B Corp. Bláa Lónið er annað fyrirtækið á Íslandi til þess að hljóta vottunina.

Tíu grundvallarviðmið UN Global Compact

Frá árinu 2018 hefur Bláa Lónið horft til grundvallarviðmiða Global Compact verkefnis Sameinuðu þjóðanna við mótun stefnu, setningu markmiða og verklags, sérstaklega með tilliti til samfélagslegrar ábyrgðar. Fyrirtæki gegna almennt mikilvægu hlutverki við að tryggja almenn mannréttindi á vinnumarkaði, umhverfisvernd og baráttuna gegn spillingu og er Bláa Lónið þar engin undantekning.

Almenn mannréttindi

Bláa Lónið býr að sterkri íslenskri vinnulöggjöf þar sem rík áhersla er lögð á mannréttindi. Virðing fyrir manneskjunn og náttúrunni er í forgrunni í öllum verkefnum sem ráðist er í hjá fyrirtækinu í takt við leiðarljósið, Wellbeing for People and Planet. Unnið er samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 ásamt lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðerni, uppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu nr. 86/2018. Þá er lögð áhersla á að allt starfsfólk eigi rétt á að vinna í öruggu vinnuumhverfi sem er laust við hvers kyns ofbeldi, einelti, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni og einelti. Allt starfsfólk fyrirtækisins fær sömu tækifæri til starfsþróunar og að nýta sér fjölmörg hlunnindi sem eru í boði fyrir starfsfólk. Þar má nefna fræðslu og þjálfun, ferðir til og frá vinnu, líkamsræktarstyrki og fæði sem eingöngu er greitt lágmarksgjald fyrir.

10 grundvallarviðmið UN Global Compact

Mannréttindi

Regla 1:

Fyrirtæki eiga að styðja og virða verndun alþjóðlega viðurkenndra mannréttinda.

Regla 2:

Tryggja ber að fyrirtæki komi ekki á neinn hátt að mannréttindabrotum.

Aðalstefna Bláa Lónsins er siðferðilegur hornsteinn rekstrar- og stjórnarhátt félagsins. Þar er að finna kjarna af þeim fimm stefnuþáttum sem tiltaka umhverfismál, heilsu og öryggi, mannauð, gæði og samfélagslega ábyrgð fyrirtækja.

Vinnuafli

Regla 3:

Fyrirtæki eiga að standa vörð um félagafrelsi og viðurkenna réttinn til kjarasamninga.

Regla 4:

Afnám hvers kyns nauðungar- og skylduvinnu.

Regla 5:

Algert afnám barnaþrælkunar.

Regla 6:

Afnám mismununar er varðar starf og stöðu.

Bláa Lónið hugar stöðugt að starfsfólki fyrirtækisins. Í mannauðsstefnu félagsins er lögð áhersla á umhyggju fyrir heilsu og vellíðan, jafnrétti, réttmætar ráðningaraðferðir, faglega þjálfun og þróun í starfi, og sterka teymismenningu sem byggir á gildum Bláa Lónsins.

Umhverfi

Regla 7:

Fyrirtæki ættu að viðhafa varúð í nálgun sinni á verkefni sem snúa að umhverfinu.

Regla 8:

Fyrirtæki ættu að leggja sitt af mörkum til að stuðla að aukinni umhverfisábyrgð.

Regla 9:

Fyrirtæki ættu að hvetja til þróunar og útbreiðslu umhverfisvænnar tækni.

„Samfélag án sóunar“ er kjörorð Bláa Lónsins og Auðlindagarðsins sem það tilheyrir. Í umhverfisstefnu félagsins eru skilgreind þrjú áherslusvið sem tengjast umhverfisábyrgð: sjálfbær, kolefnishlutlaus og plastlaus upplifun.

Gegn spillingu

Regla 10:

Fyrirtæki ættu að vinna gegn spillingu í allri sinni mynd, þar með talið fjárkúgun og mútur.

Stefna Bláa Lónsins um samfélagsábyrgð miðar að því að tryggja siðferðileg rekstrarskilyrði, að lagalegum kröfum sé ávallt fylgt og að tekið sé mið af alþjóðlegum viðmiðum. Félagið metur frammistöðu sína útfrá félagslegum, efnahagslegum og umhverfislegum áhrifum starfseminnar á bæði nærsamfélagið og á alþjóðavísu.

Heimsmarkmiðin

Bláa Lónið leggur sitt af mörkum til að styðja við metnaðarfull heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.



Markmiðagreining

Árið 2023 var áhersla lögð á alhliða greiningu á markmiðum sem tengdust öllum heimsmarkmiðum í þeim tilgangi að finna bein tækifæri til að auka jákvætt framlag fyrirtækisins. Bláa Lónið er enn sem fyrr staðfastur stuðningsaðili sjálfbærni og leikur mikilvægt hlutverk í sanngjarnari og umhverfislega meðvitaðri framtíð á heimsvísu.

Sjá töfluna *Áherslur í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (SDG)* í viðauka.

Aðgerðastjóri heimsmarkmiða

Innleiðing á aðgerðastjóra heimsmarkmiða, verkfæris sem hnattrætt samkomulag Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum lætur í té, er til marks um einbeittan ásetning Bláa Lónsins að aðlaga starfseminu að heimsmarkmiðunum. Innleiðing verkfærisins mun hafa áhrif á stjórnarhætti og markmiðasetningu félagsins, ásamt fram-

setningu gagna í sjálfbærnisýrslu félagsins til næstu ára.

Heimsmarkmiðin eru eins og leiðarvísar að því markmiði að útrýma fátækt, vernda jörðina og tryggja velsæld fyrir árið 2030. Bláa Lónið samþykkti þessa áætlun og innleiddi aðgerðastjóra heimsmarkmiða til að leiða alla sjálfbærnivinnu. Áætlunin mótur vegferð í átt að sjálfbærari framtíð um leið og hún gerir fyrirtækinu öllu kleift að ganga í takt við heimsmarkmiðin.

Mat á starfseminni á grundvelli allra 17 heimsmarkmiðanna leiddi í ljós styrkleika, veikleika og tækifæri til umbóta. Fyrirtækið einbeitt sér að því að gera betur, setja metnaðarfull markmið og ýta undir samstarf. Ætlunin er að auka áhrif fyrirtækisins og hafa merkingarbær áhrif á sjálfbærni-markmið á heimsvísu.



Aðgerðastjóri heimsmarkmiða

Aðgerðastjórinn sameinar áhrifamat B Lab og tíu meginreglur UN Global Compact sem hjálpar félaginu að forgangsraða ákvörðunum og aðgerðum með sjálfsmati, umbótaverkefnum og viðmiðunum við aðra.

Súlurnar á meðfylgjandi mynd benda til þeirra markmiða þar sem félagið hefur

sýnt fram á góða frammistöðu sem og þeirra markmiða þar sem félagið hefur tækifæri til að hafa jákvæð áhrif. Grunnviðmið endurspeglar frammistöðu fyrirtækisins í mannréttindum, vinnubrögðum, umhverfisstjórnun og góðum stjórnarháttum. Punktalínan lýsir meðaltali annarra B Corp vottaðra fyrirtækja í sama stærðarflokki.



Framlag Bláa Lónsins til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna



Velferð fyrir fólk og plánetuna

Kjarnastarfsemi okkar miðar að því að stuðla að bættri heilsu og vellíðan gesta okkar og viðskiptavina. Hluti starfsemi okkar er að bjóða upp á meðferðir fyrir þá sem eru með psoriasis. Húðvörur okkar eru afrakstur meira en 30 ára rannsókn- og þróunarstarfsemi og ein af húðvörulínum félagsins, DERMA, er ætluð þeim sem eru að glíma við húðkvilla.

Í Bláa Lóninu höfum við innleitt öryggisráðstafanir bæði fyrir starfsfólk okkar og gesti en einnig styðjum við margs konar heilsu- og velferðarverkefni til að vekja athygli á málefnum.



Orka

Við notum 100% endurnýjanlega orku frá jarðvarmaveri HS Orku. Mörgum verkefnum hefur verið ýtt úr vör á síðustu árum til að bæta orkunýtingu í tækjabúnaði og byggingum. Við stefnum að því að vekja í auknum mæli athygli á ábyrgri nýtingu orkuauðlinda um allan heim.



Sjálfbær rekstur

Starfsemi okkar byggir á vistfræðilegri hringrás jarðsjávarsins á Reykjanesskaga. Við tökum virkan þátt í átaksverkefnum í Reykjanes UNESCO Geopark til að bæta sjálfbæra innviði og styðja við starfsemi í nærumhverfi okkar. Við stuðlum að þróun og tækni til að skapa verðmæti fyrir svæðið.



Hringrásarhagkerfi

Við styðjum eindregið innleiðingu ábyrgra viðmiða fyrir framleiðslu og neyslu. Þegar það er mögulegt öflum við aðfanga á staðnum eða frá nærsamfélaginu og við kaupum efni sem auðvelt er að endurnýta eða endurvinna. Þannig reynum við að lágmarka sóun og myndun úrgangs. Við störfum náið með öðrum aðilum á svæðinu til að stuðla að sjálfbærni og verndun náttúruauðlinda.



Loftslagsaðgerðir

Hjá Bláa Lóninu mælum við kolefnislosun okkar og vinnum markvisst að því að draga úr og jafna út kolefnisfótspor okkar. Við styðjum og eflum sjálfbærar samgöngur og vinnum að vitundarvakningu um loftslagsbreytingar bæði innan fyrirtækisins og utan þess.

Helstu hagaðilar

Bláa Lónið leggur áherslu á að auka vitund almennings og allra hagaðila um sjálfbærni.

Árin 2022-2023 var framkvæmd hagaðila-greining til að meta hvaða lykiláhrifaþætti ber að vakta og upplýsa um í rekstri félagsins. Niðurstöður greiningarinnar höfðu mótandi áhrif á uppsetningu og skipulag þessarar sjálfbærnisráðgjafar.

Endurgjöf hagaðila var safnað nafnlaust með spurningalistum á bæði ensku og íslensku. Með könnuninni fengust bæði meginleg og eigindleg gögn frá lykilhaga-

aðilum félagsins, með áherslu á sjálfbærni og tækifæri til umbóta. Yfir 740 hagaðilar tóku þátt í könnuninni.

Könnunin leiddi í ljós samþykki hagaðila á eftirfarandi viðfangsefnum þar sem meðaleinkunn var yfir 4 á kvarðanum 1 til 6. Frekari upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður könnunarinnar má finna í sjálfbærnisráðgjafar ársins 2022.

Efnahagsleg málefni	Umhverfisleg málefni	Félagsleg málefni
Efnahagsleg og fjárhagsleg afkoma	Orkuskilvirkni	Atvinna og fyrirtækjamenning
Óbein efnahagsleg áhrif sem Bláa Lónið gæti haft á nærsamfélagið	Vatnsnotkun	Heilsa og öryggi starfsfólks og gesta
Aðgerðir gegn spillingu og samkeppnishömlum	Áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika	Þjálfun og menntun
Skattlagning	Útblástur og loftslagsbreytingar	Fjölbreytni og jöfn tækifæri
Öflun og nýting auðlinda	Endurvinnsla úrgangs	Mannréttindi
Viðskipti við nærsamfélagið	Minnkun einnota plasts	Stuðningur við nærsamfélagið
		Frelsi til félagasamtaka og kjarasamningagerðar
		Barnaþrælkun og nauðungarvinna
		Jafnræði


Forgangsröðun málefna samkvæmt hagaðilum

1. Heilsa og öryggi starfsfólks og gesta
2. Óbein efnahagsleg áhrif á samfélagið
3. Losun og loftslagsbreytingar
4. Jöfn samkeppni og gegn spillingu
5. Draga úr notkun á einnota plasti
6. Innkaup í nærsamfélaginu
7. Efnahagsleg frammistaða
8. Mannréttindi
9. Áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika
10. Endurvinnsla úrgangsefna

Helstu hagaðilar Bláa Lónsins 2023



Sjálfbærnivegferð Bláa Lónsins





Efnahagsleg áhrif

08

Efnahagsleg áhrif

Bláa Lónið leggur áherslu á að stunda viðskipti sem skapa sameiginleg verðmæti meðal hagaðila.

Starfsemi Bláa Lónsins gekk mjög vel stærstan hluta ársins 2023 en þó settu jarðhræringar og eldsumbrot mark sitt á starfseminu undir lok árs. Í kjölfar jarðskjálftanna í nóvember og eldgossins í desember var Bláa Lóninu gert að leggja niður starfsemi á athafnasvæði sínu í Svartsengi. Á árinu 2023 voru þetta samtals 53 dagar. Þrátt fyrir þessa truflun á rekstri er fjárhagsstaða félagsins sterk.

Bláa Lónið leggur áherslu á að stunda viðskipti sem skapa sameiginleg verðmæti meðal hagaðila, sérstaklega í nærsamfélaginu. Þessari nálgun fylgir margvíslegur ávinningur. Með því að kaupa ferskafurðir frá nærliggjandi birgjum eru gæðin tryggð á sama tíma og stuðlað er að staðbundinni þróun og öruggara aðgengi afurða. Einnig dregur það úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna styttri flutningsleiða og minni innpökkunar til að tryggja gæði vöru. Allt spilar þetta saman í að geta boðið viðskiptavinum Bláa Lónsins umhverfisvænni hágæðavörur úr heimahögum nærsamfélagsins, öllum til hagsbóta.

Á síðasta ári nam efnahagslegt framlag félagsins 82% af veltu þess eða sem nemur 17,1 milljarði króna. Af þessari upphæð var skattspor félagsins um 4,9 milljarðar sem runnu til ríkis og sveitafélaga í formi skatta og gjalda.

Við upptöku alþjóðlegra reikningsskila- staðla (IFRS 1) nýtti félagið heimild til þess að færa upp gangvirði fasteigna sinna. Heildaruppfærsla fasteigna nam 180 m. evra og á sér stað á innleiðingardegi sem telst vera 1. janúar 2022. Við uppfærsluna hækkar eigið fé um 144 m. evra og skatt- skuldbinding um 36 m. evra


Vöxtur félagsins

Á árinu var áfram unnið að metnaðarfullum þróunarverkefnum innan samstæðunnar. Í byrjun júlí hófst rekstur í nýrri og glæsilegri aðstöðu í Kerlingarfjöllum. Þar stendur gestum til boða fjölbreytt úrval gistingar auk heitra baða og fjölbreyttrar afþreyingar. Undirbúningur að uppbyggingu hótels, baðstaðar og gestastofu í Þjórsárdal stendur yfir. Jarðvegsframkvæmdir hófust undir lok árs og ráðgert er að byggingarframkvæmdir hefjist af krafti á árinu 2024.

Á árinu bættust við tvö félög í samstæðu Bláa Lónsins hf., Hrauneyjar ehf. og Ferðaþjónustan Hoffell ehf. Í báðum félögum er rekin gisti- og veitingaþjónusta. Kaup félaganna styðja við vaxtarstefnu samstæðunnar og horft er til frekari uppbyggingar og þróunar á starfseminni á næstu árum.

Endurskoðaðan samstæðureikning Bláa Lónsins hf. fyrir árið 2023 má finna [hér](#).

Efnahagsleg áhrif



- 18% efnahagslegur ávinningur
- 24% til ríkisins
- 15% launatengd gjöld
- 4% greiddur vsk.
- 3% tekjuskattur
- 1% fasteignagjöld
- 1% tollgreiðslur
- 1% samfélagsstyrkir
- 82% efnahagslegt framlag
- 31% til birgja og verktaka í formi rekstrarkostnaðar
- 26% til mannauðs í formi nettó launa starfsfólks

Velta

€140.005.759

EBITDA

€38.833.956

Afkoma eftir skatta

€18.257.940

Eigið fé

€219.006.650

Handbært fé


€14.105.418

27,7%
EBITDA/velta

57%
Eiginfjárlutfall


8,5%
Arðsemi eigin fjár

Eigið fé




*Endurgerður rekstrarreikningur vegna innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Innleiðingardagur var 1.1. 2022. Sjá skýringu 22 í ársreikningi samstæðunnar 2023.

EBITDA



Skattspor



Sjálfbærni í innkaupum

Bláa Lónið stuðlar að ábyrgum viðskiptaháttum og vistvænum viðskiptasamböndum í nærsamfélaginu.

Bláa Lónið stuðlar að ábyrgum viðskiptaháttum og innkaupum á vörum og þjónustu. Við val á birgjum og verktökum er lögð áhersla á hagkvæm og vistvæn viðskiptasambönd í nærsamfélagi félagsins. Félagið hefur sett sér stefnu með áherslu á sjálfbærni í innkaupum og skýrar innkaupareglur til að fylgja henni eftir. Innan fyrirtækisins starfar teymi innkaupafulltrúa sem hittist reglulega og rýnir í stefnuna, reglurnar og hagræðingu í innkaupum. Teymið framkvæmir einnig árlegt birgja- og verktakamat út frá eftirfarandi þáttum:

- Mikilvægi fyrir rekstur
- Fjöldi og alvarleiki frávik
- Kostnaður
- Gæði vöru/þjónustu
- Afhendingartími
- Öryggi og heilsa
- Umhverfi
- Ímynd

Staðsetning helstu birgja og verktaka Bláa Lónsins á Íslandi:



Matið skilar einkunn fyrir hvern birgja eða verktaka sem ræður því hvort áfram séu stunduð viðskipti við viðkomandi. Ef matið skilar lágri einkunn er leitað leiða til að bæta úr því með viðkomandi.

Jákvæð áhrif af rekstri Bláa Lónsins eru mikil, hvort sem litið er til samfélagsins í heild sinni eða til nærsamfélagsins sérstaklega. Bláa Lónið verstaði til að mynda vörur og þjónustu af birgjum og verktökum fyrir um 6,2 milljarða króna á síðasta ári. Um 90% þeirra viðskipta áttu sér stað hjá íslenskum birgjum og verktökum og 5,6 milljarðar króna skiluðu sér þannig aftur inn í íslenskt hagkerfi. Stærstur hluti viðskiptanna var við birgja og verktaka í innan við 80 km fjarlægð frá Svartsengi. Enn fremur voru yfir 20% viðskipta við íslenska birgja og verktaka innan Suðurnesja.

Markmið ársins 2023 var að auka viðskipti innan Suðurnesja að því marki að meira en 25% af innlendum viðskiptum færu fram innan þess svæðis. Markmiðið náðist ekki en verður endurskoðað fyrir næsta ár.

Félagið vaktar innkaup sín stöðugt með áherslu á að auka þau innan Íslands og enn fremur innan 80 km frá rekstrarstöðvum, sérstaklega innan Suðurnesja. Þannig tryggir Bláa Lónið að nærsamfélagið njóti góðs af áframhaldandi vexti félagsins og eykur áreiðanleika í birgðum og sérhæfni í þjónustu til framtíðar. Með því að versla í nærsamfélaginu dregur Bláa Lónið einnig úr kolefnislosun vegna flutninga á vörum, styttr biðtíma og einfaldar birgðastýringu. Með tilkomu nýrra rekstrareininga á borð við Kerlingarfjöll verða innkaup í nærsamfélagi félagsins sérstaklega greind á næsta ári.

Umhverfisleg áhrif



Umhverfisleg áhrif

Markmið Bláa Lónsins í umhverfismálum endurspeglast í umhverfisstefnu og sjálfbærnimálum félagsins.

Sjálfbær nýting auðlinda og verndun umhverfis til að tryggja lífsgæði komandi kynslóða haldast í hendur við verðmætisköpun og sjálfbæra þróun Bláa Lónsins. Bein tengsl manns og náttúru eru orðin sjaldgæf upplifun í annasömu daglegu lífi okkar. Bláa Lónið skapar þessar tengingar með einstakri upplifun í formi þjónustu á Íslandi og húðvörum um allan heim.

Markmið og umbótaverkefni í umhverfismálum

Markmið Bláa Lónsins í umhverfismálum endurspeglast í umhverfisstefnu og sjálfbærnimálum félagsins. Þar er sérstök áhersla lögð á að draga úr umhverfisspori fyrirtækisins m.t.t. losunar gróðurhúsalofttegunda, plastnotkunar og aukinnar sjálfbærni í rekstri.

Allt frá stofnun Bláa Lónsins hefur verið rík áhersla á fjölnýtingu auðlindastrauma og að draga úr sóun í rekstri félagsins. Visthringur jarðsjávar er einstakt dæmi um hvernig hægt er að fjölnýta auðlindastrauma á hagkvæman hátt í sátt við samfélag og náttúru. Þessi hugmyndafræði hefur fylgt félaginu allar götur síðan, s.s. í þróun á vörum og upplifunum félagsins og í markmiðasetningu félagsins til framtíðar.

Umhverfisáhrif eru áhættumetin og vöktuð eftir mikilvægi í umhverfisstjórnunarkerfi félagsins til að lágmarka umhverfisspor þess á bæði nær- og fjærumhverfið. Umhverfisstjórnunarkerfið er stöðugt uppfært og viðhaldið í samræmi við breytingar í rekstri og það er vottað samkvæmt ISO 14001 af BSI á Íslandi.



Niðurstöður markmiða

Á árinu 2023 var farið í mörg umbótaverkefni í umhverfismálum til að viðhalda umhverfisstjórnunarkerfinu og lágmarka umhverfisáhrif félagsins.

Helstu áfangar sem náðust á árinu voru:

- Bláa Lónið og Blue Lagoon Skincare fékk B Corp vottun um mitt ár með því að ná yfir 80 stigum í matskerfi B Lab. Félagið er þá orðið eitt af tveimur fyrirtækjum á Íslandi með þá vottun.
- Kröfur Taxonomy voru rýnd og bókhald félagsins aðlagð að þeim.
- Kröfur ESRS samkvæmt CSRD voru rýnd og sjálfbærnisráðgjafar aðlagðar að þeim kröfum ásamt GRI.
- Matskerfi fyrir heimsmarkmiðin á vegum B Lab voru klárað og niðurstöður þess má sjá hér í þessari skýrslu.
- Nýjar áfyllingarstöðvar voru settar upp í verslunum Blue Lagoon Skincare á Laugarvegi og í Kringlunni. Þannig geta nú viðskiptavinir félagsins komið með tómar umbúðir og fengið áfyllingu í þeim búðum með lægri tilkostnaði.
- Fjárfest var í nýjum mælibúnaði til að fylgjast með loftgæðum utandyra á athafnarsvæði Bláa Lónsins í Svartsengi. Mælirinn mælir bæði brennisteinsvetni (H2S) og brennisteinstvíoxíð (SO2).
- Félagið hóf samræður við LBHÍ og gróðursérfræðing á vegum Orku Náttúrunnar í að stuðla að uppvexti gamburmosa í nærumhverfi Bláa Lónsins í Svartsengi.
- Vöktun á innkaupum frá nærsamfélaginu var bætt þannig að hægt er að vakta þau stöðugt og fylgjast með þróun þeirra.
- Nýjum rekstrareiningum félagsins var bætt inn í umhverfisbókhald þess þannig að Bláa Lónið hf. endurspeglir allar rekstrareiningar þess og að hægt sé að aðgreina þær.

Sum verkefni var ekki hægt að klára á árinu eins og lagt var upp með vegna jarðhræringa seinni hluta árs, þar sem þær höfðu áhrif á forgangsöröðun verkefna. Þau verkefni sem enn eru talin vera umhverfislega mikilvæg fyrir félagið færast yfir á næsta ár.

Áherslur 2024

Í átt að kolefnishlutleysi

- Aðlaga kolefnisbókhald félagsins að kröfum ESRS
- Útfæra rafrænar skýrslur fyrir kolefnisspor félagsins
- Gróðursetja fleiri kolefnisvottaða skóga

Í átt að hringrásarhagkerfi

- Halda áfram að draga úr myndun úrgangs og hækka endurvinnsluhlutfall
- Gera húðvörur Blue Lagoon Skincare plasthlutlausar
- Aðlaga útreikninga á plastspori félagsins að kröfum þriðja aðila

Í átt að sjálfbærni

- Skilgreina samfélagssjóð sem nær til allra rekstrar eininga félagsins
- Halda áfram að innleiða nýjar rekstrareiningar inn í umhverfisbókhald félagsins
- Bæta ferlið fyrir birgja- og verktakamat í samræmi við innkaupareglur félagsins
- Fara í umbótaverkefni í samræmi við vegvísi B Corp

Þessum áherslum verður fylgt eftir út árið og verður árangur metinn út frá settum markmiðum í umhverfismálum árið 2024.

Sjálfbærni í grunninn

Kjarni og uppspretta Bláa Lónsins hafa falist í sjálfbærni-sjónarmiðum allt frá upphafi.

Sjálfbær rekstur

Fyrsta lónið myndaðist árið 1976 vegna affalls jarðsjávar frá jarðvarmaverinu HS Orku, sem þá var í uppbyggingu. Þegar kísilríkur jarðsjórinn kólnaði í hrauninu fóru kísilútfellingar að myndast í vökvanum. Þær fylltu smám saman upp í sprungur hraunsins og í kjölfarið myndaðist lón. Innan skamms byrjuðu íbúar nærliggjandi byggða að baða sig í lóninu og fljótlega fóru á kreik sögusagnir um góð áhrif jarðsjávarins á húðina, sérstaklega húð fólks með psoriasis.

Það var eldmóður stofnanda og forstjóra fyrirtækisins, Gríms Sæmundsen, sem leiddi síðan til stofnunar Bláa Lónsins. Grímur, sem er lækni að mennt, lagði í mikla rannsóknavinnu á eiginleikum jarðsjávarins til að skilja áhrif hans á húðina. Hann stofnaði í fyrstu húðmeðferðarstöð og árið 1992 kom hann svo á fót hinum heimsþekktu baðstað, Bláa Lóninu.

Kjarni og uppspretta Bláa Lónsins hafa því falist í sjálfbærnisjónarmiðum allt frá upphafi. Fyrirtækið hefur ávallt haft það að leiðarljósi að fullnýta auðlindastrauma úr iðrum jarðar, sem eru endurnýttir frá nærliggjandi jarðvarmaveri, til að skapa verðmæti. Þau verðmæti koma m.a. fram í upplifun gesta og vöruþróun. Þessi hugmyndafræði endurspeglast í hönnun á upplifunarferlum, vörum og byggingum félagsins sem eru ávallt þróaðar í sátt við umhverfi sitt.

Visthringur jarðsjávar

Uppruna Bláa Lónsins má rekja til jarðsjávar sem sóttur er úr jarðlögum á um 2.000 metra dýpi undir yfirborði hraunsins sem umlykur starfsemina. Jarðsjórinn er samsettur úr 2/3 sjó og 1/3 ferskvatni og er um 240°C heitur við upptöku. Efnasamsetning

jarðsjávarins, sem er ríkur af steinefnum, gerir hann einstakan. Til að mynda er það kísilútfelling í vatninu sem gefur því sinn heimsþekktu bláa lit. Vökvinn myndar einnig einstakt lífríki þar sem sérstakir blágrænir örþörungar blómstra við kjöraðstæður.


Áralangar vísindarannsóknir á örþörungum, samspili þeirra við kísil og á eiginleikum jarðsjávarins hafa sýnt fram á undra-verðan lækningamátt vatnsins, bæði hvað varðar meðferð við húðkvillum á borð við psoriasis og einnig virkni gegn sýnilegum öldrunareinkennum húðar.

Náttúruleg hráefni

Jarðsjórinn er fyrst nýttur til að framleiða græna orku fyrir nærsamfélagið og því næst er hann fjölnýttur í rekstri fyrirtækisins. Að lokum er honum skilað aftur niður í jarðlögin og þannig aftur inn í hringrásarkerfið. Gufa frá jarðvarmaverinu er notuð til að framleiða sjávarsalt úr jarðsjónum og koltvísýringur frá jarðvarmaverinu er nýttur til að næra blágræna örþörungum sem einangraðir hafa verið úr einstöku vistkerfi lónsins og ræktaðir í Rannsókn- og þróunarsetri félagsins. Þrátt fyrir að jarðvarmaverið framleiði græna orku losnar alltaf náttúrulegur koltvísýringur frá borholunum. Honum er safnað og hluti hans nýttur í ræktun örþörungum.

Blágrænir örþörungar Bláa Lónsins eru einstakir og þekktust ekki fyrr en fyrsta lónið myndaðist. Skyndilega mynduðust fullkomin vaxtarskilyrði sem gerðu örþörungunum kleift að blómstra, sem er nokkuð óvenjulegt fyrir örþörungum. Hár hiti, selta og kísill jarðsjávarins skapa fullkomið umhverfi fyrir þennan tiltekna örþörung. Hann er nú er ræktaður í Rannsókn- og þróunarsetri félagsins í jarðsjónum og

Visthringur jarðsjávar Bláa Lónsins



nærður með grænni orku og náttúrulegum koltvísýringi frá jarðvarmaverinu.

BLUE LAGOON SKINCARE ehf. framleiðir hágæðahráefni í húðvörulínur Bláa Lónsins með því að fjölnýta jarðsjó og aðra auðlindastrauma frá jarðvarmaverinu. Þannig stuðlar fyrirtækið að sjálfbærri nýtingu endurnýjanlegra auðlinda og bindingu koltvísýrings með ræktun örþörunga. Öll hráefni félagsins sem nýtt eru í húðvörur þess eru COSMOS APPROVED og geta því verið notuð í COSMOS NATURAL vottaðar vörur.

Græn orka

Raf- og varmaorkunotkun Bláa Lónsins er öll frá nærliggjandi jarðvarmaveri og er fullkomlega endurnýjanleg. Í innkaupa-stefnu félagsins er markvisst valinn orkusparandi búnaður fram yfir annan og orkusparandi LED lýsing valin þar sem kostur er. Í rekstri vinnur félagið stöðugt að því að finna nýjar leiðir til að draga úr sóun og lágmarka þar með umhverfisspor félagsins. Sóun á orku er einn angur þess. Raforka á Íslandi losar einungis 8,54 g koltvísýringsgilda (CO₂íg) fyrir hverja kílóvattstund sem er með því lægsta í Evrópu og um 30 sinnum lægra en meðaltalið í Evrópu.

Dregið var úr raforkunotkun árin 2020 og 2021 samanborið við fyrri ár eða um þriðjung miðað við árin þar á undan. Þessa lækkun má rekja til samdráttar í rekstri vegna COVID-19. Þá hækkaði meðalnotkun á hvern gest þó töluvert því byggingar og búnaður þurfa ávallt að vera rekin á


lágmarksraforku þó enginn gestur sé í húsi. Aukning árið 2022 er bein afleiðing af fjölgun gesta og aukning árið 2023 varð vegna tilkomu nýrra rekstrareininga inn í bókhaldið. Notkun á hvern gest hefur þó haldist nokkuð jöfn síðustu tvö ár. Félagið leitar stöðugt nýrra leiða til að hámarka nýtni orkustrauma á hverju ári með því að draga úr sóun og fjárfesta í umhverfisvænni búnaði. Þá var fjárfest í nýjum kæliklefa í vöruhúsi félagsins í Grindavík með aukinni varmanýtni og umhverfisvænni kælimiðli, eða koltvísýring. Sá kælimiðill hefur margfalt lægri GWP stuðul en hefðbundnir kælimiðlar. Einnig var ráðist í umbætur á jarðsjávarkerfinu þannig að fækka mátti dælubúnaðareiningum og auka áreiðanleika með bættri orkunýtni.

Vatnsnotkun


Fullnýting auðlindastrauma er það sem einkennir rekstur og vörur Bláa Lónsins. Það er hluti af stefnu fyrirtækisins að hámarka nýtingu jarðsjávar og annarra auðlindastrauma til að skapa einstaka upplifun og náttúruleg verðmæti. Notkun jarðsjávar síðastliðin ár hefur ekki aukist þrátt fyrir tilkomu nýrra rekstrareininga með nýjum baðlönnum. Ástæðan er bestun fyrirtækisins á dælubúnaði jarðsjávar með því að jafna flæði og hitastýringu í baðlönnum þess. Samdráttur í notkun jarðsjávar og annarra auðlindastrauma er í beinum tengslum við samdrátt í rekstri vegna heimsfaraldurs eða náttúruhamfara. Bestun í rekstri hefur leitt til lægri vatnsnotkunar á hvern gest síðastliðin ár.




Raforkunotkun



Notkun á heitu vatni



Notkun á jarðsjó



Aðgerðir í loftslagsmálum

Bláa Lónið kappkostar að vera fyrirmynd í umhverfisvænni upplifun með vellíðan og sjálfbærni að leiðarljósi.

Loftslagsbreytingar og hlýnun jarðar eru stærsta ógn og áskorun mannkynsins í umhverfismálum. Bláa Lónið axlar ábyrgð sína í þessum efnum og stefnir ávallt að því að vera fyrirmynd í umhverfisvænni upplifun með vellíðan og sjálfbærni að leiðarljósi.


Kolefnishlutlaus upplifun

Fyrirtækið hefur haldið utan um kolefnisbókhald sitt síðan 2015 og verið í samstarfi við Kolvið varðandi kolefnisjöfnun á allri losun Bláa Lónsins síðan 2019. Í gegnum það samstarf hefur fyrirtækið komið að gróðursetningu 52.700 trjáa á fimm árum. Kolefnisjöfnunin fyrir árið 2023 náði til raforku, varmaorku, eldsneytisnotkunar,


kælimiðla, gasnotkunar, losunar vegna úrgangs, flugferða starfsfólks, rútuferða starfsfólks og flutnings á vörum félagsins frá vöruhúsum erlendis heim að dyrum viðskiptavinar.

Árið 2023 var heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá Bláa Lóninu 1.391 tonn CO₂_{2ig} og mun Kolviður því gróðursetja tré til að kolefnisjafna þá losun.

Nýr 46 hektara skógur í landi Skriðufells í Þjórsárdal, stutt frá uppbyggingu á nýju upplifunarsvæði, mun skila af sér vottuðum kolefnisheimildum fyrir bæði framkvæmdir og rekstur Fjallabaða. Skógræktin sá um



Útblástur gróðurhúsalofttegunda



- **Umfang 1:** Jarðefnaeldsneyti, kósangas og kælimiðlar
- **Umfang 2:** Orka
- **Umfang 3:** Flug, meðhöndlun úrgangs, rútuferðir starfsfólks og flutningur á vörum
- kgCO_{2eq} á hvern gest

gróðursetningu árið 2022 og heldur utan um bæði viðhald og vottun á skóginum. Skógræktin valdi jafnframt samsetningu trjátegunda svo skógurinn falli sem best að umhverfinu á svæðinu og styðji við fjölbreytileika gróðurs og dýralífs.

Nýjar rekstrareiningar

Fjöldi umbótaverkefna síðastliðinna ára hefur skilað árangri í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda en með tilkomu nýrra rekstrareininga jókst heildarlosunin. Stærsti áhrifavaldurinn í losun fyrirtækisins á síðasta ári var losun vegna jarðefnaeldsneytis. Magn jarðefnaeldsneytis jókst töluvert árið 2023 með tilkomu nýrra rekstrareininga á hálendi Íslands enda er um að ræða svæði sem erfitt er að komast til án sérútbúinna farartækja, sérstaklega á veturna.

Losunarstuðlar uppfærðir

Losun vegna orkunotkunar jókst töluvert á milli ára sem má fyrst og fremst rekja til breytinga á losunarstuðlum fyrir heitt vatn og rafmagn. Félagið hefur byggt sína stuðla á útgefnum losunarstuðlum frá Umhverfisstofnun, en stofnunin byggir sína stuðla fyrst og fremst á ráðleggingum IPCC en einnig að íslenskum aðstæðum. Losun vegna notkunar á heitu vatni hefur lengi vel verið innbyggð inn í losunarstuðul fyrir rafmagnsnotkun, þar sem heita vatnið hefur verið álitid sem hliðarafurð af því. Árið 2023 var þessum stuðlum skipt niður á notkun rafmagns annars vegar og notkun á heitu vatni hins vegar.

Í átt að hringrásarhagkerfi

Sjálfbær nýting auðlindastrauma skapar aukið virði fyrir fyrirtækið og samfélagið.

Samfélag án sóunar eru einkunnarorð Bláa Lónsins í umhverfismálum og markmið Auðlindagarðsins í nýtingu auðlindastrauma. Við hönnun og þróun á nýjum upplifunum eða vörum er ávallt horft til auðlindarinnar og hrakstraumanna frá henni til að meta hvernig hægt er að nýta þá betur. Með rekstri Bláa Lónsins fylgja ýmsir aðrir hrakstraumar (úrgangsefni) sem fyrirtækið vinnur jafnharðan í að flokka og aðgreina til endurnýtingar eða endurvinnslu og skapa þannig aukið virði fyrir fyrirtækið og samfélagið.

Hringrásarumbúðir

Allar nýjar húðvörulínur Bláa Lónsins eru hannaðar og framleiddar í umhverfisvænum hringrásarumbúðum, einkum pappa, áli og gleri í stað plastefna. Vörur í plastumbúðum eru einungis seldar til að vinna upp lager en verða síðan framleiddar

í umhverfisvænni umbúðum. Allur pappír sem notaður er í umbúðir kemur frá ábyrgri skógrækt og er FSC (Forest Stewardship Council) vottaður. Stöðugt er unnið að minni sóun í rekstri með því að draga úr magni umbúða og velja fjölnota fram yfir einnota hvenær sem hægt er. Árið 2023 var áfyllingastöð fyrir handsápu, líkamskrem, handáburð, sturtugel, sjampó og hárnæringu innleidd í verslun Bláa Lónsins í Kringlunni. Þar geta viðskiptavinir komið með tómar umbúðir og fengið áfyllingar á lægra verði samanborið við að kaupa vörurnar í nýjum umbúðum.

Úrgangsmál

Stöðugt er unnið að því að bæta úrgangsmál fyrirtækisins í átt að hringrásarhagkerfi, með áherslu á að draga úr magni úrgangs og að fjölnýta eða auka endurvinnslu efna í rekstri. Heildarmagn úrgangs

dróst saman í heimsfaraldrinum en hlutfall endurunnins úrgangs jókst í kjölfarið og hefur haldist stöðugt síðustu tvö ár í 57%. Bláa Lónið flokkar úrgangsefni frá rekstri í 13 flokka sem eru dreifðir um athafnar-svæði félagsins eftir þörfum og skilvirkni.


Stafrænir ferlar og verklag

Hagræðing í rekstri með notkun tækni og nýjar vörur til að efla stafræna þróun og þjónustu við viðskiptavinum hefur verið í forgangi hjá Bláa Lóninu síðastliðin ár. Fyrirtækið heldur áfram að bæta bókunar- og hugbúnaðarkerfi félagsins og einfalda þannig verklag og draga úr óþarfa prentun og myndun úrgangs.

Allur pappír sem fyrirtækið kaupir inn er PEFC eða FSC vottaður, þ.e. framleiðandinn stundar ábyrga nýtingu og ræktun skóga. Árið 2023 voru prentuð út 15% færri A4 blöð hjá félaginu en árið á undan þrátt fyrir fleiri gesti, fjölgun starfsfólks og aukna veltu. Áætla má að prentun blaða árið 2023 jafngildi nýtingu 19 trjáa.

Fyrirtækið býður nú viðskiptavinum sínum einungis pappapoka og fjölnota poka til sölu til að draga úr óþarfa sóun og plastnotkun. Fjöldi seldra pappapoka jókst í samræmi við fjölgun gesta en fjöldi seldra fjölnotapoka stóð nánast í stað á milli ára. Árið 2023 voru 9 af hverjum 100 seldum pokum fjölnota. Viðskiptavinir eru almennt hvattir til að koma með sína eigin poka en kaupa poka á staðnum ef þörf krefur. Einnig er mikilvægt að fjölnota pokar séu fjölnýttir og því hafa fjölnota pokarnir frá Bláa Lóninu verið hannaðir til að vera bæði

Pappírnotkun Bláa Lónsins




endingargóðir og fallegir. Þeir eru úr bómull svo einfalt sé að endurvinna þá þegar þeir hafa verið fullnýttir.

Einnota plast

Bláa Lónið hefur síðastliðin ár kortlagt plastspor sitt m.t.t. einnota plasts í upplifunarferlum og vörum viðskiptavina sinna. Á þessum tíma hefur félagið unnið markvisst að því að draga úr plastspori sínu og stefnir að því að útrýma öllu einnota plasti úr upplifun sinna gesta. Plastspor fyrirtækisins hefur dregist saman um 87% frá árinu 2019. Rekja má árangurinn til breytinga í framboði á sandólum, fjölnota glasa í baðlóni, fjölnota burðarpoka, umhverfisvænni umbúða matvæla og húðvara félagsins og fleiri umbótaverkefna. Það er skýrt tekið á þessu í umhverfisstefnu félagsins og henni fylgt eftir með markmiðum og verkefnum til að draga úr einnota plasti.

Úrgangsmál Bláa Lónsins 2023



Samfélagsleg
áhrif

10



Lækningamáttur Lónsins

Húðmeðferðir Lækningalindar eru samofnar sögu Bláa Lónsins.

Lækningastarfsemin er samofin sögu fyrirtækisins. Frá 1994 hefur Bláa Lónið boðið upp á meðferð við psoriasis sem byggir á einstökum lækningamætti jarðsjávarins og notkun Blue Lagoon Iceland meðferðarvara.

Psoriasis sjúklingar þurfa beiðni frá húðsjúkdómalækni til að koma í meðferð og fer hún fram undir eftirliti húðsjúkdómalæknis og hjúkrunarfræðings Lækningalindarinnar.

Í mörg ár hefur fyrirtækið boðið Íslendingum náttúrulega meðferð við psoriasis í

Lækningalind Bláa Lónsins án endurgjalds og ríkinu að kostnaðarlausu. Meðferðin er samþykkt af heilbrigðisyfirvöldum sem meðferðarvalkostur fyrir psoriasis sjúklinga.

Á síðasta ári veitti Bláa Lónið psoriasis sjúklingum, sem sjúkratryggðir eru á Íslandi, meðferð þeim að kostnaðarlausu rétt eins og undanfarin ár. Fjöldi meðferðarskipta á árinu var tæplega 1.400.



Samstarf og samstaða

Víðtækt samstarf um sjálfbæra verðmætasköpun.

Bláa Lónið er hluti af Auðlindagarðinum á Suðurnesjum og starfar innan UNESCO Reykjanes Global Geopark. Þannig tilheyrir fyrirtækið víðtæku samstarfi margvíslegra starfseininga á Reykjaneskaganum. Þessu samstarfi er ætlað að efla svæðið sem áfangastað, styðja við sjálfbæra nýtingu auðlinda í sátt við náttúruna og auka um leið við þekkingu, vitund og verndun jarðminja á svæðinu.

Bláa Lónið tekur virkan þátt í fjölbreyttum samstarfsverkefnum sem kynna Ísland sem áfangastað, sérstaklega hvað varðar heilsu og vellíðan. Þar á meðal eru verkefni í sölu- og kynningarmálum, sjálfbærni- og umhverfismálum og nýsköpun. Með þátttöku í þessum verkefnum leggur fyrirtækið sín lóð á vogarskálarnar í verðmætasköpun og samkeppnishæfi Íslands á sviði ferðaþjónustu.



Tengslamyndunarfundur

Samhugur og samstaða um aukna sjálfbærni.

Á skrifstofu Bláa Lónsins í Urriðaholti var haldinn tengslamyndunarfundur með fulltrúum Festu – miðstöð um sjálfbærni. Fundurinn var afar ánægjulegur og einstaklega vel upplýsandi. Áhersla var lögð á mikilvægt hlutverk sjálfbærni, bæði í nærsamfélaginu og utan þess.

Á fundinum fóru fram líflegar umræður og sjónum var beint að komandi kröfum í sjálfbærni á Íslandi. Líkt og framkvæmdastjóri þróunar, sölu- og markaðssviðs Bláa Lónsins, Helga Árnadóttir, benti á þá er sjálfbærni ekki valkostur heldur ábyrgðarluti sem við skuldum jafnt umhverfinu sem og komandi kynslóðum. Fannar Jónsson, gæða- og umhverfisstjóri fyrirtækisins, tók undir það sjónarmið og lagði auk þess áherslu á mikilvægi skuldbindingar heimafélks og að það tæki frumkvæði.

Helga og Fannar ræddu um áhugaverða vegferð Bláa Lónsins hvað varðar sjálfbærni, áherslu á umhverfsvæna starfsemi og nýlegt afrek við að fá hina virtu og alþjóðlegu gæðavottun B Corp™. Þær umræður báru vitni um einlægan áhuga félagsins á sjálfbærni og styðja við leiðarljós félagsins Wellbeing for People and Planet.

Bláa Lónið vill koma á framfæri þakklæti til Festu fyrir að koma á vettvangi þar sem áhugasamir einstaklingar geta komið saman, skipst á skoðunum og unnið saman að því að finna nýjar leiðir til að auka sjálfbærni í rekstri. Í sameiningu er hægt að hafa mikil áhrif og skapa sjálfbærari framtíð fyrir samfélagið og heiminn allan.




Stuðningur við nærsamfélagið

Markviss og viðamikill stuðningur við nærumhverfi og nærsamfélag.

Bláa Lónið styður ár hvert við nærumhverfi sitt og nærsamfélag með viðamiklum og markvissum hætti. Fyrir utan að beina viðskiptum og innkaupum til birgja og samstarfsaðila í nærumhverfi styrkir félagið margvísleg verkefni með beinum fjárstuðningi þar sem íþrótt- og ungmennastarf er í öndvegi ásamt margvíslegum styrkjum til heilsu-, menningar- og umhverfistengdra málefna. Árið 2023 veitti Bláa Lónið slíka samfélagsstyrki fyrir samtals um 220 milljónir króna.

Að frumkvæði Bláa Lónsins hófst vinna árið 2021 við að bæta aðstöðuna við Reykjanesvita, í góðu samstarfi við Hollvínasamtök Reykjanesvita og Reykjanesbæ meðal annarra. Verkefnið hefur verið í stöðugri þróun síðan þá. Gamla vitavarðarhúsið var endurnýjað og aðstæður bættar fyrir gesti svæðisins.

Samfélagsverkefni og styrkir Bláa Lónsins



Árlegt kvennagolfmót Bláa Lónsins var haldið á Húsatóftavelli í Grindavík.

Blue Lagoon Challenge, stærsta fjallahjólakeppni Íslands, var haldin í 27. skipti á árinu.

Líkt og síðustu ár styrkti Bláa Lónið framkvæmdir vegna endurbóta á Reykjanesvita.



Bláa Lónið tilheyrir hópi fyrirtækja sem standa að Forskoti, sjóði sem er ætlað að efla unga afrekskyllinga.

Félagið er bakhjarl Iceland Airwaves og í ár var hátíðinni fagnað með samstarfi við tvo listamenn sem hvöttu fólk til að hægja á og njóta líðandi stundar.



Bláa Lónið var bakhjarl Hönnunarmars og árið 2023 var hönnunarsaga félagsins sett í myndrænan búning á hátíðinni. Listakonan Þórdís Erla Zoega hanna sjónræna upplifun af lóninu.



Aerial photograph of a volcanic landscape. The terrain is light-colored, possibly ash or sand, with several dark, rocky peaks and craters scattered across it. The sky is a clear, light blue. The text 'Aðferðafræði' is overlaid on the left side of the image.

Aðferðafræði

Um þessa skýrslu

Ársskýrslan er unnin og stöðugt betrubætt í samræmi við áherslur GRI.



Ársskýrslan hefur verið undirbúin og stöðugt betrubætt í samræmi við þá forgangsröðun sem Global Reporting Initiative (GRI) setur fram. Í meira en áratug hefur Bláa Lónið gefið út ársskýrslu fyrirtækisins sem nær bæði til fjárhagslegra upplýsinga og annarra ófjárhagslegra upplýsinga.

Síðustu fjögur árin hefur ársskýrslan gengist undir enn frekari betrubætur og er nú gerð með skírskotun í staðla Global Reporting Initiative (GRI Standards), með sérstakri áherslu á samfélagsábyrgð fyrirtækja. Stofnunin er ekki rekin í hagnaðarskyni og stuðlar GRI með virkum hætti að fjárhagslegri sjálfbærni og er víðkunn sem einn af virtustu stöðlum heims fyrir skýrslugjöf um samfélagsábyrgð fyrirtækja. Árið 2022 kynnti GRI endurskoðaða útgáfu af al-

Kröfur GRI

Síðasta skýrsla gefin út	2024 fyrir árið 2023
Skýrslutímabil	Janúar 2023 til desember 2023
Tilkynningatíðni	Árlega
GRI staðlar	Sjá viðmið GRI

Flokkunarkerfi Evrópusambandsins (EU Taxonomy)

Flokkunarkerfi ESB er gefið út af framkvæmdastjórn ESB til að skilgreina umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Það veitir sameiginlega umgjörð fyrir fjárfesta og segir til um hvaða fjárfestingarkostir eru taldir styðja við kolefnishlutleysi og Parísar-samkomulagið um loftslagsmál. Markmiðið með kerfinu er að flokka atvinnustarfsemi með tilliti til framlags til sex skilgreindra umhverfismarkmiða:

1. Mildun loftslagsbreytinga
2. Aðlögun að loftslagsbreytingum
3. Sjálfbær nýting og verndun vatns- og sjávarauðlinda

mennum stöðlum GRI og núverandi skýrsla var gerð m.t.t. þessarar uppfærðu útgáfu.

Þessi skýrsla er unnin með því að beita eftirfarandi meginreglum: **nákvæmni, jafnvægi, skýrleika, samanburðargrundvelli, heilleika, sjálfbærnisamhengi, tímanleika og sannpröfun.**

Þessi yfirlitsskýrsla fylgir almanaksárinu 2023 (jan.-des.) og er lögð fram samhliða ársreikningum Bláa Lónsins og dótturfélaga þess.

Skýrslan, gefin út í apríl 2024, þjónar sem mikilvæg heimild fyrir hluthafa sem leita innsýnar í árangur félagsins og ábyrga viðskiptahætti þess. Fyrir viðbótarupplýsingar um skýrsluna og innihald hennar er hægt að senda fyrirspurnir beint á sustainability@bluelagoon.is.

4. Umbreyting í hringrásarhagkerfi
5. Mengunarvarnir
6. Verndun og endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika og vistkerfa

Bláa Lónið leggur til beint framlag til umhverfismarkmiðs númer 4, þ.e. umbreytingar í hringrásarhagkerfi. Starfsemi fyrirtækisins er ekki skaðleg í tilliti hinna umhverfismarkmiðanna sem neinu nemur. Raunar er Bláa Lónið einstakt dæmi um hringrásarhagkerfi með fjölnýtingu endurnýjanlegra jarðhitauðlinda og sjálfbærri þróun. Frekari upplýsingar má sjá í umfjöllun um visthring jarðsjávar í Bláa Lóninu í kafla 9 í þessari skýrslu.


Flokkun atvinnuvega skv. EFRAG

Evrópska ráðgjafarnefndin um reikningskil (EFRAG) er einkarekinn ráðgjafahópur sem vinnur að því að skilgreina evrópska sjálfbærnisráðgjafastöðla (ESRS) til að útlista skilyrði um efni og innihald skýrslna sem fyrirtæki skulu skila varðandi umhverfis-, samfélags- og stjórnarhætti.

Til að dýpka skilning félagsins á umhverfisáhrifum þess og ýmsum málum sem lúta að sjálfbærni var síðasti birti staðallinn sem nefndin gaf út fyrir hina ýmsu geira atvinnulífsins rýndur.

Tvöföld áhrif

Aðferðafræðin sem kennd er við tvöföld áhrif sameinar skoðun á fjárhagslegum áhrifum og ytri áhrifum. Með birtingu á skýrslu yfir ófjárhagslega þætti í samræmi við GRI staðla leggur Bláa Lónið mat á ytri áhrif margvíslegra sjálfbærniþátta starfsemi sinnar.



Atvinnuvegir	Flokkar	Sjálfbærniatriði
Gististaðir	Matar- og drykkjarþjónusta Gisting og hótelpjónusta	Orkusamsetning og -nýting Innstreymi aðfanga Úrgangur og útblástur Fjárhagsleg áhætta Mengun vatns Mengun jarðvegs Vinnuáðstæður Persónulegt öryggi
Afþreying	Húsnæði	Orkusamsetning og -nýting Vinnuáðstæður Vörur og þjónusta

EFRAG atvinnuvegaflokkun (ESRS SEC1)

Fjárhagsleg áhrif	Ytri áhrif
Viðfangsefni sem snýr að sjálfbærni telst efnislegt frá fjárhagslegu sjónarhorni ef það hefur fjárhagsleg áhrif á fyrirtæki, með því að skapa áhættu eða tækifæri eða er líklegt til að hafa áhrif á framtíðarsjóðstreymi og hefur því áhrif á virði fyrirtækis til skemmri, miðlungs eða lengri tíma en kemur ekki fram í fjárhagsskýrslum á reikningssskiladegi.	Viðfangsefni eða upplýsingar teljast efnislegar frá sjónarmiði ytri áhrifa ef verkefnið sem á í hlut tengist raunverulegum eða hugsanlegum og verulegum áhrifum á fólk eða umhverfið og tengist sjálfbærniatriði til skemmri, miðlungs eða lengri tíma.

Evrópskir tilkynningastaðlar um sjálfbærni

Tilskipun um sjálfbærnisráðgjafur fyrir fyrirtæki (e. Corporate Sustainability Reporting Directive, CSRD) skyldar fyrirtæki innan ESB til að taka upplýsingar um flokkunarfræði ESB og yfirlýsingu ESRS (e. European Sustainability Reporting Standards) með í skýrslum framkvæmdastjórna sinna, frá fjárhagsárinu 2024. CSRD leggur til lagarammann og kvöð um skýrslugjöf en ESRS virkar sem vegvísir fyrir reglufylgni.

Bláa Lónið hefur gefið út sjálfbærnisráðgjafur síðan 2019 og framfylgir GRI stöðlum. GRI viðurkennir þörfina fyrir að hlíta kröfum ESRS og hefur innleitt GRI-ESRS-rekstrar-samhæfisskrá sem auðveldar samþættingu skýrslugjafar GRI og fyrirmæla ESRS. Í núverandi skýrslu er tenging á milli umfjöllunarefna og vísa ESRS í GRI skránni. Næsta skref er að gera GAP greiningu til að finna misræmi á milli núverandi skýrslu og krafna ESRS.

Helstu skref í þessu ferli eru m.a.:

- Að gera tvöfalt efnislegt mat til að finna efnisþætti sem taka þarf fyrir í skýrslugjöf
- Að ljúka við stöðumat gagna til að takast á við ósamræmi í tiltækileika gagna
- Að safna viðbótargögnum um umfjöllunarefni til að uppfylla kröfur ESRS
- Að gera ESG áhættumat til að finna mögulega áhættu og tækifæri
- Að meta stjórnarhætti, stefnumörkun, áhrifs-, áhættu- og tækifærastjórnun og mælingar og markmið fyrir umfjöllunarefni
- Að móta sjálfbærnisráðgjafur í samræmi við leiðbeiningar ESRS.

Með því að fylgja þessum skrefum miðar Bláa Lónið að því að auka gagnsæi og

nákvæmni í sjálfbærnisráðgjafur sínum auk þess að tryggja hlítu við reglugerðarstaðla ESRS og styrkja þannig ásetning sinn að stunda ábyrga viðskiptahætti.

ESG áhættumat

Að gera ESG áhættumat (umhverfis- og samfélagsmál og stjórnarhættir, e. Environmental, Social, and Governance) skiptir sköpum fyrir Bláa Lónið í því að stýra áherslum sínum í sjálfbærni á árangursríkan hátt. Ferlið er eins og áttaviti sem hjálpar fyrirtækinu að bera kennsl á mögulegar áskoranir og uppgötva ný tækifæri varðandi umhverfisáhrif, samfélagsábyrgð og stjórnarhætti.

Fyrir Bláa Lónið verður ESG áhættumat notað sem vegvísir sem undirstrikar styrkleika og mögulega veika bletti varðandi ábyrga viðskiptahætti. Þessi fyrirbyggjandi nálgun gerir fyrirtækinu kleift að skilgreina umbætur til að lágmarka hættur með virkum stýringum.

Í síbreytilegu umhverfi þar sem hluthafar meta gagnsæi og siðferði í viðskiptum er innleiðing ESG áhættumats stefnumiðuð nálgun. Það samstillir ekki aðeins fyrirtækið við alþjóðleg sjálfbærnimarkmið heldur styrkir líka áherslu á að stunda ábyrga viðskiptahætti. Þetta byggir upp traust bæði hjá innri og ytri hagsmunaaðilum og stuðlar að langtímaárangri.

Árið 2024 heldur fyrirtækið áfram að þróa ESG áhættumat á þeim efnislegu atriðum sem áður var bent á til að styðja við fjölbreytt sjálfbærnisráðgjafur. Þetta tryggir að tekist sé á við mögulegar áskoranir um leið og skilgreind eru tækifæri til að hafa jákvæð áhrif bæði á samfélög og umhverfi.

Áreiðanleiki gagna

Bláa Lónið fylgir skýrri vegferð í átt að aukinni sjálfbærni og gagnaöflunar. Lykilþættir þess eru eftirfarandi:

01

Fyrsta skrefið: Einbeittu teymi sjálfbærnisráðgjafur, sem kallast CSR nefnd, var komið á laggirnar. Starfsfólk tekur með virkum hætti þátt í sjálfbærnisráðgjafur og hlýtur fræðslu um mikilvægi sjálfbærni í starfsemi fyrirtækisins.

02

Hagsmunaaðilar auðkenndir og samráð haft við þá: Margvísleg tækifæri eru nýtt til að hlusta á sjónarmið hagsmunaaðila, t.d. með samtali, samráðsfundum og spurningalistum. Þetta ferli hefur aukið skilning félagsins á þörfum hagsmunaaðila.

03

Auðkenning og mat á áhrifum: Félagið hefur skilgreint og metið áhrif starfsemi sinnar á fjölmarga hagsmunaaðila, samfélagið og umhverfið. Það er síðan tekið fyrir og getur haft áhrif á heilstætt áhættumat félagsins.

04

Skilgreining og innleiðing á aðgerðum til umbóta: Aðgerðaáætlanir eru stöðugt endurskoðaðar til að draga úr skaðlegum áhrifum og hátt metin tækifæri nýtt til umbóta.

05

Samþætting við stjórnun, áætlanir og viðskiptalíkan: Niðurstöður áhættugreininga og viðeigandi stýringa hafa verið teknar inn í ákvarðanaferli og megin stefnu fyrirtækisins. Þá hefur viðskiptalíkan verið endurnýjað til að tryggja samræmi við sjálfbærnimarkmið.

06

Miðlun niðurstaðna, eftirlit og aðlögun: Gagnsæjar upplýsingar eru veittar með sjálfbærnisráðgjafur en í þeim er einnig að finna niðurstöður áhættumats og upplýsingar um þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í til umbóta.

Innri hagsmunaaðilar Bláa Lónsins	Ytri hagsmunaaðilar Bláa Lónsins
Stjórn (hluthafar) Forstjóri og framkvæmdastjórn Yfirmenn og starfsfólk Innri samningsaðilar	HS Orka Birgjar Gestir Viðskiptavinir Nærsamfélag Verkalýðsfélög Umboðsfyrirtæki – almannatengsl og markaðssetning Samkeppnisáðilar Opinber stjórnsýsla Umboðsaðilar – B2B samstarfsaðilar Stofnanir/samtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni Dreifingaraðilar húðvara Bláa Lónsins Ytri samningsaðilar

Nálgun Bláa Lónsins

Bláa Lónið styður við sjálfbæra þróun enda er sjálfbærni hluti af kjarna fyrirtækisins og uppsprettu auðlinda þess.



1. Umfang skilgreint

„Hvernig getur Ísland orðið að heimkynnum fólks sem dafnar á stað sem blómstrar um leið og náttúrunni er sýnd nærgætni með velferð og heilsu fólks um allan heim í huga?“


Þessi spurning er sprottin úr meðfylgjandi kringluriti og tekur mið af félagslegum væntingum og ábyrgð á heimsvísu með tilliti til efnahagslegra og félagslegra marka.

Ísland hefur fullan hug á að ná fram sjálfbærni bæði á heimamarkaði og á alþjóðavettvangi. Sjálfbærnimarkmiðin (SDG) hafa verið samþætt inn í stefnu stjórnvalda í félags-, efnahags- og umhverfismálum, með sérstakri áherslu á að byggja upp friðsælt og réttlátt samfélag sem laust er við ótta og ofbeldi.

Á landsvísu stefnir Ísland að því að viðurkenna og þjóna betur jaðarhópum í samfélaginu og byggja upp samstarf til að takast á við hið viðamikla umhverfisspor sem nútímalífsstíll hefur í för með sér. Ísland er enn áhrifavaldur í loftslagsbreytingum en stefnir á að ná kolefnishlutleysi í síðasta lagi árið 2040.

Á alþjóðavettvangi miðlar Ísland reynslu sinni og þekkingu í jafnréttismálum, endurheimt lands og nýtingu sjálfbærra náttúruauðlinda sjávar og orku í gegnum alþjóðlegt samstarf. Landið styður mannréttindi fyrir öll, jafnrétti kynjanna og eflingu kvenna.

*Heimild: sustainabledevelopment.un.org



Bláa Lónið fylgir þessum markmiðum Íslands enda gerir félagið sér grein fyrir hlutverki sínu við að styðja og efla sjálfbæra þróun. Allt frá stofnun hefur Bláa Lónið lagt ríka áherslu á samfélagsábyrgð sem þróast hefur í gegnum áratugina, jafnt innan fyrirtækisins og samfélagsins alls. Sjálfbærni tilheyrir kjarna fyrirtækisins og uppsprettu auðlinda þess. Félagið stefnir hvívetna á að hafa jákvæð áhrif á samfélagið, jafnt félagsleg sem umhverfisleg.

2. Mat á áhrifum

Árið 2022 lagði Bláa Lónið víðtækt mat á áhrifaþætti sína með hliðsjón af vettvangi fyrirtækisins í atvinnulífinu, viðskiptalíkani þess, starfsemi, vörum og þjónustu.

Bláa Lónið starfar á sviði vellíðanartengdrar ferðaþjónustu. Til að fá betri yfirsýn á starfsemi og áhrif tengd umsvifum félagsins var starfsemi greind samkvæmt EFRAG flokkuninni og þeim áhrifaþáttum sem þar eru tilgreindir.

Félagið fór yfir fyrirliggjandi gögn til að meta stefnur, starfsemi, vörur, ferla og virðiskeðju. Til að tryggja samanburðargrundvöll voru eldri sjálfbærnisráðgjafar hafðar til hliðsjónar. Afraksturinn var ítarlegur listi yfir atriði sem voru í framhaldinu metin af sérfræðingum sem og almennum notendum úr mismunandi hópum hagaðila.

Viðmið GRI

Samfélagsskýrsla Bláa Lónsins er gefin út í samræmi við GRI staðla fyrir tímabilið janúar 2023 til og með desember 2023.

Til hliðsjónar er GRI 1 Foundation 2021

Tenging mikilvægra þátta Bláa Lónsins við GRI staðla

2022-2024	GRI staðlar
Efnahagslegir þættir	Efnahagur (200)
<ul style="list-style-type: none"> Efnahagsleg og fjárhagsleg frammistaða Óbein efnahagsleg áhrif sem Bláa Lónið gæti haft á nærsamfélagið Spilling og samkeppnishamlandi hegðun Skattar Öflun og nýting auðlinda Staðbundin innkaup 	201 Efnahagsleg frammistaða 203 Óbein efnahagsleg áhrif 204 Innkaup 205 Aðgerðir gegn spillingu 206 Samkeppnishamlandi hegðun 207 Skattur p
Umhverfisþættir	Umhverfi (300)
<ul style="list-style-type: none"> Orkunýting Vatnsnotkun Áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika Útblástur og loftslagsbreytingar Endurvinnsla úrgangs Minnkun á einnota plasti 	301 Efni 302 Orka 303 Vatn og frárennsli 304 Líffræðilegur fjölbreytileiki 305 Losun 306 Úrgangur 308 Umhverfismat á birgjum
Félagslegir þættir	Samfélag (400)
<ul style="list-style-type: none"> Atvinna og fyrirtækjamenning Heilsa og öryggi starfsfólks og gesta Þjálfun og menntun Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri Mannréttindi Stuðningur við nærsamfélagið Frelsi til félagapáttöku og kjarasamninga Nauðungarvinna og barnaþrælkun Jafnræði 	401 Vinnumál 403 Vinnuvernd 404 Þjálfun og fræðsla 405 Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri 406 Jafnræði 407 Félagafrelsi og kjaraviðræður 408 Barnaþrælkun 409 Nauðungar- og skylduvinna 414 Félaglegt mat á birgjum 416 Heilsa og öryggi viðskiptavina 417 Markaðssetning og merkingar 418 Persónuvernd viðskiptavina

3. Samráð við hagaðila

Bláa Lónið þjónar breiðum hópi hagaðila og leggur áherslu á virkt samtal við hvern og einn svo betur megi móta sameiginlega sýn og tryggja að starfsemi félagsins sé í samræmi við væntingar hagaðila. Meðal þeirra eru starfsfólk, innlendir og erlendir gestir og viðskiptavinir, birgjar, verktakar og söluaðilar.

Sex þrepa ferli var fylgt til að raða málefnum í flokka fyrir sjálfbærnisráðgjafna:

01

Auðkenna hagaðila með innri greiningu út frá ferlum ISO 26000.

02

Skipta hagaðilum í hópa til að skipuleggja samvinnu við þá betur út frá markmiðum, samskiptaleiðum og öðrum þáttum.

03

Forgangsræða hópum hagaðila vegna mats á efnisþáttum

04

Þátttaka og samráð við hagaðila, leita upplýsinga um mikilvægi og væntingar varðandi efnisþætti

05

Lista upp viðeigandi efnisþætti sem verða metnir fyrir skýrslu um sjálfbærni

06

Safna gögnum og útfæra innihaldsefni sjálfbærnisráðgjafna

4. Efnisþættir fyrir samfélagsskýrslu

Að loknu samtali við hagaðila var listinn yfir efnisþætti uppfærður. Eftirfarandi er nýr listi samanboreið við þann eldri:

Efnislega mikilvægir þættir í rekstri Bláa Lónsins

2019-2021	2022-2024
Hagrænir þættir	Efnahagslegir þættir
<ul style="list-style-type: none"> Efnahagsleg frammistaða Sýnileiki á markaði Innkaupahættir 	<ul style="list-style-type: none"> Efnahagsleg og fjárhagsleg frammistaða Óbein efnahagsleg áhrif sem Bláa Lónið gæti haft á nærsamfélagið Spilling og samkeppnishamlandi hegðun Skattar Öflun og nýting auðlinda Staðbundin innkaup
Umhverfisþættir	Umhverfisþættir
Vinnuverndarnefnd Bláa Lónsins, sem samanstendur af átta meðlimum úr hópi starfsfólks og stjórnenda, hittist ársfjórðungslega. Á meðal ábyrgðarhlutverka nefndarinnar er áhættumat, stefnumótun, umfjöllun um atvik, tillögur að þjálfun og að tryggja reglufylgni. Nefndin hefur ekki ákvörðunarvald en tillögur hennar hafa mikil áhrif á ákvarðanir um öryggi. Allt starfsfólk á fulltrúa, sem tryggir að mismunandi sjónarmiðum sé komið á framfæri til að stuðla að öruggari og heilbrigðari vinnustað.

Þess utan sendir vinnuverndarnefndin minnisblað til framkvæmdateymisins einu sinni á ári þar sem bent er á það helsta sem hún hefur áhyggjur af varðandi heilbrigði og öryggi. Þannig stuðlar nefndin að gagnsæjum samskiptum og stöðugum öryggisumbótum.

Þjálfun starfsfólks varðandi heilbrigði og öryggi

Árið 2023 beindist þjálfun innan heilbrigðis- og öryggissviðs að vellíðan starfsfólks. Nýtt starfsfólk lýkur grunnnámskeiði í öryggismálum og skyldubundnu skyndihjálparnámskeiði. Sérniðin námskeið eru haldin fyrir gæslufólk og starfsfólk á hálendinu þar sem fjallað er um áhættu sem tengist baðlóninu og áskoranir tengdar óbyggðum. Neyðaráætlanir á netinu tryggja aðgengi og reglulegar æfingar styrkja viðbúnað. Á námskeiðum er farið yfir viðbrögð við ógnandi hegðun og þjófnað en með brunaæfingum er skerpt á rýmingarferlum. Þessi heildstæða nálgun miðar að því að skapa öruggt vinnuumhverfi og að styrkja starfsfólk í því að

takast á við neyðartilvik og hættuástand á árangursríkan hátt.

Skyndihjálparnámskeið eru haldin ann-an hvern mánuð og eftir þörfum fyrir nýtt starfsfólk. Sérniðin, endurgjaldslaus þjálfun er veitt í takt við hlutverk starfsfólks.

Bakgrunnur þjálfara er vandlega kannaður og námskeið eru í boði á íslensku og ensku en pólsku verður bætt við árið 2024. Sum námskeiðin eru skyldubundin á meðan önnur eru valkvæð. Matsaðferðir eru mismunandi og fela í sér próf og Moodup kannanir fyrir árangursríka endurgjöf.

Meðaltal þjálfunarstunda á starfsmann SKYLDUBUNDIÐ	0,75
Skyndihjálpar og björgun	160
Greining á hættu og mikilvægir stýristaðir (HACCP)	436
Heildarfjöldi SKYLDUBUNDINNA þjálfunarstunda sem fyrirtækið lét starfsfólki sínu í té	596
Heildarfjöldi starfsfólks fyrirtækisins	794
Meðaltal þjálfunarstunda á starfsmann EFLING HEILBRIGÐIS OG ÖRYGGIS*	0,56
Heildarfjöldi þjálfunarstunda EFLINGAR HEILBRIGÐIS OG ÖRYGGIS sem fyrirtækið lét starfsfólki sínu í té	438
Fjöldi starfsfólks í Svartsengi og á höfuðborgarsvæðinu	778

Efling heilbrigðis starfsfólks

Velferð starfsfólks er sett í forgang með því að veita aðgang að heilsugæsluþjónustu utan vinnustaðarins. Þjónustan felur í sér trúnaðarfundir með sálfræðingum, árlegt heilbrigðiseftirlit innanhúss, bólusetningu gegn influensu og aðgang að læknum í gegnum yfirmenn eða öryggisteymi. Skuldbindingin endurspeglar heildræna nálgun á heilbrigði og vellíðan starfsfólks.

Bláa Lónið leggur áherslu á alhliða velferð starfsfólks síns með valkvæðri heilsueflingarþjónustu. Reglulega eru í boði fyrirlstrar um streitustjórnun, betri svefn, næringu og að setja takmörk, til að takast

á við heilbrigðisáættu sem er ótengd vinnunni. Þessi valkvæðu námskeið styrkja starfsfólk í að taka jákvæðar ákvarðanir varðandi lífsmáta og lífa lífinu á heilbrigðari hátt og í meira jafnvægi. Skuldbinding Bláa Lónsins til heildrænnar velferðar nær út fyrir vinnustaðinn og býr til umhverfi þar sem starfsfólk er stutt til að taka virka ábyrgð á eigin heilsu.

Sjá sundurliðun á fríðindum og skipulögðum viðburðum fyrir starfsfólk hér á undan.

Heilbrigðis- og öryggisstjórnunarkerfi félagsins nær til alls starfsfólks, gesta og viðskiptavina.

Vinnutengd meiðsli og dauðsföll 2023	Heildarfjöldi atvika
Tegund vinnutengdra meiðsla sem tengjast starfsfólki	
Aðallega skrámur, mar og bólgur á hand- og fótleggjum	53
Tegund vinnutengdra meiðsla sem tengjast verkötökum og birgjum sem vinna á starfsstöðvum Bláa Lónsins	
Skurðir, blæðing á vinstri handlegg	1
Dauðsföll af völdum meiðsla	
Starfsfólk	0
Verktakar og birgjar sem vinna á starfsstöðvum Bláa Lónsins	0

Vinnutengt heilsuleysi 2023	Heildarfjöldi atvika
Vinnutengt heilsuleysi starfsfólks	0
Vinnutengt heilsuleysi verktaka og birgja sem vinna á starfsstöðvum Bláa Lónsins	0

Heilbrigði og öryggi gesta 2023

Í Bláa Lóninu er öryggi gesta í algjörum forgangi og margs konar ráðstafanir gerðar til að tryggja það. Skýrum öryggis-skilmálum og -reglum er miðlað og vel þjálfað starfsfólk er tilbúið að bregðast snarlega við öllum atvikum sem upp kunna að koma. Þjálfað gæslufólk er til staðar í öllum lónum og skyndihjálparherbergi með viðeigandi búnaði tryggja að tafarlaust

hjálp er nálæg. Öryggisverðir eru á vakt allan sólarhringinn og eftirlitsbúnaður í gangi fyrir aukið öryggi. Stöðug þrif bæði á nóttu sem degi tryggja hreinlæti. Starfsfólk gengst undir neyðarþjálfun og öryggisteymið stjórnar heildrænum áætlunum fyrir forvirka nálgun á öryggi gesta. Þetta undirstrikar markmið félagsins að tryggja öllum gestum örugga og eftirminnilega upplifun.

Meiðsli hjá gestum	Heildarfjöldi atvika
Aðallega skrámur, mar og bólgur á hand- og fótleggjum	15
Atvik vanefnda sem varða heilbrigðis- og öryggisáhrif af vörum og þjónustu	0

Mannréttindi

Bláa Lónið kappkostar að standa vörð um og tryggja mannréttindi í samræmi við innlenda og alþjóðlega staðla og leggur ríka áherslu á að auka vellíðan alls fólks.

Engin tilvik um brot á mannréttindum innan fyrirtækisins voru skráð 2023.

Samfélagsstyrkir (GRI 413)

Bláa Lónið styður við breitt svið verkefna sem tengjast íþrótt-, ungmenna- og menningarstarfi sem og heilbrigðis- og umhverfislegum umbótum fyrir nærsamfélagið.

Eftir undirskrift samstarfssamnings á milli Bláa Lónsins og Reykjanes UNESCO Global Geopark samþykktu fyrirtækin, sem og sveitarfélögin fjögur innan svæðisins, þar að auki að Bláa Lónið hrinti af stað umbótavinnu á aðstöðunni við Reykjanesvita. Þjónustumiðstöðin Reykjanes ehf., sem er að stærstum hluta í eigu Bláa Lónsins, stýrir þeirri vinnu.

Samfélagsverkefni og styrkir í ISK 2023

Verkefni	Gæðgæði	Prosent
Íþróttastarf	34.032.131	16%
Menning og fræðsla	38.147.928	17%
Heilsa	18.221.900	8%
Psoriasis	45.920.000	21%
Reykjanesviti	83.241.233	38%
Alls (ISK)	219.563.192	100%

Velta ISK	20.880.418.595
% af framlögum	1,05%

Félaglegt mat birgja

Ekkert mat var framkvæmt árið 2023.

Félagafrelsi og kjarasamningafrelsi (GRI 407)

Á Íslandi byggist vinnumarkaðurinn fyrst og fremst á kjarasamningum. Félagafrelsi, kjarasamningar og iðnaðarsambönd byggja á landslögum og Bláa Lónið starfar í fullu samræmi við þau.

Persónuvernd (GRI 418)

Bláa Lónið heldur utan um vinnsluskrár, verklagsreglur, stefnur og eyðingu gagna í samræmi við kröfur GDPR fyrir bæði starfsfólk og viðskiptavini. Félagið fékk engar kvartanir eða sektarákvæði vegna þessa árið 2023.

Barnaþrælkun og nauðungarvinna (GRI 408, 409)**Barnaþrælkun**

Á Íslandi eru sérstök lög í gildi um störf barna og unglunga. Almenn taka stéttarfé- lög á málafloknum og koma í veg fyrir að barnaþrælkun eigi sér stað.

Eftirfarandi eru dæmi um reglur sem íslenskt stéttarfélag starfar eftir:

- Börnum yngri en 13 ára er ekki heimilt að vinna langan vinnudag á hverjum degi og geta í slíkum tilvikum aðeins tekið að sér mjög létt verk eins og í menningu, listum og íþróttaviðburðum.
- Börnum á aldrinum 13-14 ára er heimilt að vinna létt og örugg störf eins og þjónustu- störf.
- Unglingum á aldrinum 15-17 ára er heimilt að vinna flest störf nema þau sem eru talin hættuleg eða líkamlega mjög erfið. Þeim er óheimilt að vinna með hættuleg efni eða vélar.
- Næturvinna barna og unglunga er bönnuð.
- Samkvæmt lögum verða börn og unglingar (allt að 18 ára) að hafa tvo daga í frí á viku og 12-14 klukkustunda hvíld á sólarhring (14 klukkustundir fyrir 13-14 ára börn, 15 klukkustundir fyrir 15 ára unglunga sem stunda skyldunám og 12 klukkustundir hjá unglungum á aldrinum 15 til 17 ára).

- Vinna barna og unglunga verður að fara fram undir eftirliti einstaklings sem hefur náð 18 ára aldri.

- Foreldrar hafa eftirlitsskyldu gagnvart börnum sínum þegar þau koma inn á vinnumarkaðinn. Börnum allt að 18 ára er óheimilt að skrifa undir ráðningarsamning nema með samþykki foreldra sinna.

Nánar á vinnueftirlitid.is

Nauðungarvinna

Í Bláa Lóninu er enginn þvingaður til að sinna nauðungarvinnu. Öllum er frjálst að sinna störfum að eigin óskum með tilliti til tiltækra stöðugilda og faglegrar færni sem krafist er fyrir hverja stöðu.

Jafnræði (GRI 406-1)

Árið 2023 voru engin skráð atvik um mismunun né heldur þurfti að grípa til aðgerða þar að lútandi á árinu.

Markaðssetning og merkingar (GRI 417)

Bláa Lónið fékk engar kvartanir árið 2023 vegna misvísandi markaðsefnis eða merk- inga.

Efnahagstengdir þættir

Efnahagslegt framlag (GRI 201-1)

Efnahagslegt framlag	2023	2022
Til mannauðs	51%	53%
Til ríkisins	10%	9%
Til hluthafa	0%	0%
Til samfélagsins	1%	1%
Til birgja og verktaka	38%	37%
Alls	100%	100%

Beint efnahagslegt virði í milljónum ISK*	2023	2022	% vöxtur 2022-2023
Tekjur	20.880	15.879	24%
Rekstrarkostnaður**	6.411	5.066	21%
Laun og launatengd gjöld	8.676	7.102	18%
Arður til hluthafa	0	0	0%
Greiðsla vsk.	809	1.051	-30%
Fasteignagjöld	148	138	7%
Tollgjöld	100	83	17%
Tekjuskattur	717	0	100%
Samfélagsstyrkir***	219	105	52%
Efnahagslegt framlag alls	17.084	13.546	21%
Efnahagslegur ávinningur	3.796	-2.333	39%
Hlutfall af efnahagslegu framlagi	82%	85%	-4%

*Meðalgengi EUR/ISK = 149,14

**Án afskrifta

***Sjá GRI 413

Óbein efnahagsleg áhrif sem Bláa Lónið gæti haft á nærsamfélagið (GRI 203)

Lækningalind

Í mörg ár hefur fyrirtækið boðið Íslendingum náttúrulega meðferð við psoriasis í Lækningalind Bláa Lónsins án endurgjalds og ríkinu að kostnaðarlausu. Meðferðin er samþykkt af heilbrigðisyfirvöldum sem meðferðarvalkostur fyrir psoriasis sjúklinga.

Á síðasta ári veitti Bláa Lónið psoriasis sjúklingum, sem sjúkratryggðir eru á Íslandi, meðferð þeim að kostnaðarlausu rétt eins og undanfarin ár. Fjöldi meðferðarskipta á árinu voru tæplega 1.400.

Innkaup í nærsamfélaginu (GRI 204-1)

Innkaupahættir

Bláa Lónið skilgreinir staðbundna birgja sem þá er hafa löglegar höfuðstöðvar innan 80 km radíuss frá starfsemi Bláa Lónsins í Svartsengi. 80 km vegalengd er tilgreind í mati B Impact samkvæmt skilgreiningu þeirra á „staðbundnum birgjum“. Árið 2023 voru um 90% af heildarinnkaupum fyrirtækisins hjá íslenskum birgjum. Þar af voru rúm 97% birgja í innan við 80 km fjarlægð frá starfsemi Bláa Lónsins í Svartsengi. Auk þess voru um 20% þessara birgja innan Suðurnesja. Með tilkomu nýrra rekstrareininga, á borð við Kerlingarfjöll, verða innkaup næsta árs úr nærumhverfi endurskilgreind í samræmi við fleiri starfssvæði.

Svæði	Upphæð 2023 í evrum	%
Innan 80 km	28.917.760	77,3%
Suðurnes	7.411.241	19,8%
Innanlands, ekki Suðurnes	1.072.194	2,9%
Alls	37.401.195	100%

Jöfn samkeppni og gegn spillingu (GRI 205-3, 206-1)

Engin tilfelli tengd spillingu voru skráð árið 2023.

Skattlagning (GRI 207-2)

Bláa Lónið fylgir lagalegum kröfum um skattlagningu í samræmi við skattalagasafn ríkisskattstjóra. Sjá skattalagasafn.rsk.is.

Fjármálastjóri félagsins ber ábyrgð á útreikningum og greiðslum í samræmi við kröfur skattalaga. Búið er að skilgreina ferla Fjármálasviðs og þeir teknir út af óháðum þriðja aðila.

Félagið fylgir ávallt lagalegum kröfum eins og fram kemur í almennri stefnu félagsins.

Skattspor 2023	ISK	Hlutfall
Skattur og önnur launatengd gjöld greidd af launum starfsfólks	3.154.021.389	64%
Greiddur virðisaukaskattur	809.453.409	16%
Fasteignagjöld	148.724.400	3%
Tollgreiðslur v. framleiðslu	100.260.609	2%
Tekjuskattur	717.435.136	15%
Alls	4.929.894.943	100%

Áherslur í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Heimsmarkið	Framlag til mælikvarða
SDG 1: Engin fátækt	-
SDG 2: Ekkert hungur	-
SDG 3: Heilsa og vellíðan	3.4, 3.8
SDG 4: Menntun fyrir öll	4.4, 4.7
SDG 5: Jafnrétti kynjanna	5.1, 5.5, 5.c
SDG 6: Hreint vatn og hreinlætisaðstaða	6.3, 6.4
SDG 7: Sjálfbær orka	7.3
SDG 8: Góð atvinna og hagvöxtur	8.2, 8.3, 8.5, 8.6, 8.8, 8.9
SDG 9: Nýsköpun og uppbygging	9.4, 9.5
SDG 10: Aukinn jöfnuður	10.2, 10.4
SDG 11: Sjálfbærar borgir og samfélög	11.1, 11.2, 11.4
SDG 12: Ábyrg neysla og framleiðsla	12.2, 12.3, 12.4, 12.5, 12.6, 12.7, 12.8, 12.b
SDG 13: Aðgerðir í loftslagsmálum	13.1, 13.2, 13.3, 13.b
SDG 14: Líf í vatni	14.b
SDG 15: Líf á landi	15.2, 15.4
SDG 16: Friður og réttlæti	16.5, 16.6, 16.7
SDG 17: Samvinna um markmiðin	17.14, 17.17

Stefnur Bláa Lónsins

Meginstefna Bláa Lónsins

Gæði | Heilsa & Öryggi | Umhverfi & Sjálfbærni | Mannauður | Samfélagsleg ábyrgð
Stefna Bláa Lónsins er hið miðlæga leiðarljós félagsins, hin siðferðilega og stefnumarkandi hugmyndafræði rekstrar- og stjórnunarháttanna. Þar eru kjarnaðir fimm stefnuþættir sem ná yfir umhverfismál, heilsu og öryggi, mannauð, gæði og samfélagslega ábyrgð fyrirtækisins. Þessi stefna tekur til allra þátta starfsemi Bláa Lónsins og veitir yfirsýn yfir meginstoðir fyrirtækisins sem sjá til þess að Bláa Lónið er í senn hvetjandi vinnustaður, þekkt miðstöð rannsóknna og læknismeðferða, framleiðandi lífvirkra húðvara, heilsulind á heimsmaðli-
kvarða og fyrirmynd á sviði sjálfbærni.

Umhverfi

Umhverfi okkar er heilagt. Við leitumst stöðugt við að rækta og hlúa að sambandi manns og náttúru og tryggja að það sé ávallt í fullri sátt. Þessi viðleitni er meitluð í setningunni „samfélag án sóunar“ og birtist í sjálfbærum, kolefnishlutlausum og plastlausum rekstri Bláa Lónsins.

Heilsa og öryggi

Í grunninn gengur starfsemi Bláa Lónsins út á að búa til minningar. Á meðan ánægja er lykilatriði er heilsa og öryggi í öndvegí. Líkamleg og andleg vellíðan starfsmanna okkar, gesta og viðskiptavina er í fyrirrúmi í starfsemi okkar. Með árvekni sem hverfist um „öryggi ávallt“, viðbragðsstýringu allan sólarhringinn, og fyrirtækjamenningu sem hvetur til gagnkvæmrar umhyggju og virðingar, tryggjum við heilbriggt og öruggt umhverfi fyrir bæði starfsmenn og gesti.

Mannauður

Fólkið er verðmætasta auðlind Bláa Lónsins. Fyrirtækið leitast við að skapa nærandi og dýnamískan vinnustað sem grundvallast á jafnrétti, nýsköpun, umhyggju, virðingu, trausti og teymisvinnu. Hver starfsmaður

fær tækifæri til að auka þekkingu sína og nýta möguleika sína til að vaxa, með persónulegum og faglegum hætti. Fyrirtækið leggur um leið áherslu á mikilvægi heilbrigðs jafnvægis milli vinnu og einkalífs.

Gæði

Bláa Lónið leitast við að bjóða gestum sínum og viðskiptavinum vörur, þjónustu og upplifun í hæsta gæðaflokki og skapa þannig ógleymanlegar minningar. Við náum þessu markmiði með stöðugum umbótum, nýsköpun, aðlögun og öflugum gæðaeftirliti. Stöðug sókn okkar að framúrskarandi árangri knýr okkur til að fara fram úr væntingum viðskiptavina okkar um leið og við umbreytum veikleikum í styrkleika.

Samfélagsábyrgð fyrirtækja (CSR)

Bláa Lónið er fyrirmynd meðal fyrirtækja á öllum sviðum starfseminnar og uppfyllir eða fer fram úr öllum kröfum sem lög og reglugerðir kveða á um. Með fimm gildum Bláa Lónsins – *Við sýnum umhyggju, við sýnum virðingu, við veitum gleði, við veitum innblástur og við búum til minningar* – grundvallast nálgun fyrirtækisins á mannréttindi, sem og aðgát þegar kemur að félagslegum, efnahagslegum og umhverfislegum áhrifum rekstrar síns. Þá hafa vísindarannsóknir verið aðalsmerki hugmyndafræði Bláa Lónsins frá stofnun þess. Við erum stöðugt að auka við þekkingu á náttúruauðlindum okkar og deilum niðurstöðum opinskátt. Með áherslu á sjálfbærni, upplýsingagjöf og góðgerðarstarfs til stuðnings nærsamféluginu, stefnir Bláa Lónið að því að vera leiðandi á sviði vellíðunar.

Þegar allt kemur til alls skapar samspil og samruni þessara fimm þátta alltumlykjandi hugmyndafræði sem kjarnast í virðingu fyrir umhverfinu, heiðarlegum og samheldnum vinnustað, forgangi heilsu og öryggis, hæstu viðmiðum fyrir þjónustu og vörur,

og óbilandi metnaði til að skapa ógleymanlegar minningar og vera eftirsóttasti áfangastaður veraldar.

Gæðastefna

Bláa Lónið er á heiðurslista National Geographic sem eitt af 25 undrum veraldar. Við leitumst í hvívetna við að ná afburða árangri í starfi okkar þegar við veitum viðskiptavinum um allan heim gæðavöru og þjónustu. Um leið erum við í stöðugri aðlögun að sístækkandi markaði fyrir vellíðan og aukin lífsgæði.

Stöðugar umbætur

Við hlustum á óskir viðskiptavina okkar og aðlögun vinnu okkar stöðugt að þeim. Þannig auðgum við upplifun þeirra. Við leitum til hagsmunaaðila okkar og aðlögunum og bætum rekstrarumhverfið til samræmis við ábendingar þeirra. Við drögum úr úrgangi í öllum okkar ferlum með því að auka skilvirkni og framléiðni með sjálfbærum hætti í starfsemi okkar, um leið og hlúð er að teymisvinnu og öflugum starfsanda.

Gæðatrygging

Við viðhöldum virkum gæðastýringum með öflugum gæðaeftirliti til að sporna við göllum og frávikum í vörum okkar og þjónustu. Við treystum á stjórnkerfi okkar og stöndum vörð um áreiðanleika þess með reglubundnum skoðunum og uppfærslum. Þannig sköpum við verðmæti í sátt við náttúruna og tryggjum tiltrú viðskiptavina á gæðakerfi Bláa Lónsins.

Að skapa einstakar minningar

Við veitum þjónustu og bjóðum vörur sem fara fram úr væntingum viðskiptavina okkar og sköpum minningar sem vara alla ævi. Við erum öll hluti af þessu ferðalagi og upplifun viðskiptavina okkar er kjarni alls sem við gerum og segjum. Við erum eitt af undrum veraldar og við leitumst við að veita eftirsóttustu upplifun sem þekkist.

Heilsu- og öryggisstefna

Öruggt og heilsusamlegt umhverfi er grundvöllur þess að skapa einstakar og varanlegar minningar. Þessi stefna miðar að því að tryggja öryggi, vellíðan og jákvæða upplifun til handa hverjum

starfsmanni sem og gesti. Við byggjum sífellt upp ófrávikjanlega öryggismenningu innan fyrirtækisins þar sem innblásturinn og leiðarljósið eru gildin okkar: Við sýnum umhyggju; Við sýnum virðingu; Við veitum gleði; Við veitum innblástur og Við sköpum minningar.

Árvekni

Við hvetjum til áhættumeðvitundar til að lágmarka áhrif af mögulegum hættum í umhverfi okkar. Með „öryggi ávallt“ hugarfar í öndvegi metum við áhættur, og innleiðum og viðhöldum fyrirbyggjandi stýringar með öflugri þjálfun, hreinlæti, viðhaldi, samskiptum og grunnorsakagreiningu.

Viðbragð

Með kerfisbundnu eftirliti og aðstoð við allar starfseiningar gerum við öryggi og öruggleika að ófrávikjanlegum hluta af daglegri starfsemi. Með þjónustu- og þekkingarmiðstöð sem er í stöðugri þróun og opin allan sólarhringinn tryggjum við að viðbrögð við neyðartilvikum séu skilvirk og áhrifarík. Við erum ávallt reiðubúin og til taks.

Að sýna umhyggju

Öll berum við ábyrgð á eigin öryggi og annarra í kringum okkur og leitumst ávallt við að skilja og meta helstu áhættur í umhverfi okkar. Um leið og við mótum í sameiningu menningu þar sem öryggi, virðing og umhyggja eru viðvarandi á öllum sviðum starfsemi Bláa Lónsins, þá komum við mikilvægum öryggisþáttum og áriðandi upplýsingum til skila innan fyrirtækisins og til gesta okkar.

Umhverfisstefna

Sjálfbær tengsl manns og náttúru er hornsteinn hugmyndafræði Bláa Lónsins og það sækir innblástur í kjörorð Auðlindagarðsins: samfélag án sóunar. Út frá því hafa fjöldinn allur af umbótaverkefnum sprottið sem ýta undir samfélagslegan vöxt í sátt við náttúruna í eftirfarandi flokkum:

Sjálfbærni

Við sýnum náttúruauðlindum okkar virðingu með því að nýta þær með skilvirkum hætti og draga úr sóun jafnt í framléiðslu sem þjónustu. Með því að leita stöðugt nýrra

leiða til að fullnýta náttúrulega auðlindastrauma jarðvarma bætum við upplifun viðskiptavinarins og mótum nýjar vörur. Með því að vernda og rannsaka hið náttúrulega vistkerfi Bláa Lónsins og viðhalda jafnvægi þess með vísindalegri nálgun stöndum við vörð um friðhelgi hins viðkvæma umhverfis okkar og hvetjum gesti okkar til að gera slíkt hið sama.

Kolefnisjöfnun

Með þekkingu aukum við skilning okkar á einstakri náttúru Bláa Lónsins og áhrif okkar á umhverfið. Við bjóðum viðskiptavinum okkar kolefnishlutlausu upplifun í Bláa Lóninu og allri okkar þjónustu. Við jöfnum út alla losun koltvísýrings og hlutleysum þannig áhrif okkar á loftslagsbreytingar og bjóðum gestum okkar upp á raunverulega sjálfbærar vörur, þjónustu og upplifun. Við leitum stöðugt nýrra leiða til að draga úr kolefnisspori okkar og auka sjálfbærni.

Plastlaus upplifun

Við drögum úr umhverfisáhrifum okkar með því að endurvinna og lágmarka sóun. Við stefnum á að bjóða viðskiptavinum okkar plastlausu upplifun, með útilokun á einnota plasti og notkun margnota eða umhverfisvænna umbúða og hráefna.

Við uppfylfum ávallt lagalegar kröfur og vinnum að stöðugum umbótum.

Samfélagsstefna

Samfélagsstefna Bláa Lónsins vísar til þeirra regluboða sem stjórna því hvernig fyrirtækið hagar sinni starfsemi svo tryggja meggi að öll starfsemi þess hafi jákvæð áhrif á samfélagið í heild. Stefnunni er ætlað að sjá til þess að fyrirtækið starfi siðferðilega. Þar er umhyggja fyrir mannréttindum í forgrunni en einnig full aðgát fyrir félagslegum, efnahagslegum og umhverfislegum áhrifum starfseminnar. Fyrirtækið uppfyllir eða fer fram úr grunnviðmiðum sem sett eru í viðeigandi lögum eða bestu starfsvenjum.

Sjálfbærni er miðpunkturinn

Sjálfbærni endurspeglast í hverjum hluta starfsemi Bláa Lónsins og sífelldri þróun þess. Sjálfbærni birtist í virðingu okkar hvert fyrir öðru jafnt og virðingu fyrir

umhverfinu. Gildi okkar eru, Við sýnum umhyggju, Við sýnum virðingu, Við veitum gleði, Við veitum innblástur og Við sköpum minningar. Þau eru samofin fyrirtækjamenningu okkar og eiga jafnt við um starfsfólk Bláa Lónsins og gesti þess.

Samfélagsábyrgð

Samfélagsábyrgð er veigamikill þáttur í starfsemi Bláa Lónsins. Frá stofnun hefur fyrirtækið fagnað sinni samfélagslegu ábyrgð og nálgast málefnið frá mörgum hliðum í samræmi við breytilegt umhverfi í viðskiptum og samfélagi. Markmið okkar er að tryggja að samfélagsábyrgð sé fléttuð inn í kjarnastarfsemi okkar og daglegan rekstur.

Við styðjum sjálfbærni á flestum sviðum starfsemi okkar og viljum viðhalda sambandi sem einkennist af sátt og samlyndi við samfélagið. Við stefnum að því að vera fyrirmynd innan ferðaþjónustunnar og vera öðrum leiðarljós hvað varðar samfélagslega ábyrgð fyrirtækja.

Starfsfólk

Verðmætasta auðlind Bláa Lónsins er starfsfólk þess. Það er grundvöllurinn að hinni einstæðu upplifun gesta okkar og framlag starfsfólksins tryggir áframhaldandi velgengni fyrirtækisins.

Hver einstaklingur í hópi starfsfólksins lítur á sig sem ógleymanlegan gestgjafa og leitast við að veita gestum okkar framúrskarandi þjónustu. Þjálfun og menntun starfsfólks er lykilatriði í velgengni Bláa Lónsins. Skýr þjálfunaráætlun veitir öllu starfsfólki jöfn tækifæri til að auka færni sína og bæta við þekkingu sína í starfi.

Líkamleg og andleg heilsa eru forsenda vellíðunar. Starfsfólk fær því drjúg tækifæri til að hreyfa sig reglulega. Auk þess býður fyrirtækið upp á árlegar læknisskoðanir og bólusetningar. Öll upplifun Bláa Lónsins og tengdir starfsferlar eru áhættumetin með tilliti til öryggis, heilsu og umhverfis og viðeigandi stýringum beitt til að lágmarka slyshættu. Fyrirtækið hefur skilgreint, skráð og framkvæmt neyðarviðbrögð við meiriháttar hættum í starfseminni. Frekari upplýsingar má lesa í Heilsu- og öryggisstefnu Bláa Lónsins.

Bláa Lónið leitast við að skapa starfs- umhverfi sem einkennist af jafnrétti og hefur tekið til noktkunar jafnréttisáætlun með það fyrir augum að meta starfsfólk á grundvelli verðleika þeirra án tillits til kyns, litarháttar, trúarskoðana eða annars. Bláa Lónið hefur frá 2018 verið vottað með ÍST 85:2012 Jafnlaunakerfinu, sem í daglegu tali kallast Jafnlaunavottun. Frekari upplýsingar má lesa í Mannauðsstefnu Bláa Lónsins.

Gestir

Við erum stöðugt að bæta upplifun gesta okkar um leið og við aukum skilvirkni og drögum úr umhverfisáhrifum. Við viljum auka ánægju viðskiptavina okkar með því að auka gæði þjónustu í takt við þarfir og óskir gesta. Við tryggjum öryggi og gæði alls framboðs okkar af vörum og þjónustu með reglulegu áhættumati í allri starfseminni. Við ábyrgjumst skýra og gagnsæja upplýsingagjöf til gesta okkar og notum til þess ekki eingöngu rafrænar boðleiðir heldur líka bein samskipti í upplifunarferlum viðskiptavina Bláa Lónsins. Frekari upplýsingar má lesa í Gæðastefnu Bláa Lónsins.

Umhverfið

Bláa Lónið starfar í fullu samræmi við íslensk lög og reglugerðir og leitar stöðugt nýrra leiða við að draga úr þeim áhrifum sem umsvif þess hefur á umhverfið, bæði í staðbundnu og alþjóðlegu tilliti. Með því að standa vörð um náttúru okkar, í samstarfi með öðrum fyrirtækjum og félagasamtökum, hlýtur nærsamfélag okkar ávinning um leið og við viðhöldum sjálfbærri þróun Bláa Lónsins. Fyrirtækið starfar í sátt við náttúruna og nálgun okkar miðast ávallt við að fullnýta auðlindastrauma með sjálfbærum hætti. Bláa Lónið er aðili að samstarfsverkefnum Reykjaness UNESCO Global Geopark en það verkefni hvetur til sjálfbærni um leið og það verndar og viðheldur náttúrulegu umhverfi Reykjaness. Frekari upplýsingar má lesa í Umhverfisstefnu Bláa Lónsins.

Samfélagsþátttaka

Bláa Lónið styður nærsamfélagið á Reykjanesi með margskonar góðgerðarverkefnum og styrkjum með áherslu á íþróttir og æskulýðsstarf, sem og menn-

ingar-, heilsu- og umhverfistengd verkefni. Undanfarna áratugi hefur Bláa Lónið sinnt vísindalegum rannsóknum á vistkerfi lónsins, sjálfbærni og lífvirkum eignum jarðsjávar. Með því að vera í fararbroddi þegar kemur að sjálfbærni aukum við stöðugt við þekkingu okkar á einstökum náttúruauðlindum sem mynda Bláa Lónið og þeirri þekkingu deilum við fúslega með nærsamfélaginu og á alþjóðlegum vettvangi. Virkni jarðsjávarins sem myndar Bláa Lónið og virknin sem felst í húðvörum Bláa Lónsins við meðhöndlun psoriasis er staðfest af vísindalegum rannsóknum. Þess vegna hafa náttúrulegar psoriasis-meðferðir Lækn-ingalindar Bláa Lónsins verið samþykktar af Heilbrigðisráðuneyti Íslands. Um árabíl hefur Bláa Lónið boðið nærsamfélaginu psoriasis-meðferðir þeim að kostnaðarlausu. Að auki verlar fyrirtækið vörur og þjónustu frá aðilum í nærsamfélaginu með það fyrir augum að auka sjálfbærni og að tryggja að framtíðarverðmæti starfseminnar sé að fullu nýtt til að vernda og viðhalda umhverfi og menningu á Reykjanesi.

Mannauðsstefna

Jarðsjórinn – uppsrettan að baki hinni sjálfbæru baðaðstöðu og vellíðan sem Bláa Lónið hefur upp á að bjóða – er ásamt starfsfólkinu okkar dýrmætasta auðlind. Við fögnum hverjum einstaklingi í hópnum og mikilvægu framlagi hans til að skapa andrúmsloft þar sem vellíðan og inngilding eru ríkjandi – þar sem allir eru metnir að verðleikum og njóta jafna tækifæra til að vaxa og nýta möguleika sína í starfi. Vinnusiðferði starfsfólks Bláa Lónsins er fastbundið í gildin okkar fimm – Við sýnum umhyggju, Við sýnum virðingu, Við veitum gleði, Við veitum innblástur og Við sköpum minningar – og þau eru mátarstólpar fyrirtækjamenningar okkar.

Framúrskarandi staður til að vinna hjá

Bláa Lónið er heilsulind á heimsmaelli-kvarða þar sem hver starfsmaður leitast við að vera ógleymanlegur gestgjafi og að hámarka upplifun gesta. Bláa Lónið vill skapa starfsumhverfi sem hvetur til nýsköpunar, virðingar, jafnréttis, umhyggju, trausts, teymisvinnu og starfsánægju. Bláa Lónið lætur sér annt um starfsfólk sitt og styður við heilsu þeirra og vellíðan á margan hátt.

Fyrirtækið leggur höfuðáherslu á jafnrétti og hvers konar mismunun, einelti og/eða áreitni er ekki liðin.

Rétta fólkíð

Bláa Lónið leggur áherslu á að ráða hæfasta fólkíð fyrir hverja stöðu í samræmi við ströng viðmið þegar kemur að ráðningum og aðlögunarferli. Félagsleg færni er nauðsynleg fyrir starfsemi Bláa Lónsins og meðal eiginleika sem fyrirtækið metur mikils eru framsækni, teymisvinna, frumleg og skapandi hugsun, hæfni í mannlegum samskiptum og móttækileiki fyrir breytingum og fjölbreytileika.

Fagleg þjálfun og þróun í starfi

Bláa Lónið leggur áherslu á mikilvægi þess að læra svo lengi sem lifir og stöðugar viðbætur við þekkingu, vöxt og færni með þjálfun og starfsþróunarverkefnum.

Við viljum stöðugt auka við færni starfsfólksins og sjálfstraust þess og gera þannig hverjum og einum kleift að láta ljós sitt skína. Ávinningur þjálfunar og símenntunar er metinn af til þess bæru fagfólki og með reglulegum könnunum meðal starfsfólks. Starfsþróun er hugtak sem á við hvern einasta starfsmann fyrirtækisins og allir njóta sömu tækifæra til að vaxa í starfi.

Öflug fyrirtækjamenning

Bláa Lónið leggur áherslu á jafnréttismenningu, fjölbreytileika starfsfólks, sterka samkennd, jafnvægi milli vinnu og einkalífs og öfluga forystu með skýra framtíðarsýn. Menning símenntunar er alltumlykjandi. Við erum óhrædd við að gera mistök svo fremi sem við lærum af þeim. Allt starfsfólk verður að standa saman um gildi fyrirtækisins, ástunda gott vinnusiðferði í verki, sýna áreiðanlegt og faglegt viðmót í hvívetna, virða samstarfsfólk sitt og leggja sitt af mörkum til mótunar og varðveislu öflugs liðsanda.

Jafnlaunastefna

Bláa Lónið leggur metnað sinn í að tryggja jafnrétti milli kynja og að hver starfsmaður sé metin á eigin forsendum óháð kyni, kynþætti eða öðrum órökstuddum viðmiðum þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar á vinnustaðnum.

Jafnlaunamarkmið Bláa Lónsins er að tryggja að fyllsta jafnréttis sé gætt á milli kynja hjá Bláa Lóninu, leitast er við að öll kyn skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Jafnlaunastefna Bláa Lónsins er órjúfanlegur hluti af launastefnu félagsins.

Umfang

Umfang jafnlaunastefnunnar tekur til alls starfsfólks Bláa Lónsins.

Ábyrgð og hlutverk

Bláa Lónið starfar samkvæmt jafnlaunakerfi sem nær til alls starfsfólks. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á framkvæmd og endurskoðun jafnlaunastefnu fyrirtækisins og að það standist lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Framkvæmd og rýni

Bláa Lónið skuldbindur sig til þess að:

- Vinna stöðugt að umbótum í mannauðsmálum til að tryggja jafnrétti allra hjá fyrirtækinu.
- Taka á móti ábendingum og kvörtunum og nýta til uppbyggingar og þróunar á mannauðskerfi og jafnlaunaviðmiðum Bláa Lónsins.
- Framkvæma launagreiningu einu sinni á ári þar sem borin eru saman sömu störf eða jafnverðmæt störf og þannig kanna hvort að mælist munur á launum eftir kyni.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Fylgja jafnlaunastaðli ÍST 85:2012
- Fylgja viðeigandi lagalegum kröfum sem hafa áhrif á jafnlaunakerfið og staðfesta árlega að þeim sé hlítt.

Launastefna

Hjá Bláa Lóninu ríkir virðing gagnvart ólíkum störfum. Markmið Bláa Lónsins er að hæfir starfsmenn veljist til starfa, að starfsmenn uni hag sínum vel og hafi metnað til að takast á við þau verkefni sem bíða úrlausnar.

Bláa Lónið fylgir þeim lögum og reglum sem í gildi eru á íslenskum vinnumarkaði.

Umfang

Umfang launastefnunnar tekur til alls starfsfólks Bláa Lónsins.

Ábyrgð og hlutverk

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á framkvæmd og endurskoðun launastefnu fyrirtækisins.

Framkvæmd

Bláa Lónið greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Umfang og eðli starfs hefur áhrif á laun og skulu laun ráðast af mörgum þáttum, svo sem reynslu, þekkingu, hæfni, ábyrgð, álagi, mannaforráðum, stjórnun, verkefnum, menntun, samstarfshæfileikum og sérhæfni.

Launaákvörðanir skulu vera gagnsæjar og málefnalegar. Mikilvægt er að laun taki mið af þeim kröfum sem starf gerir til starfsmanns með tilliti til ofangreindra þátta. Ákvarðanir um launabreytingar eru teknar af þeim sem umboð hafa til launaákvæðana í samráði við mannauðsstjóra sem tryggir að samræmis sé gætt í launa-greiðslum.

Starfslýsingar skulu vera til fyrir öll störf. Í starfslýsingu koma fram allir meginþættir starfs.

Launastefnu Bláa Lónsins er ætlað að styðja við farsælan rekstur félagsins.

Stefna gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustaðnum

Stefna þessi og viðbragðsáætlun er sett á grundvelli 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðum, og reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustaðnum.

Það er stefna Bláa Lónsins að starfsmenn vinni í anda samstarfs og sýni þannig samstarfsfólki sínu alltaf kurteisi og virðingu í samskiptum. Viðbragðsáætlun við einelti

og annarri sálfélagslegri áreitni er frekari útfærsla á því markmiði og gildir fyrir alla starfsemi Bláa Lónsins. Einelti og önnur sálfélagsleg áreitni, svo sem kynbundin og kynferðisleg áreitni og ofbeldi, verður undir engum kringumstæðum umborin. Jafnframt er meðvirkni starfsmanna í slíkum tilvikum ekki liðin.

Þessi stefna og viðbragðsáætlun nær til allra starfsmanna Bláa Lónsins hf., Icelandic Spa og Blue Lagoon Skincare, og einstaklinga sem starfa sem verktakar hjá fyrirtækinu. Stefnan gildir um hegðun í hvaða vinnusamhengi sem er, þar á meðal; félagslega viðburði, ferðir á vegum Bláa Lónsins, þjálfun, ráðstefnur styrktar af fyrirtækinu og á milli vinnufélaga utan vinnu. Sömuleiðis nær hún til atvika utan vinnustaðar þar sem starfsmenn eða aðrir sem stefnan nær til sýna af sér dómgreindarleysi vegna þessara þátta.

Bláa Lónið leggur áherslu á heilbriggt og öruggt starfsumhverfi þar sem gildin *We care, We bring joy, We respect, We Inspire* og *We Create Memories* eru í fyrirrúmi. Allt starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð á því að skapa jákvætt, hvetjandi og uppbyggilegt starfsumhverfi þar sem allir fá að njóta sín.

Skilgreiningar:

Skilgreining Bláa Lónsins á einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustaðnum er í samræmi við reglugerð nr. 1009/2015. Þar segir í 3.gr:

Einelti: Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

Kynbundin áreitni: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem í óþökk þess sem fyrir

henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og eða líkamleg.

Ofbeldi: Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis.

Önnur ótilhlýðileg háttsemi: Getur meðal annars falist í lítilsvirðandi framkomu, klámfenginni háttsemi eða snertingu sem þykir nærgöngul eða óviðeigandi.

Hegðun sem ekki telst ótilhlýðileg: Ágreiningur vegna verkefna, mismunandi skoðana eða ólíkra hagsmuna telst ekki vera óviðeigandi hegðun en ef slíkur ágreiningur magnast án þess að gripið sé inn í getur hann leitt til eineltis, áreitni og ofbeldis á vinnustað.

Jákvæðar athugasemdir og grín teljast ekki vera áreitni og eða einelti nema hegðunin sé óvelkomin, hvorki gagnkvæm né á jafnréttisgrundvelli.

Ennfremur er stuðst við eftirfarandi skilgreiningar:

Þolandi: Sá aðili sem verður fyrir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi. Þar til að rannsókn á máli er lokið er notast við hugtakið „meintur þolandi“.

Gerandi: Sá aðili sem beitir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi. Þar til að rannsókn á máli er lokið er notast við hugtakið „meintur gerandi“.

Framkvæmd áætlunar

Allar kvartanir vegna eineltis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni eða ofbeldis skulu kannaðar eins fljótt og auðið er og metin skal þörf bæði þolanda og geranda fyrir faglegan stuðning. Öll gögn er málið varðar eru vistuð á læstu drifi.

Bláa Lónið einsetur sér að virkja viðbragðsáætlun sína vegna eineltis, áreitni eða

ofbeldis eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að kvörtun berst. Sé kvörtunin munnleg þarf stjórnandi að skrá hana niður og skilgreina hvers eðlis hún er. Stjórnendum ber að taka öllum kvörtunum alvarlega og bregðast við samkvæmt verklagsferli.

Skyldur stjórnenda

Stjórnendur bera ábyrgð á því að grundvallarreglur samskipta á vinnustað séu virtar og að nýtt starfsfólk fái kynningu á stefnunni og viðbragðsáætlun Bláa Lónsins strax við upphaf starfs. Viðbragðsáætlunin er virkjuð verði stjórnendur varir við einelti, áreitni eða ofbeldi á vinnustaðnum, einnig ef ábending eða kvörtun berst frá starfsmanni um slíkt eða aðra ótilhlýðilega hegðun. Stjórnandi grípur til aðgerða gagnvart starfsmönnum sem brjóta gegn stefnunni, og kann það að leiða til áminningar, tilflutnings í starfi eða uppsagnar. Alvarleg atvik verða hugsanlega kærð að höfðu samráði við þolanda. Gerandinn verður látinn axla ábyrgð.

Stjórnendum Bláa Lónsins ber skylda til að skapa vinnuskilyrði sem bjóða ekki upp á hættuna á einelti, áreitni eða ofbeldi. Þeir bera ábyrgð á því að framfylgja þessari stefnu og viðbragðsáætlun og að öllum starfsmönnum sé kunnugt um hana.

Stjórnendum ber einnig skylda til að taka á málum í samræmi við viðbragðsáætlun þessa þegar þau koma upp og leita aðstoðar yfirmanns eða viðbragðsteymis Bláa Lónsins.

Skyldur starfsmanna

Starfsmönnum er óheimilt að leggja annan starfsmann/starfsmenn eða stjórnendur í einelti á vinnustað, áreita þá og/eða beita ofbeldi á vinnustað.

Starfsmaður sem telur sig hafa orðið fyrir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi á vinnustað, eða hafa rökstuddan grun eða vitneskju um slíka hegðun á vinnustað, skal upplýsa stjórnanda eða viðbragðsteymi Bláa Lónsins um það. Skal starfsmaðurinn jafnframt vera reiðubúinn að skýra mál sitt nánar skriflega. Skrifleg tilkynning verður jafnframt afhent meintum geranda til að tryggja gagnsæi og skýrleika.

Skráningarskylda Bláa Lónsins

Bláa Lónið skráir niður allt sem tengist meðferð máls og heldur hlutaðeigandi starfsmönnum sem og trúnaðarmanni vinnustaðarins upplýstum meðan á málsmeðferð stendur, meðal annars með því að veita þeim aðgang að öllum upplýsingum og gögnum í málinu, að teknu tilliti til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Þegar Bláa Lónið lítur svo á að máli sé lokið af vinnustaðarins hálfu mun Bláa Lónið upplýsa hlutaðeigandi starfsmenn um það. Óski hlutaðeigandi starfsmenn eftir að fá skriflega staðfestingu á að málinu sé lokið skal verða við þeirri beiðni, berist slík beiðni innan sex mánaða frá því að Bláa Lónið upplýsti um málslok af sinni hálfu.

Eineltis- og áreitnisteymi skipa:

Guðrún Lísá Sigurðardóttir,
gudrun.lisa.sigurdardottir@bluelagoon.is,
660-8831

Rósbjörg Jenný Magnúsdóttir
rosbjorg.jenny.magnusdottir@bluelagoon.is,
860-8970

Ægir Viktorsson
aegir.viktorsson@bluelagoon.is,
820-2885

Viðbrögð**Sjá nánar í Viðbragðsáætlun.**

Telji starfsmaður sig verða fyrir ótilhlýðilegri háttsemi af hendi samstarfsmanns/-a er mikilvægt að hann láti meintan geranda eða gerendur vita að honum mislíki framkoma hans/þeirra í sinn garð og óski eftir að slík hegðun endurtaki sig ekki. Ef starfsmaður treystir sér ekki til að koma slíkri ósk á framfæri við meintan geranda eða gerendur skal hann óska eftir aðstoð stjórnanda síns. Ef næsti stjórnandi er meintur gerandi skal starfsmaður leita til stjórnanda viðkomandi eða viðbragðsteymis.

Starfsmaður sem telur sig hafa orðið fyrir einelti, áreitni af einhverju tagi eða ofbeldi, eða hafa rökstuddan grun eða vitneskju um slíka hegðun á vinnustaðnum, skal snúa sér hið fyrsta til næsta stjórnanda síns eða viðbragðsteymis Bláa Lónsins og tilkynna um atvikið.

Ef næsti stjórnandi er gerandi málsins eða sinnir því ekki er lögð áhersla á að starfsmaðurinn snúi sér til stjórnanda viðkomandi eða viðbragðsteymis.

Þegar stjórnandi eða viðbragðsteymi fá vitneskju um einelti, áreitni eða ofbeldi skulu þeir bregðast við samkvæmt viðbragðsáætlun.

Gæta skal þess að vinnuáætlunir þolanda á meðan málsmeðferð stendur séu þannig að hann sé ekki útsettur frekar, njóti stuðnings og upplifi sig öruggan á vinnustaðnum.

Móttaka tilkynningar

Ef að starfsmaður tilkynnir að hann hafi orðið fyrir einelti, áreitni eða ofbeldi í starfi sínu er mikilvægt að fylgja verklagi í viðbragðsáætlun. Tilkynningin skal vera skrifleg. Afrit af tilkynningu er afhent meintum geranda/gerendum.

Mat á tilkynningu

Eftir samtal við starfsmann er viðbragðsteymi boðað á fund þar sem farið er yfir gögn og metið hvort þörf sé á að fara í formlega eða óformlega málsmeðferð. Ef um er að ræða minniháttar atvik þar sem hægt er að leiðrétta hegðun, með viðeigandi stuðningi, trúnaðarsamtali eða ráðgjöf, er um óformlega málsmeðferð að ræða. Ef atvikið er meiriháttar þar sem þörf er á ítarlegri rannsókn er um formlega málsmeðferð að ræða. Hafa ber í huga að óformleg málsmeðferð getur leitt til formlegrar málsmeðferðar. Mikilvægt er að upplýsa þolandann hvernig verður farið með málið á vinnustaðnum, þ.e. hvort málið fari í óformlegan eða formlegan feril.

Óformleg málsmeðferð

Viðbragðsteymi leitar upplýsinga hjá bæði þolanda og geranda í sitthvoru lagi og ræðir jafnframt við aðra málsaðila ef þörf krefur. Tilkynning þarf að vera skrifleg og meintum geranda er afhent afrit af tilkynningunni. Bæði þolandi og gerandi skulu njóta aðstoðar stjórnanda eða viðbragðsteymis við að leysa málið og að auki skal meta þörf fyrir utanaðkomandi aðstoð í formi sálfræðiaðstoðar eða ráðgjafar. Aðrir en þeir sem málið varðar innan vinnustaðarinnar eru ekki upplýstir um málið.

Viðbragðsteymi skal sjá til þess að styðja við bakið á beinum aðilum máls og efla öryggi þeirra með því að sjá til þess að viðkomandi aðilar þurfi ekki að eiga nema lágmarkssamskipti vegna starfa sinna.

Viðbragðsteymi veitir málinu eftirfylgni með því að fara yfir stöðuna eftir fyrirfram skilgreindan tíma sem viðbragðsteymi og þolandi hafa komið sér saman um, en gott er að miða við 2-4 vikur.

Ef ótilhlýðilegri háttsemi linnir ekki, eða ef upplýsingar um meiriháttar atvik koma fram í athugun, skal málið sett í formlegt ferli.

Formleg málsmeðferð

Ef atvikið er meiriháttar þar sem þörf er á ýtarlegri rannsókn er um formlega málsmeðferð að ræða. Sjá nánar í Viðbragðsáætlun

Gerð er hlutlaus athugun á málsatvikum. Rætt er við þolanda, geranda og aðra sem veitt geta upplýsingar um málið. Mikilvægt er að leita upplýsinga um tímasetningar og fá fram gögn ef einhver eru, s.s. tölvupósta, smáskilaboð eða annað.

Meðan athugun fer fram skal halda þeim sem ber fram kvörtun upplýstum um gang matsins og tryggja að hann og meintur gerandi þurfi ekki að hafa samskipti er varðar starfsemi vinnustaðarinnar.

Fundin er lausn sem m.a. getur falist í breytingum á vinnustaðnum, vinnubrögðum eða vinnuskipulagi. Málinu er síðan fylgt eftir og rætt við aðila þess að ákveðnum tíma liðnum og fylgst með samskiptum þeirra.

Ef einelti, áreitni eða ofbeldi er staðfest að lokinni athugun skal gripið til viðeigandi aðgerða til að stöðva atferlið sem átt hefur sér stað.

Aðgerðir gætu falist í eftirfarandi atriðum:

- Að gerandi iðrist gjörða sinna og leggi fram skriflega afsökunarbeiðni ásamt loforði um að slíkt gerist ekki aftur.

- Að gerandi verði færður til í starfi.

- Gerandi fær skriflega áminningu.

- Geranda er sagt upp.

- Þolanda og geranda er boðinn sálfræðistuðningur eftir því sem við á og þörf krefur.

- Ef könnun máls leiðir í ljós að ekki er um einelti, áreitni eða ofbeldi að ræða þarf samt sem áður að endurskoða félagslegt áhættumat vinnustaðarinnar og gerð úrbótaáætlun á grundvelli þess, ef við á.

Eftirfylgni

Nauðsynlegt er að fylgja málinu eftir hvort sem óformleg eða formleg leið er farin. Eftirfylgni felst m.a. í því að:

- Fylgjast með líðan og félagslegri stöðu geranda og þolanda.

- Veita geranda og/eða þolanda viðeigandi stuðning og hjálp.

- Meta árangur inngrips.

- Endurskoða inngrip ef ástæða þykir til.

Eftirfylgni miðar að því að tryggja bættu líðan þolanda og koma í veg fyrir að meint einelti, áreitni eða ofbeldi endurtaki sig.

Ábyrgð og endurskoðun

Viðbragðsteymi ber ábyrgð á að framfylgja stefnu þessari og viðbragðsáætlun. Einnig bera yfirmenn sviða ábyrgð á því að öllum ákvæðum áætlunarinnar sé framfylgt. Stefna þessi og áætlun skal kynnt öllum starfsmönnum og þeim leiðbeint hvert þeir geti leitað með einstök mál.

Viðbragðsteymi hefur eftirlit með framkvæmd og endurskoðun áætlunarinnar og skal hún metin og endurskoðuð á tveggja ára fresti. Ábendingum og tillögum varðandi áætlunina skal koma á framfæri við framkvæmdastjóra/viðbragðsteymi.

BLUE LAGOON